



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. október 2005 – 279. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Auknar ráðstöfunartekjur til kvenna

Edda Jónsdóttir, verkefnastjóri Kvennafrídagsins, hvetur fósturlandsins freyjur til að sameinast hinn 24. október.



MANNRETTINDI 18

### Mættur aftur

Eiður Smári stimplaði sig rækilega inn í lið Chelsea í gær með frábærum hálfleik gegn Bolton þar sem Chelsea skoraði fimm mörk.



ÍPRÓTTIR 22


### Rithöfundur ákærður

Á meðan Evrópusambandið tekur fyrir umsókn Tyrklands um fulla aðild að sambandinu er ráðist á grundvallarréttindi virtasta rithöfundar Tyrkja, segir Salman Rushdie.



UMRÆÐA 8

### VEÐRIÐ Í DAG



**AUSTANÁTT VÍÐAST FREMUR** hæg en þó má búast við strekkingi með vesturströndinni. Rigning sunnan- og austanlands og litilsháttar skúrir fyrir norðan. Hiti 5-12 stig.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL KVENNA 20-40 ÁRA

Innkaupastjórar heimilanna kjósa Fréttablaðið!

64%



44%



\*Lestur á sunnudegi samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005.

## Vatnsselgur á götum Hafnar í Hornafirði

Miðbær Hafnar í Hornafirði var umflotinn vatni í gær eftir mestu rigningarár manna minnum. Vatn flæddi víða í kjallara og hlutust af talsverðar skemmdir. Þar sem vatnið var mest náði það fullvöxnum karlmanni upp að nafla.

**FLÓÐ** Gríðarlegur vatnsselgur lék um miðbæ Hafnar í Hornafirði og næstu götur í gær og var ófært gangandi vegfarendum. Látlaus rigning var á Höfn og nágrenni frá morgni föstudags og fram undir kvöld í gær. Sólarhringsúrcoma á Akurnesi mældist 149 millimetrar. Slökkvilið og lögregla unnu hörðum höndum að því að dæla burtu vatni og bjóst lögregla við að sú vinna myndi standa langt fram á nótt.

Sjávarhæð var mikil í höfninni í gær og versnaði ástandið í bænum eftir háflóðið sem var upp úr klukkan fjögur.

Helgi Már Pálsson bæjarverkfræðingur sagði þrjá dælubíla og tvær stórar rafmagnsdælur hafa verið notuð til verksins og komu á annan tug manna að starfinu. „Það flæddi inn í tíu til fimmtán hús en okkur tókst að halda þessu í horfinu,“ segir Helgi Már. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var talsvert um skemmdir í kjöllum. Til marks um vatnshæðina þar sem hún var mest utanhúss má nefna að vatnið náði fullvöxnum karlmanni upp að nafla.

Lukka Magnúsdóttir hefur búið á Höfn síðan 1942 og man ekki annað eins. „Sonur minn sótti mig

áðan til að sýna mér þetta og það var nú bara skemmtilegt. Börnin voru öll komin út að busla í vatninu.“

Margir nýttu sér tækifærið til að bregða á lek. Sumir gripu sér ár í hönd og reru um bæinn. Börn busluðu í pollum og spurnir bárust af jeppamönnum sem létu reyna á tryllitækni.

Skemmtisýningin Rokk í fimmtíu ár var frumsýnd á Hótel Höfn í gær en að henni stendur Hornfiska skemmtifélagið. Aðstandendur og gestir létu ekki vatnsegginn á sig fá og ætluðu að skemmta sér fram á rauða nótt.

- jóa

## Fjórar rjúpnaskyttur gripnar: Skyttur án skotvopnaleyfa

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vík handtók í gær fjórar rjúpnaskyttur. Landeigandi hafði samband við lögreglu þar sem skyttur voru við veiðar í hans landi án heimildar. Mennirnir voru handteknir og færðir á lögreglustöðina á Kirkjubæjarklaustri, grunaðir um að hafa verið við veiðar án tilskildra leyfa og án heimildar landeiganda.

Við nánari skoðun kom í ljós að tveir mennanna voru ekki með veiðikort. Annar þeirra var með útrunnið skotvopnaskírteini og hinn ekki með skírteini meðferðis.

Lögreglan lagði hald á átta fugla sem mennirnir höfðu skotið. Einnig var lagt hald á skotvopn mannanna, einn riffil og fjórar haglabyssur.

Mennirnir voru allir teknir í skýrslutöku og yfirheyrslu en var sleppt að þeim loknum. Málið er enn í rannsókn og mun sýslumaður að henni lokinni taka ákvörðun um hvort ákæra verði lögð fram vegna málsins.

- jóa

## Inlandsforseti: Óttast gervihnattamyndir

**INDLAND, AP** Abdul Kalam Inlandsforseti hefur lýst yfir áhyggjum sínum vegna gervihnattamynda sem hægt er að nálgast á leitarvélum Google Earth.

Kalam segist óttast að myndirnar geti auðveldað hryðjuverkamönnum illvirki sín, en þeir geti með þessum hætti fengið loftmyndir af svæðum sem þeir ætli sér að ráðast á.

Google Earth vefsíðan veitir ókeypis afnot af gervihnattamyndum. Þær eru af misjöfnum gæðum, en hægt er að fá mjög nákvæmar myndir af sumum svæðum, meðal annars af þinghúsi Indlands og heimili Kalams.

Ráðamenn í Hollandi, Suður-Kóreu og Taílandi hafa lýst yfir svipuðum áhyggjum.

- smk



**RÓIÐ UM GÖTURNA** Óðinn Eymundsson hóteleigandi og Kristján Guðnason kokkur reru um götur Hafnar í gær. Lukka Óðinsdóttir, barnabarn Lukku Magnúsdóttur, fékk að fara með.

Forystuskipti í Sjálfstæðisflokknum á lokadegi landsfundar í dag:

## Geir H. Haarde tekur við

**STJÓRN MÁL** Geir H. Haarde utanríkisráðherra tekur við formennsku í Sjálfstæðisflokknum, stærsta stjórnmálaflokki landsins, á lokadegi landsfundar hans í dag. Geir verður áttundi formaður flokksins, sem stofnaður var 1929. Hann tekur við embættinu af Davíð Oddssyni, sem gegndi því í rúm fjórtán ár.

Geir hefur verið varaformaður Sjálfstæðisflokksins frá mars 1999 og verður kosið um eftirmann hans á landsfundinum í dag. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mennta-



málaráðherra hafa gefið kost á sér til starfans en samkvæmt lögum Sjálfstæðisflokksins eru allir flokksmenn í kjöri.

Kosning varaformanns hefst á landsfundinum klukkan 15.

Í dag verður einnig kjörið til miðstjórnar, stjórn málaályktanir verða afgreiddar og lýkur fundi með ræðu nýs formanns.

- bps / sjá síður 12 og 14

**GEIR H. HAARDE UTANRÍKISRÁÐHERRA** Er einn í framboði til formennsku í Sjálfstæðisflokknum.

**Haust útsala**  
Útsölnni lýkur á morgun!  
**15-50% AFSLÁTTUR**



## SPURNING DAGSINS

Er vínið vatnsþýnt hjá þér?

„Nei, við erum inni í tjaldi.“

Stéphane Auberg stóð fyrir franskri vinnuþrátt í rigningunni í Reykjavík í gær.

Mikil veisluhöld í Danaveldi í tilefni af fæðingu fyrsta barns Maríu og Friðriks:

# Krónprins Danmerkur fæddur

**DANMÖRK, AP** Tuttugu og einn skothvelliur glumdi um Kaupmannahöfn í gærmorgun þegar skotum var hleypt af fallbyssum í tilefni af fæðingu krónprins Danmerkur.

María krónprinsessa Danmerkur ól drenginn aðfaranótt laugardags á Ríkisspítala Kaupmannahafnar. Drengurinn, sem ætlað er að taka við stjórn elsta konungsríkis Evrópu í framtíðinni, kom í heiminn klukkan 1:57 að staðartíma, tveimur vikum fyrir tímann. Var hann 14 merkur og 51 sentimetri. Bæði móður og barni heilsast vel.

Friðrik prins, sem er 37 ára,

var viðstaddur fæðingu drengsins og klippti á naflastrenginn. Hann var í sjöunda himni á fréttamannafundi í gærmorgun og sagðist ekki geta lýst tilfinningum sínum.

Margrét Þórhildur Danadrottning heimsótti sjúkrahúsið í gær og sagði fréttamönnum að þó hún hefði ekki haldið á barninu hefði hún veifað til þess.

Nafn drengsins hefur ekki verið tilkynnt. Líklegt þykir að eitt fjögurra nafna hans verði Kristján samkvæmt hefð en síðan á sextánda öld hafa dönsku kóngarnir heitið annað hvort Kristján eða Friðrik.

- smk



**SVONA STÓR** Friðrik krónprins Danmerkur sýnir fréttamönnum hversu stór sonur hans er en drengurinn fæddist aðfaranótt laugardagsins.

MYND/AP

Hljóndi víðast hvar á landinu:

## 13 stiga hiti á Hafnarmelum

**VEÐUR** Hlýtt var í veðri víðast hvar á landinu í gær og mældist hitinn mestur á Hafnarmelum á Vesturlandi, þrettán stig á hádegis.

Víða fór hitinn í tólf stig, til dæmis á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík, en kaldast var á Vestfjörðum.

Hljóndunum fylgdu talsverðar rigningar, mestar á suðaustur horninu líft og flóðin á Höfn í Hornafirði bera með sér.

Sjónr bráðnaði víða í fjöllum og hálka síðustu daga heyrir sögunni til.

Áfram verður hlýtt í veðri næstu daga en Veðurstofan gerir ráð fyrir kólnandi veðri undir helgina.

- bps

Fylgi flokkanna í Reykjavík:

## D-listinn fengi tæp 46 prósent

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn fengi 45,9 prósent atkvæða ef kosið væri til borgarstjórnar í dag, samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Samfylking fengi 30,8 prósent, Vinstri grænir 14,8 prósent, frjálslyndir 3,2 prósent og Framsókn 2,9 prósent. Sjálfstæðisflokkur og Framsókn tapa tæpum tveimur prósentustigum frá síðustu könnun Félagsvísindastofnunar í ágúst, en aðrir flokkar bæta örlitlu við sig.

Könnunin var gerð dagana 6.-10. október. Stuðst var við 1.200 manna úrtak og var svarhlutfall tæp sjötíu prósent.

- bps

## NOREGUR

**Norðmenn iðrast áfengisneyslnar** Fjórdungur Norðmanna iðrast þess sáran að hafa einhvern tímann haft kynmök eftir að hafa drukkið of mikið áfengi, að því er dagblaðið Aftenposten hermír. Í sömu könnun kemur fram að tvær af hverjum þremur konum verða reglulega fyrir áreitni ölvaðra manna.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmælt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.



**GÆSIR BRENNÐAR** Rúmenskir lögreglumenn setja aligæs í ruslatunnu, en þúsundir alifugla voru aflífaðar eftir að upp komst um fuglaflensuveiru í landinu.

MYND/AP

# Banvæn fuglaflensa staðfest í Rúmeníu

Fuglaflensuveira sem banað hefur um 60 manns í Asíu hefur fundist í Rúmeníu, en sama afbrigði fannst í Tyrklandi í síðustu viku. Yfirvöld óttast að veiran geti stökkbreyst og valdið miklum skaða meðal manna um heim allan.

**RÚMENÍA, AP** Landbúnaðarráðuneyti Rúmeníu tilkynnti í gær að rannsóknir hefðu staðfest að fuglaflensuveira sem fundist hefur í fuglum í landinu sé af H5N1-afbrigðinu, sem getur borist í menn. Fuglarnir voru villtir og fundust dauðir við árósa Dónár, en í síðustu viku fannst þetta afbrigði veirunnar einnig í alifuglum í Tyrklandi.

Neyðarfundur var haldinn í gær á vegum yfirdýralæknisembættis Rúmeníu, landbúnaðarstofnana og innanríkisráðuneytisins. Landshlutinn þar sem fuglaveiran fannst hefur verið settur í einangrun, og eru allar bifreiðar sem ferðast inn í eða út úr svæðinu sótttheinsaðar.

Þó þetta afbrigði veirunnar sé afar smitandi meðal fugla er erfitt fyrir fólk að sýkjast af veirunni. Fólk sem látist hefur úr þessu afbrigði veirunnar hefur nær allt verið asískir alifuglabændur sem smitast hafa af því að meðhöndla sýkta fugla.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur skipað aðildarríkjum sínum að herða á aðgerðum gegn fuglaflensunni, en varar á sama tíma við ástæðulausum ótta þar sem veiran hefur enn ekki stökkbreyst. Stjórnvöld margra Evrópulanda velja því nú fyrir sér hvort banna skuli kjúklingabændum að hleypa fuglinum út og hefur landbúnaðarráðherra Rúmeníu

beðið alifuglabændur í landinu um að halda fuglum sínum inni. Skotveiðar hafa verið bannaðar á þeim svæðum þar sem fuglaflensa hefur fundist í Tyrklandi og í Rúmeníu og jafnframt hefur Evrópusambandið bannað innflutning alifugla og eggja frá þessum tveimur löndum.

Talið er að farfuglar beri veiruna og óttast er að hún muni finnast víðar á næstu vikum. Sérstaklega er talið líklegt að hún muni finnast vestar í Evrópu, í Mið-Austurlöndum og í Afríku, en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin minnir á að hætta á að fólk smitist af fuglaflensuveiru sé afar lítil.

smk@frettabladid.is



**DÝRATILRAUNUM MÓTMÆLT** Spjótm var sérstaklega beint að Tilraunastöðinni að Keldum sem nýlega keypti fjögur þúsund mys sem á verða gerðar ýmsar tilraunir.

Mótmæli á Lækjartorgi:

## Dýratilraunir eru forn máti

**MÓTMÆLI** „Við erum að mótmæla dýratilraunum á Íslandi,“ segir Tryggvi Guðmundsson dýravinnur, sem stóð að mótmælum á Lækjartorgi í gær. Tryggvi er félagi í nýstofnuðum samtökum sem heita Raddir málleysingjanna og berjast fyrir betri meðferð dýra og gegn tilraunum á þeim.

Nýlegar fréttir af kaupum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum á fjögur þúsund músunum til tilrauna voru tilefni mótmælanna í gær. „Það eru til betri leiðir til rannsóknna og tilrauna en að nota dýr. Þetta er frekar forn máti,“ sagði Tryggvi og lagði áherslu á að mótmælin væru friðsamleg.

- bps

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta á Reykjanesbraut** Bílvelta varð á Reykjanesbraut í gær. Þrír menn voru í bifreiðinni en allir sluppu með minni háttar meiðsl. Bifreiðinni var ekið eftir Hafnarvegi yfir á Reykjanesbraut og út af veginum með þeim afleiðingum að hún valt.

**Afskipti af rjúpnaskyttum** Lögreglan á Egilsstöðum þurfti í gær að hafa afskipti af rjúpnaveidimönnum þar sem bifreiðinni var ekið utan vega. Ökumaður fékk áminningu, en þar sem snjór var yfir öllu taldi hann sig ekki vera að valda skemmdum á landi.

## Dethleffs 2006 hjólhýsum fylgir ókeypis fortjald!



**Hausttilboð** okkar á 2006 árgerð

Dethleffs er óvenjugott. Öllum staðfestum pöntunum fylgir sem sagt ókeypis fortjald. Með því að panta núna er einnig hægt að velja aukabúnað og áklæði og fá hjólhýsið afhent algjörlega eftir sínu höfði.

**Hafðu samband, - þetta takmarkaða tilboð gildir aðeins í október.**



**GÍSL JÓNSSON**

Klethálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is

Hreindýrstarfar í hremmingum á fengitímanum við Flatey á Mýrum:

## Festust saman á hornunum

**DÝRALÍF** Í síðustu viku þurfti Sigurður Guðjónsson hreindýraleiðsögumaður í tvígang að losa hreindýrstarfa sem festust saman á hornunum eftir að hafa fengið gamlar vírgirðingar í hornin vestan við bæinn Flatey á Mýrum.

Í öðru tilfallinu þurfti að fella annan tarfann en sá var særður og illa farinn eftir girðinguna og með vír fastan um háls og kjaft.

Í báðum tilfellum brá Sigurður á það ráð að skjóta í sundur hornin til að losa tarfana í sundur og segir Jóhann G. Gunnarsson, eftirlitsmaður með hreindýrveiðum, að góða skyttu þurfi til.

„Það er erfitt, og getur verið hættulegt, að nálgast dýr sem föst eru saman en þau eiga til að tryllast þegar þau geta ekki losað sig. Oftast eru það tarfar sem festast saman, eftir að hafa fengið ónýtar girðingar eða trolldræsur og horn-



**FASTIR SAMAN** Fella þurfti einn tarfann af fjórum sem festust saman og einn er enn með vírdæsu fasta í hornunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

in, en þeir slá hornunum saman þegar þeir eru að berjast um hylli

kúnna á fengitímanum,“ segir Jóhann.

- kk

# OPIÐ, HÚS



Í tilefni af 100 ára afmæli Verzlunarskóla Íslands verður opið hús frá 13:00 - 17:00 sunnudaginn 16. október.

- > Kennarar og starfsmenn taka á móti gestum.
- > Veitingar á boðstólum.
- > Ýmsar sýningar sem tengjast skólalífinu fyrr og síðar.
- > **Vor unga stétt**, afmælisrit Verzlunarskóla Íslands liggur frammi á tilboðsverði. Áskrifendur geta sótt sitt eintak.
- > Nemendur flytja tónlist.
- > Allir velkomnir en eldri og yngri Verzlingar ásamt foreldrum núverandi nemenda eru sérstaklega velkomnir. Nemendur í 10. bekk eru einnig hvattir til að koma og kynna sér skólann.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIBLA 14.10.2005

## KAUP SALA

|     |                     |       |             |
|-----|---------------------|-------|-------------|
|     | Bandaríkjadalur USD | 61,12 | 61,42       |
|     | Sterlingspund GBP   | 106,9 | 107,42      |
|     | Evra EUR            | 73,25 | 73,65       |
|     | Dönsk króna DKK     | 9,811 | 9,869       |
|     | Norsk króna NOK     | 9,361 | 9,417       |
|     | Sænsk króna SEK     | 7,784 | 7,83        |
|     | Japanskt jen JPY    | 0,532 | 0,535       |
| SDR |                     | XDR   | 88,13 88,65 |

Gengisvísitala krónunnar  
102,9773

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



FRAMSÓKNARMENN Fjöldmenn var á fundinum á fimmtudagskvöld.

Framsóknarfélag í Reykjavík:  
Nýr formaður

**STJÓRN MÁL** Ingólfur Sveinsson var einróma kjörinn formaður Framsóknarfélags Reykjavíkurkjördæmis suður á aðalfundi félagsins á fimmtudagskvöld.

Ekki voru mikil átök á fundinum, eins og reiknað hafði verið með, meðal annars vegna þess að fyrr um daginn kom fráfarandi stjórn sér saman um tillögu að nýrri stjórn sem var kjörin. Fjöldmenn var á fundinum, en eftir því var tekið að greinilegt var að ekki allir þeir sem skráuðu sig í flokkinn nú í október mættu. - ss

Kristján Ra. Kristjánsson:

## Krafa í þrotabú tekin fyrir

**DÓMSMÁL** Tekin var fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag krafa Sparisjóðs Vestfjarða í þrotabú Kristjáns Ragnars Kristjánssonar, eins sakborninga úr Landssíma-málinu.

Björn Jóhannesson, lögmaður sparisjóðsins, segir deilt um hvers eðlis krafa sjóðsins sé, en hún sé til komin vegna láns til fyrirtækisins Lífsstíls, en veð hafði verið tekið í skuldabréfi sem Kristján átti. „Skiptastjórnin flokkaði okkar kröfu sem almenna kröfu, en við vildum meina að þetta væri veðkrafa og þessum ágreiningi hefur verið vísað til héraðsdóms,“ segir Björn.

Upphæðin sem um er að ræða í málinu nemur milli sjö og átta milljónum króna, en stærsti kröfuhafinn í bú Kristjáns vegna fjárdráttarins er Síminn. - óká

Þjóðaratkvæðagreiðsla í Írak um stjórnarskrárdrög í gær:

## Kjördagur hinn friðsælasti

**ÍRAK, AP** Fyrstu tölur yfir þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að stjórnarskrá Íraks á laugardag bentu til þess að kjörsókn hefði verið góð.

Kjörstöðum var lokað um klukkan fimm síðdegis í gær að staðartíma. Fimm títán milljónir manns af báðum kynjum voru á kjörskrá og fyrir kosningar var talið að fleiri myndu neyta atkvæðisréttar síns en gerðu í þingkosningunum í lok janúar, þar sem súnniár sniðgengu margir þær kosningar en ætluðu sér að taka þátt í þessum kosningum. Margir þeirra sögðust kjósa til að mótmæla afskiptum Bandaríkjanna af landinu.

Gríðarleg öryggisgæsla var í landinu í tilefni kosninganna, en uppreisnarmenn höfðu hótad að hindra þær og óttuðust bæði Írakar og Bandaríkjamenn að dagurinn gæti orðið afar blóðugur. Afar lítið var þó um árásir og reyndist dagurinn einn sá friðsælasti á seinustu mánuðum. Uppreisnarmenn réðust að fimm af 1.200 kjörstöðum í Bagdad og særðu sjö óbreytta borgara en eingöngu þrjár íraskir hermenn létust, þegar sprengja sprakk á vegi nærri Bagdad í gær.

Urslita þjóðaratkvæðagreiðslunnar er ekki að vænta fyrr en eftir nokkra daga. - smk



KOSNINGAR Í ÍRAK Kona brýtur saman kjörseðil sinn á meðan telpa bíður eftir föður sínum á kjörstað í Írak í gær. MYND/AP



NORÐLENSKAR GÆSIR Um síðustu mánaðamót var enn fjöldi gæsa á túnunum í Eyjafirði en verslunarstjóri Sjóbúðarinnar segir að norðlenskir veiðimenn fari líklega í síðasta gæsatúrinn á veiðitímabilinu nú um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AK

## Órói í veiðimönnum

Veiðimenn hafa áhyggjur af því að ekki verði hægt að skjóta gæsir á næsta ári ef fuglainflúensa breiðist út í Evrópu. Á næstu dögum verða tekin sýni úr farfuglum og eldisfuglum hér á landi til að kanna líkur á smiti yfir í alifugla.

**FUGLAFLÉNSA** Þóroður Helgason, verslunarstjóri Sjóbúðarinnar á Akureyri, segir nokkuð um að skotveiðimenn hafi áhyggjur af því að ekki verði hægt að veiða gæsir á næsta ári ef fuglainflúensan breiðist út um Evrópu.

„Norðlendingar eru enn að skjóta gæs og sumir hafa á orði að líklega verði þetta síðasta veiðitímabilið að sinni sem þeir þori að skjóta gæsina,“ segir Þóroður.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir þennan ótta ástæðulausan en Halldór Runólfsson yfirdýralæknir telur þó rétt að fylgjast vel með farfuglum sem til landsins koma næsta vor.

„Það er mikilvægt að veiðimenn láti vita ef þeir verða varir

við veika fugla en ennþá hefur ekki borið á því hér á landi,“ segir Halldór.

Embætti yfirdýralæknis, í samstarfi við sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun, er með í undirbúningi rannsókn á faraldsfræði fuglainflúensu á meðal farfugla og eldisfugla. Markmiðið er að afla þekkingar á útbreiðslu fuglainflúensunnar og kanna líkur á smiti frá villtum andfuglum yfir í alifugla hér á landi.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir ekki ákveðið hvar á landinu rannsóknin fari fram né hvenær en segir gagna verða aflað með því að rannsaka annað hvort blóð- eða saursýni úr fugl-

um. Hann telur þó ekki ástæðu til að óttast að hættulega inflúensuveiru sé að finna í þeim eldis- eða farfuglum sem nú eru á landinu en segir rannsóknina framkvæmda í varúðarskyni.

Fuglainflúensan hefur breiðst út um Asíu og er nú komin að landamærum Evrópu en staðfest hefur verið að afbrigði veirunnar, sem lifshættulegt er mönnum, H5N1, hefur greinst í Tyrklandi. Af því tilefni vill yfirdýralæknir benda fólki á að gæta ýtrustu varúðar á ferðalögum sínum erlendis og hafa í huga að algert bann er við innflutningi hrárra alifuglaafurða frá löndum þar sem fuglainflúensa herjar.

kk@frettabladid.is

Skjálftahrina úti fyrir Grímsey:

## Raskaði ekki svefni íbúanna

**JARBSKJÁLFTAR** Yfir 230 jarðskjálftar mældust um sextán kílómetrum austur af Grímsey, frá því síðdegis á föstudag og fram undir kvöld í gær.

Flestir urðu skjálftarnir frá klukkan fimm aðfaranótt laugardags og fram til tíu í gærmorgun og mældist sá sterkasti 3,5 stig. Skjálftarnir sáust aðeins á mælum Væðurstofu Íslands en fundust ekki í eygni.

„Við höfum ekkert fundið og sváfum þetta af okkur,“ sagði Sigrún Þorlákssdóttir, formaður Kvenfélagsins Baugs í Grímsey.

- bps

Verzlunarskóli Íslands:

## Hætt kominn í hnefaleikum

**SLYS** Nemandi í Verzlunarskóla Íslands var hætt kominn í hnefaleikakeppni sem þar var haldin á föstudag.

Þegar kom að annarri lotu var hann orðinn vankaður og kastaði hann upp. Var bardaginn þegar stöðvaður og maðurinn sendur í lækniaköðun. Að sögn Hrólfs Arnar Jónssonar, formanns íþróttanefndar, var nemandinn svo mættur í kennslustund skömmu eftir ófárinna.

Engin fleiri óhöpp urðu að sögn formannsins í þessari íþróttaviku skólans, sem lauk í gær á aldarafmælisdegi skólans. - jse



NÝI KRANABÍLLINN Slökkviliðsmenn æfa sig á nýja kranaþilinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AK

Slökkvilið höfuðborgarsvæðis:

## Í skýjunum

**SLÖKKVILIÐ** Slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu tók nýjan kranaþil í notkun á fimmtudag. Bíllinn er af gerðinni Scania Skylift. Kraninn er 34 metrar eða tveimur metrum lengri en krani gamla bílsins. Það var því ekki nema von að slökkviliðsmenn segðust vera í skýjunum með nýja bílinn þegar þeir voru að kanna möguleika hans niðri við höfn í Reykjavík í fyrradag.

Bíllinn kostaði 46 milljónir en nýverið seldi slökkvilið kollegum sínum á Akureyri einn kranaþil með 28 metra langan krana. - jse

Ævintýraheimur H.C. Andersen

# Klautar og Kóngsdætur

Frábær og fyndin fjölskylduskemmtun!

Sýning í dag kl. 14:00!

Miðasölusími: 551 1200

Miðasala á netinu: www.leikhusid.is

LEIKHÚSIÐ

**VEDURSPÁ**

Guðröður Arnardóttir  
Náttúrufraeðingur

Minni vindur!  
Það er heldur að lægja vind í dag og má búast við fremur hægum vindi nokkuð víða en strekkingu við vesturströndina. Það má helst reikna með rigningu á Suður- og Austurlandi og lítillhátar skúrum fyrir norðan. Hitinn er bærlegur áfram, á bilinu 5-12 stig, hlýjast austanlands. Á morgun dregur enn úr vindi en það má búast við vætu sunnan- og vestanlands áfram.

HORFUR Í HÖFUDBORGinni  
Austanátt og dálítill gjóla. Hitinn ætti að ná 10 stigum yfir daginn og gæti birt nokkuð til, jafnvel sést til sólar.

» á morgun

Fremur hæg austanátt og rigning með suður- og vesturströndinni. Hiti 5-12 stig.

» þriðjudagur

Hæg austlæg eða breytileg átt. Úrkomulítið.

|               |                |           |                |                 |                 |
|---------------|----------------|-----------|----------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 12°C heiðskirt | Paris     | 16°C heiðskirt | Alicante        | 23°C heiðskirt  |
| Osló          | 2°C heiðskirt  | Berlin    | 17°C heiðskirt | Milano          | 22°C heiðskirt  |
| Stokkhólmur   | 9°C heiðskirt  | Frankfurt | 14°C heiðskirt | New York        | 22°C rigning    |
| Helsinki      | 9°C heiðskirt  | Madrid    | 16°C heiðskirt | San Francisco   | 19°C léttskýjað |
| London        | 17°C heiðskirt | Barcelona | 19°C heiðskirt | Orlando/Florida | 30°C heiðskirt  |

\* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Allt í einni ferð

## Nóg af öllu



Nýjar  
vörur

Reebok dömu og herraskór  
**3995** kr.



Russel peysur  
**1595** kr.

Merkja  
vara



Carole Hochman náttfatnaður  
**1995** kr.



Oscar De La náttskyrtur 2 stk.  
**1995** kr.



Espirit náttbuxur 2 pk.  
**1899** kr.



Fila stuttbuxur og svítaband  
(hægt að snú stuttbuxum við)  
**1595** kr.



Donna Laren kvenboxer  
og toppar 2 sett  
**2995** kr.



Espirit toppar  
**1399** kr.

Bók nr. 2  
er komin  
í Nettó



Sudoku talnagátur  
**995** kr/stk

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.  
Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Nettó - Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

netto



## KJÖRKASSINN

Óttastu að fuglaflensan berist til Íslands?

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 75% |
| Nei | 25% |

### SPURNING DAGSINS

Er dómsmálaráðherra vanhæfur til að tilnefna saksóknara í Baugsmálinu?

Nýtt miðbæjarskipulag auglýst á Egilsstöðum:

# Strikið verður hjarta bæjarins

**AUSTURLAND** Bæjarstjórn Fljótshéraðs hefur auglýst nýtt miðbæjarskipulag á Egilsstöðum og frá og með 19. þessa mánaðar mun skipulagstillagan liggja frammi á skrifstofum sveitarfélagsins.

Þungamiðja nýs miðbæjar á Egilsstöðum verður Strikið; göngugata sem lögð verður rauðleitu slitlagi og liggja mun frá nýju menningar- og stjórnsýsluhúsi bæjarins, í gegnum allan miðbæinn og að almenningsgarði við suðurenda Striksins.

Í miðbænum er gert ráð fyrir stórum og smáum verslunum, margvíslegri þjónustu, skrifstofubýggingum, veitingahúsum,



**NÝR MIÐBÆR** Göngugatan Strikið mun liggja sem rauður þráður í gegnum allan miðbæinn.

hótelum og íbúðum. Umferð á að geta gengið greiðlega fyrir sig og fjöldi bílastæða mun aukast verulega frá því sem nú er.

Nýja deiliskipulagið er unnið

af hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækinu Arkís sem hreppti fyrsta sætið í samkeppni um nýtt miðbæjarskipulag á Egilsstöðum.

-kk

Fólskuleg líkamsárás:

## Reyndi að stela ófæddu barni

**BANDARÍKIN** Kona í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum barði þungaða nágrannakonu sína með hafnaboltakylfu í höfuðið, ók með hana út í skóg og reyndi að skera á kvið hennar til að ná ófæddu barninu út.

Unglingspiltur sem leið átti hjá hringdi á lögreglu, sem handtók konuna. Móðirin liggur þungt haldin á sjúkrahúsi en barninu heilsast vel. Það var tekið með keisaraskurði strax eftir árásina.

Árásarkonan hafði sagt sambýlismanni sínum að hún væri ófrísk en saksóknarar segja ekkert benda til þess að hún sé með barni. ■

Dómur Hæstaréttar:

## Leigusali fær bensíndælur

**DÓMSMÁL** Kona sem leigði olíufélaginu Skeljungu land og húsnæði í Kópavogi undir bensinstöð fær að eiga tanka og dælubúnað samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Hæstiréttur sneri í vikunni fyrri dómi Héraðsdóms Reykjaness frá því í desember í fyrra. Í leigusamningi var kveðið á um að „allt múr- og naglfast“ skyldi eign leigusala að leigutíma loknum og taldi Hæstiréttur að Skeljungur hefði átt að átta sig á að það myndi einnig eiga við um dælubúnaðinn.

Konan hafði greitt olíufélaginu fyrir búnaðinn með fyrirvara um lyktir málsins fyrir dómstólum. Samkvæmt dómi Hæstaréttar þarf Skeljungur nú að greiða konunni 5,5 milljónir króna, með fimm prósentu ársvöxtum frá árinu 2003, auk 800.000 króna í málskostnað.

-óká

Jarðskjálfti í Pakistan:

## Tugþúsundir létust í Kasmír

**PAKISTAN, AP** Yfirvöld í Pakistan hafa staðfest að nær 40.000 manns hafi týnt lífi í jarðskjálftunum í Kasmír fyrir viku og um 62.000 hafi slasast.

Yfirvöld óttast að tala látinna muni rísa, því hörmungarástand er á svæðinu, þar sem úrhellisregn, snjór og miklir kuldar þjaka þær tvær milljónir manna sem urðu heimilislaus við skjálftana, og hamlar veðrið björgunaraðgerðum. Fólkið hefst nú við undir berum himni eða í bráðabirgðatjaldborgum, og hafa yfirvöld sagt að helst skorti tjöld á svæðið, auk matvæla og lyfja.

-smk

# Stígamót kæra misnotkun á nafni sínu

Lögreglunni hefur borist kæra frá Stígamótum þar sem BM ráðgjöf er sökuð um að hafa á misvísandi hátt notað nafn Stígamóta í styrktarsöfnun. Stjórnarformaður BM ráðgjafar segir málið byggt á misskilningi.

**LÖGREGLUMÁL** Stígamót hefur lagt fram kæru til lögreglunnar um að nafn Stígamóta hafi verið notað í símastyrktarsöfnun sem ekki var á vegum samtakanna. Úthringingarnar voru á vegum fyrirtækisins BM ráðgjafar, sem sér um söfnun fyrir verkefni Blátt áfram. Það verkefni er á vegum Ungmennafélags Íslands en ekki á vegum Stígamóta.

Ólafur Geirsson, stjórnarformaður BM ráðgjafar, segir málið byggt á misskilningi.

„Það er ekkert sem liggur ekki opið hjá okkur. Við gefum út greiðsluseðla og erum með númerabirtingu á sínum sem hringt er úr frá okkur.“ Ólafur segir að þeir starfsmenn sem hringdu umrædd símtöl hafi starfað lengi hjá fyrirtækinu og að telja megi útilokað að starfsmennirnir hafi sagst vinna fyrir Stígamót.

„Það er enginn sem getur hafa haft einhvern fjárhagslegan ávinning af því að blekja svona,“ segir Ólafur. Aðspurður hver skýringin á málinu sé segir Ólafur það geta komið fyrir að fólk tengi umrædda söfnun við Stígamót þar sem málefnið sé lík. „Við biðjum þá afsökunar sem telja sig hafa fengið rangar upplýsingar,“ segir Ólafur. Hann segir BM ráðgjöf tilbúna að draga greiðsluseðlana til baka ef þessir einstaklingar gefi sig fram. Ólafur vill enn fremur leggja áherslu á að fyrirtækið hafi átt í góðu samstarfi við forsvarsmenn átaksins Blátt áfram og hafi aldrei starfað fyrir Stígamót.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir samtökin nú þegar hafa fengið fjórar tilkynningar þess efnis að verið væri að misnota nafn Stígamóta. „Við vitum ekki alveg umfangið á þessu. Það verður bara að skoða það í róleghættunum.“ Aðspurð hvort tekið



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR** Talskona Stígamóta segir fjórar vísendingar um að verið sé að misnota nafn Stígamóta.

hafi verið fram í símtölunum að hringt væri á vegum Stígamóta segir Guðrún að svo hafi verið „Í því liggur alvarleikinn,“ segir Guðrún: „Vonandi var þetta ekki meira en þetta en það er nóg til að við að sjálfsögðu bregðumst við því. Við verðum að tryggja það að velunnarar Stígamóta séu ekki blekktir. Og þess vegna tökum við

svona hluti alvarlega.“

Guðrún segir málum ekki þannig háttá að þau séu byggð á misskilningi: „Við erum búin að fá staðfestingu á að sagt var að söfnunin væri á vegum Stígamóta. Það er alveg á hreinu að var gert.“

Guðrún segir að kærnan standi enn en málið verði skoðað nánar eftir helgi. [johannas@frettabladid.is](mailto:johannas@frettabladid.is)

## TÖLVUNÁM

### Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri í tölvunotkun. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega og skipulega í námsefnið. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem máli skiptir til að koma byrjandanum vel af stað í notkun heimilistölvunnar.

Tvímælalaust okkar besti kostur fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í tölvunotkun. Sérlega hagstætt verð.

- Windows tölvugrunnur
- Word grunnur
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið frá kl. 9 – 12 eða kvöldnámskeið frá kl. 18 – 21. Kennsla hefst 24. okt og lýkur 5. des. Lengd: 60 stundir. Verð kr. 38.000,-

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa einhverja reynslu af vinnu við tölvur en þurfa að auka við öryggi sitt, þekkingu og færni.

- Windows XP skjalvarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur og skipulag.

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið frá kl. 9 – 12 eða kvöldnámskeið frá kl. 18 – 21. Kennsla hefst 25. okt og lýkur 8. des. Lengd: 63 stundir. Verð kr. 39.900,- (3 kennslubækur innifaldar í verði).



**Guðrún Jónsdóttir** Hjúkrunarfræðingur

„Ég notaði heimilistölvuna sáralítið og forðaðist hana. Fékk kjarkinn með Byrjendanámskeiðinu og nota tölvuna daglega núna, skrifa bréf, tölvupóst, leita á Netinu og er orðinn áskrifandi að öllum ferðaskrifstofunum á Netinu, nota heimabankann, skoða myndir í tölvunni ofl. Skemmtilegir og afslappaðir tímar í góðum félagskap voru atriði sem skiptu mig miklu máli þar sem langt er síðan ég var síðast í skóla.“



**TÖLVUSKÓLINN**  
**PEKking**

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Manntjón í Katalóníu í kjölfar úrhellis:

## Fjölbylishús hrundi í rigningu

**SPÁNN** Fimm norður-afrískir innflytjendur fórust og fjórir aðrir slösuðust þegar þrjúggja hæða fjölbylishús hrundi á Norðaustur-Spáni aðfaranótt laugardags. Húsið, sem byggt var á níttjándu öld, stóð í gamla hluta borgarinnar Piera nærri Barcelona og hrundi um klukkan 2:45 að staðartíma á meðan flestir íbúa þess sváfu.

Slökkviliðsmenn leituðu eftir eftirlifandi íbúum í húsarústunum í gær, en óvíst var hversu margir voru í húsinu þegar það hrundi. Flestir íbúar hússins voru innflytjendur frá Norður-Afríku og segja nágrannar að hópur múslima hafi komið saman í hús-

inu undanfarin kvöld til að borða einu máltíð dagsins, sem er siður á meðan föstumánuðurinn ramadan stendur yfir.

Tveir hinna særðu voru fluttir á sjúkrahús, en gert var að sárum hinna tveggja á staðnum. Hinir látnu voru allir karlmenn á aldrinum 20 til 55 ára. Verið er að rannsaka orsakir slyssins, en talið er að miklar rigningar í norðausturhluta Katalóníu undanfarrið eigi þar stóran hlut að máli.

-smk

**SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM** Fjöldi björgunarmanna starfaði við björgun fólks sem festist inni í byggingu sem hrundi í gær í Piera á Spáni.





# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Nokkrir stjórnálamenn hafa að undanfögnu haldið námskeið í fréttamennsku.

## Stjórnálamenn og fréttamat

Nokkrir stjórnálamenn hafa upp á síðkastið tekið sér fyrir hendur að halda opin námskeið í fréttamennsku. Á þessum námskeiðum hafa þeir reynt að kenna okkur hinum hvernig á að segja fréttir og hvernig á ekki að segja fréttir. Nokkur áhersla hefur verið lögð á að reyna að kenna okkur hvað sé frétt næmt en aðalkaflar námsefnisins snúast um hvað sé ekki frétt næmt.

Fréttufræði þessara stjórnálamanna er einföld og í óskamsfélaga þeirra væri létt verk og löðurmannlegt að innleiða boðskapinn þannig að allir meðtækju hann.

Helstu reglur eru þessar:

a) Það er frétt þegar helstu ráðamenn og vinir þeirra gera eitthvað gott og jákvætt.

b) Það er ekki frétt þegar helstu ráðamenn og vinir þeirra gera eitthvað slæmt og neikvætt.

c) Það er frétt þegar pólitískir andstæðingar helstu ráðamanna og vina þeirra gera eitthvað slæmt og neikvætt.

d) Það er ekki frétt þegar pólitískir andstæðingar helstu ráðamanna og vina þeirra gera eitthvað gott og jákvætt.

Eftir þessum reglum vilja nokkrir núverandi og fyrrverandi ráðherrar á Ríkisstjórn Íslands að fjölmiðlar fari. Í hópnun eru til dæmis Björn Bjarnason, Davíð Oddsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Árni Magnússon og Halldór Ásgrímsson hafa líka lýst skoðunum í þessa veruna.

Þessir stjórnálamenn virðast miður sín yfir að þeir tímar séu liðnir þegar ráðherrar réðu að hverju þeir voru spurðir í viðtölum og finnst ótækt að blaða- og fréttamenn skuli búa yfir sjálfstæðri hugsun og sjálfstæðum skoðunum á hvað sé frétt og hvað ekki.

Þetta fólk hefur einu sinni reynt að koma böndum á þá svívirðu sem þeir telja frjálsa fjölmiðlun vera og þar sem sú tilraun mistókst verður reynt aftur.

EKKI er öllum gefið að skilja hvers vegna þessum stjórnálamönnum er svo í mun að aðeins séu fluttar fréttir sem eru þeim að skapi en líkast til helgast það af því að þeir hafa eitthvað að óttast. Sannleiksástin rekur þá í það minnsta ekki áfram í baráttunni því fréttufræði þeirra hefur ekkert með sannleikann að gera. Hún snýst um að frá því einu sé sagt sem kemur þeim sjálfum vel. Um annað skal þagað.

Þorgerður Katrín endurtók enn einu sinni skoðanir sínar á þessum málum á landsfundum Sjálfstæðisflokksins á föstudag og er orð hennar að finna í Fréttablaðinu í gær. „Engu að síður er það alveg deginum ljósara af minni hálfu að þessum fjölmiðlum hefur verið beitt einhliða af hálfu eigenda blaðsins. Það er alveg á hreinu,“ sagði ráðherrann um Fréttablaðið og vísaði þar til fréttar þess um aðdraganda lögreglurannsóknarinnar á bókhalda Baugs.

Par með höfum við það og greinilega þarf ekki að eiga frekari orðastað við Þorgerði Katrínu menntamálaráðherra um málið.

Hún er enda trú fréttufræðum sínum en áður óbirtar staðreyndir um aðkomu helstu vina og samstarfsmanna Davíðs Oddssonar að undirbúningi kærðu á hendur Baugi flokkast jú undir reglu b. Það er ekki frétt þegar helstu ráðamenn og vinir þeirra gera eitthvað slæmt og neikvætt.

# Ljósi varpað á skuggahliðar Tyrklands

Úr vinnuherbergi rithöfundarins Orhan Pamuk er útsýni yfir Bospórussund, hið goðsagnakennda hafsvæði sem, allt eftir því hvernig kosið er að líta á það, aðgreinir eða sameinar - eða kannski aðgreinir og sameinar - Evrópu og Asíu. Erfitt væri að finna meira lýsandi vinnustað fyrir rithöfund sem í skrifum sínum gerir slíkt hið sama. Með hinum mörgu bókum sínum, hinar nýjustu eru hin lofaða skáldsaga „Snow“ (Knopf, 2004) og endurminningabókin: „Istanbul: Memories and the City“ (Knopf, 2005), hefur Pamuk gert tilkall til nafnbótarinnar „Mesti rithöfundur Tyrklands“, sem Yashar Kemal bar líklega áður.

Pamuk er einnig hreinskilinn maður. Til dæmis afþakkaði hann nafnbótina „ríkislistamaður“ árið 1999. „Um margra ára skeið hef ég gagnrýnt ríkisvaldið fyrir að varpa rithöfundum í fangelsi, fyrir að fara einungis valdboðsleiðina við að reyna að leysa vandamál Kúrda og fyrir þjóðernishyggju sem einkennist af þröngsýni,“ sagði hann. „Ég veit ekki einu sinni af hverju þeir reyndu að veita mér verðlaunin.“

Hann hefur lýst því yfir að Tyrkland hafi tvær sálir og hefur gagnrýnt þau brot á mannréttindum sem þar viðgangast. „Landfræðilega erum við hluti af Evrópu,“ segir hann, „en hvað pólitísk varðar veit ég ekki.“

Ég var með Pamuk í nokkra daga í júlí, á bókmenntaráðstefnu í hinum fallega brasilíska sjávarbæ Paratí. Þessa daga virtist Pamuk vera laus undan áhyggjum sínum, jafnvel þó líflátsótanir sem róttækir þjóðernissinnar sendu honum fyrr á árinu hafi neytt hann til þess að dvelja utan heimalands síns í tvo mánuði. „Hann ætti ekki að fá að draga andann,“ sagði einn þjóðernissinnanna.

En ófriðarskýin voru byrjuð að hrannast upp í júlí. Þau orð sem hann lét falla í samtali við svissneska dagblaðið Tages Anzeiger þann 6. febrúar 2005, sem höfðu verið orsök fyrir bræði þjóðernissinnanna, voru við það að orsaka frekari vandræði.

„Þrjátíu þúsund Kúrdar og ein milljón Armena voru drepnir í Tyrklandi,“ sagði hann við svissneska dagblaðið. „Næstum enginn þorir að tala um þetta nema ég.“ Hann átti við morð herflokka Ottómana á þúsundum Armena á árunum 1915 til 1917. Tyrkir neita ekki að morðin hafi átt sér stað en neita að það margir hafi verið drepnir að um þjóðarmorð hafi verið að ræða. Tilvísun Pamuks til „30.000“ fallinna Kúrda á við um þá Kúrda sem hafa fallið síðan 1984 í bardögum tyrkneskra herflokka og kúrdískra aðskilnaðarsinna.

Umræður um þessi mál hafa verið kæfðar með ströngum lögum, og hafa sumar þeirra leitt til langra málaferla, sekta og í nokkrum tilfellum fangelsisdóma. Hinn 1. september lagði saksóknari í héraðsdómi í Tyrklandi fram ákæru á hendur Pamuk þar sem hann var ákærður fyrir ummæli sín sem þóttu glæpsamleg, „gróf aðför að því sem tyrkneskt er“. Ef hann verður fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsisdóm.

Í DAG  
MANNRÉTTINDI Í  
TYRKLANDI



SALMAN RUSHDIE

„Einhver hefði haldið að tyrknesk stjórnvöld myndu forðast að ráðast svo gróflega á grundvallarréttindi virtasta rithöfundar síns á erlendri grundu á sama tíma og verið var að taka fyrir umsókn þeirra um fulla aðild að Evrópsambandinu, umsókn sem er mjög óvinsæl í mörgum Evrópulöndum, á fundi æðstu ráðamanna Evrópusambandsins.“

Í grein númer 301/1 í tyrkneskri refsilöggjöf, sem réttarhöldin yfir Pamuk byggja á, stendur: „Sá sem ljóslega fer móðgandi orðum um það að vera Tyrki, um tyrkneska lýðveldið eða um tyrkneska þingið skal vera dæmdur til allt frá sex mánaða til þriggja ára fangelsisvistar... Ef tyrkneskur ríkisborgari sem búsettur er erlendist gerist sekur um að fara móðgandi orðum um það að vera Tyrki skal refsingin aukin um þriðjung.“ Þetta þýðir að ef Pamuk verður fundinn sekur á hann yfir höfði sér að refsing hans verði aukin þar sem ummælin féllu utan Tyrklands.

Einhver hefði haldið að tyrknesk stjórnvöld myndu forðast að ráðast svo gróflega á grundvallarréttindi virtasta rithöfundar síns á erlendri grundu á sama tíma og verið var að taka fyrir umsókn þeirra um fulla aðild að Evrópsambandinu, umsókn sem er mjög óvinsæl í mörgum Evrópulöndum, á fundi æðstu ráðamanna Evrópusambandsins.

Þrátt fyrir að vera ríki sem hefur staðfest bæði alþjóðlegan sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og pólitískt réttindi sem og sáttmála Evrópusambandsins um mannréttindi, en í báðum þessum sáttmálum er litið á tjáningarfrelsi sem grundvallaratriði, þá heldur ríkisstjórn Tyrklands áfram að framfylgja refsilöggjöf sem brýtur skýrt og greinilega á þeim lögmálum sem felast í sáttmálunum, og hefur ákveðið, þrátt fyrir mótmæli um allan heim, hvaða dag réttarhöldin yfir Pamuk muni fara fram. Þau munu hefjast, að öllu óbreyttu, hinn 16. desember.

Að Pamuk sé gagnrýndur af tyrkneskum múhamedstrúarmönnum og róttækum þjóðernissinnum kemur ekki á óvart. Að árásarmennirnir óvirði bækur hans sem myrkar, óskýrar og sjálfhverfar, auk þess að væna hann um að vera búinn að selja sig Vesturlöndum, kemur heldur ekki á óvart. Það veldur aftur á móti vonbrigðum að verða vitni að því að menntamenn eins og Soli Ozel, dálkahöfundur og prófessor í alþjóðasamskiptum við

Bilgi-háskóla í Istanbul, gagnrýni „þá, einkum á Vesturlöndum, sem noti ákæruna gegn Pamuk til að ófrægja framfarir Tyrklands í átt til aukinna mannréttinda og í áttina að aðild að Evrópusambandinu.“ Ozel vill að fallið verði frá ákærunum á hendur Pamuk, og viðurkennir að ákæurnar séu brot gegn málfrelsinu, en hann kys frekar að undirstrika „þær framfarir sem hafa átt sér stað í landinu síðastliðinn áratug“.

Þessi rök eru að öllu leyti of veik. Sakfellingum og fangelsisdómum í sakamálu þar sem tekin eru fyrir meint brot á lögunum sem gera málfrelsi að refsiverðu athæfi, hefur reyndar farið fækkandi í Tyrklandi á síðastliðnum áratug, en gögn frá International Pen benda til þess að meira en 50 rithöfundar, blaðamenn og útgefendur í Tyrklandi eigi yfir höfði sér að réttu verði yfir þeim. Tyrkneskir blaðamenn halda áfram að mótmæla refsilöggjöfinni, og Alþjóðasamtök útgefenda sendu Sameinuðu þjóðunum bréf þar sem refsilöggjöfin er sögð „alvarlega gölluð“.

Umbóðsmaður Evrópusambandsins, Jose Manuel Barroso, segir að innganga Tyrklands í Evrópusambandið sé alls ekki tryggð, hann segir að til þess verði Tyrkland að vinna hug og hjórtu mestu efasemdarmannanna í þeim löndum sem eru aðilar að Evrópusambandinu.

Helstu stuðningsmenn umsóknar Tyrklands eru forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, og utanríkisráðherrann Jack Straw, sem vilja að innganga Tyrklands hafi fordæmisgjafi fyrir Evrópusambandið. Okkur er sagt að höfnun á umsókn Tyrklands væri mikill harmleikur sem myndi breikka enn frekar bilið á milli landa Ísland og Vesturlanda. Þessi ummæli eru víðlíka þvaður og við höfum heyrt áður frá Tony Blair, í þeim felst vilji, sem virðist byggður óþægilega mikið á félagshyggju, um að fórn tyrkneskri veraldarhyggju á altari þar sem ákvarðanir í stjórnálamum eru teknar á trúarlegum forsendum.

En umsókn Tyrklands er svo sannarlega prófsteinn fyrir Evrópusambandið: hún er prófsteinn á það hvort Evrópusambandinu sé ennþá stjórnað eftir einhverjum lögmálum. Ef það er svo munu ráðamenn Evrópusambandsins krefjast þess að fallið verði tafarlaust frá ákærunum á hendur Pamuk, það er tilgangslaus að láta hann bíða eftir því að réttlætinu verði framfylgt þar til í desember, auk þess að krefjast umbóta á refsilöggjöf Tyrklands.

Evrópa sem ekki hefur nein lögmál til að lifa eftir, Evrópa sem sneri bakinu við miklum listamönnum og baráttumönnum fyrir frelsi, myndi ugglast halda áfram að snúa bakinu við borgurum sínum, en vonbrigði þeirra hafa nú þegar komið skýrlega í ljós með atkvæðagreiðslunni um nýju stjórnarskrána. Því er verið að prófa Vesturlönd ekki síður en Austurlönd. Mál Pamuks skiptir því augljóslega máli beggja vegna Bospórussundsins.

Greinin hefur áður birst í New York Times.

2 fyrir 1  
**Barcelona**

23. eða 31. okt.

frá kr. **19.900**

Síðustu sætin

kr. **19.990**

Flug og skattar, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 23. eða 31. okt. og heim 27. okt. eða 3. nóv. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Barcelona í október. Þú kaupir 2 sæti en greiðir aðeins fyrir 1. Griptu tækifærið og skrepptu til Barcelona og njóttu þess besta sem Spánn hefur að bjóða.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri  
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF-TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLYSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Nicotinell®

Gott bragð til að hætta að reykja!



**Reyklaus**  
með Nicotinell



ARMARSON, TK - NIC-008-200505

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykningum. Það inniheldur nikótín sem losnar úr því þegar tuggið er, frásogast í munnum og dregur úr fráhrarfseinkennum þegar reykningum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega, til að vinna gegn reykningaböf. Skammtur er einstaklingsbundinn en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Einstaklingar með alvarlega hjarta og -æðasjúkdóma skulu rádfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Börn 15 ára og yngri skulu ekki nota lyfið nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Á Íslandi hafa konur verið í meirihluta í háskólanámi í 21 ár. Það leiðir að öllum líkum til þess að menntunarstig kvenna verði hærra en karla í náinni framtíð.

## Konur á dagskrá

Síðastliðinn föstudag var kallað til fundar í Þjóðmenningarhúsi Íslands þar sem kynntar voru niðurstöður nefndar sem ætlað var að kanna leiðir til að auka hlut kvenna í stjórnun íslenskra fyrirtækja. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Þór Sigfússon, formaður nefndarinnar, og Þórunna Jónsdóttir, sem starfaði með nefndinni og vann skýrsluna, kynntu niðurstöðurnar.

„Þegar við hófumst handa vorum við að hugsa þetta sem skoðun á því hvernig mætti auka tækifæri kvenna í íslensku viðskiptalífi. Eftir því sem á leið áttuðum við okkur á að þetta snerist miklu frekar um að auka tækifæri viðskiptalífsins,“ benti Þór Sigfússon á í upphafi fundarins og sagði að helsta viðhorfsbreytingin sem þarf að eiga sér stað væri að málefnið væri hugsað út frá hagsmunum fyrirtækjanna. Nefndin vann út frá því að með fjölgun kvenna í stjórnun væri á sama tíma verið að auka tækifæri íslenskra fyrirtækja til að bæta árangur sinn með því að nýta betur mannauð sinn og þá þekkingu og reynslu sem í konum býr.

### Ísland aftarlega á merinni

Ísland stendur öðrum löndum tölulvert að baki þegar kemur að fjölda kvenna í stjórnun fyrirtækja. Á það sérstaklega við þegar Ísland er borið saman við önnur Norðurlönd og á það bæði við um fjölda stjórnarsæta, 11,4 prósent á móti 16,5 prósent meðaltali, sem og hlutfall stjórna sem hafa á að skipa að minnsta kosti einni konu, 42 prósent á móti 63,4



ÞÓRUNNA JÓNSDÓTTIR, VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR OG ÞÓR SIGFÚSSON KYNNTU EFNI SKÝRSLUNNAR Fjölgun kvenna í stjórnun eykur tækifæri íslenskra fyrirtækja til að bæta árangur sinn með því að nýta betur mannauð sinn og þá þekkingu og reynslu sem í konum býr.

að meðaltali á Norðurlöndunum.

Það vakti sérstaka athygli nefndarinnar að hlutfall kvenna í stjórnun þeirra fyrirtækja sem eru skráð í Kauphöll Íslands er sérstaklega lágt. Því er öfugt farið í samanburðarlöndunum, þar sem hlutfall kvenna í skráðum fyrirtækjum er almennt hærra en hlutfallið í óskráðum félögum. Þegar fyrirtæki á aðallista Kauphallarinnar voru skoðuð kom í ljós að konur skipuðu 7,5 prósent stjórnarsæta, sex af 24 stjórnun höfðu einn kvenkynsstjórnarmann, tvær höfðu tvo en 16 stjórnir, eða 67 prósent, voru einungis skipaðar körlum.

### Fjölbreytileiki skilar betri árangri

Það eru ekki einungis jafnréttis- og lýðræðissjónarmið sem mæla með því að fjölga konum í áhrifastöðum innan fyrirtækja heldur líka markaðslegir og afkomutengdir þættir. Fjölgun þeirra getur leitt til þess að árangur fyrirtækja verði betri og verðmæti hluthafa aukist. Fjölbreytileiki í stjórnun skilar betri árangri þar sem ólík þekking, reynsla og hæfni leiða til aukinna skoðanaskipta og dýpri greiningar á málum, sem aftur leiði til betri ákvarðanatöku.

Bent hefur verið á að við-

skiptavinir margra fyrirtækja eru að stórum hluta til konur, kaupmáttur kvenna hafi vaxið og konur taka stærstan hluta af daglegum kaupákvörðunum. Því megi gera ætla að þátttaka kvenna leiði til ákvarðanatöku sem byggir á betri skilningi á þörfum og eðli markaðarins. Þetta styður við það sem ýmsar rannsóknir hafa sýnt að fyrirtæki sem setja framgang kvenna á dagskrá nái betri árangri og skili betri afkomu.

Á Íslandi hafa konur verið í meirihluta í háskólanámi í 21 ár. Það leiðir að öllum líkum til þess að menntunarstig kvenna verði hærra en karla í náinni framtíð. Hvort sem ástæðan er að konur veljist síður til stjórnunarstarfa eða að þær sækji síður í slík störf, er ljóst að fyrirtæki eru að fara á mis við þá þekkingu og krafta sem í þeim býr.

### Goðsagnir og klisjukenndar myndir hamla

Ástæður fyrir fæð kvenna í stjórnun eru margvíslegar. Margt bendir til þess að þeir sem nú sitja við stjórnvölinn sjái ekki nein sérstök verðmæti í því að leita eftir fjölbreytileika, þeim þyki staða mála ágæt eins og hún er í dag og veigri sér jafnvel við að taka þátt í umræðunni. Margar skýringanna tengjast vanmati og vantrú á konum, ýmist þeirra sjálfra eða annarra. Goðsagnir og klisjukenndar myndir tengdar konum og hlutverki kvenna virðast einnig vera hamlandi.

Skortur á aðgangi kvenna að tengslanetum er einnig talinn hamla framgangi þeirra í stjórnir og æðstu stjórnunarstörf. Þær skortir sýnileika og tækifæri til að byggja upp það traust sem til þarf. Inntökuskilyrði virðast jafnframt vera þröng og einsleit og til þess fallin að viðhalda ákveðnum hefðum og gildum í stað þess að auka hæfni stjórnar eða skilvirkni. Ákveðin áhætta virðist fylgja því að ráða konur þar sem menn vita hvað þeir hafa en ekki hvað þeir fá og vilja ekki rugga bátunum.

### Sex tillögur til úrbóta

Nefndin lagði fram sex tillögur að aðgerðum sem miða að því að efla fyrirtæki og atvinnulíf með því að fjölga konum í stjórn:

- 1) Efla og halda áfram umræðu um þekkingaröflun.
- 2) Að birta reglulega lista með upplýsingum um fjölda og hlutfall kvenna í stjórnun. Það er lítið til af upplýsingum en bein tengsl eru milli sjáanlegra upplýsinga og árangurs.
- 3) Að efla tengsl kvenna. Það er mikilvægt fyrir konur að efla tengslin, bæði við karla og sín á milli.
- 4) Að víkka leitaraskilyrði og sjóndeildarhring við skipanir í stjórnir. Þeir sem skipa í stjórnir þurfa að átta sig á að hæfni og kraftar kvenna eru til staðar.
- 5) Að hvetja fyrirtæki til að setja konur á dagskrá. Það er ekki nóg að biða eftir að eitthvað gerast. Það þarf að búa til umhverfi sem styður við og leitast við að nýta hæfni beggja kynja og þannig náum við fleiri í toppstöður.
- 6) Að fá karlmenn í áhrifastöðum til að gera málið að sínu. Þeir þurfa að átta sig á að þetta er ekki kvennamálefni heldur hagkerfisins og viðskiptalífsins.

### Lagasetning ekki spennandi kostur

Nefndarmenn voru sammála um að lagasetning væri ekki leiðin sem ætti að fara og hætta væri sú að tvær stjórnir verði til – alvöru stjórnir og opinbera stjórnir. Þau leggja áherslu á að raunveruleg hugarfarsbreyting eigi sér stað. Þetta er í takt við vilja aðila af báðum kynjum sem leitað var til við öflun gagnanna. Þeir voru í flestum tilfellum á móti lagasetningum þótt þess viðhorfs hafi gætt sums staðar að viðhorfsbreyting verði ekki nema einhverjum þvingunum sé beitt.

Það er sameiginleg skoðun þeirra Valgerðar, Þórs og Þórunnu að Ísland hafi alla burði til að vera í forystu á þessu sviði sem öðrum. Þau eru bjartsýn um að ástandið muni batna sé rétt haldið á spilunum. Kenning Þórunnu er að við höfum sofnað á verðinum, við höfum talið okkur vera framfarlega í baráttunni og því brugðið illa við þegar tölur sýndu annað. Þór segist hafa trú á því að nútímastjórnendur svara kalli markaðarins og markaðurinn kalli á konur. Þannig muni hinn frjálsi markaður leiðrétta þessa skekkju sjálfur.

- hhs

## „Besta skáldsaga veraldar“

Ólafur Gunnarsson, rithöfundur

>` Sü 5Z T \ tY V Wf c g V c Z » \ R] ] R» V Z e e  
 ä Y c Z WR^ V d e Rg V c \ d V ^ d \ c Z WR» Y V Wf c g V c Z »  
 f ^ Y Z \_ V Z ] í Wf ä e ö \ ^ R \_ d Z \_ d  
 g Z » W` c d [ ö \_ Z \_ RZ

í SöVZ\_ZVcScfXz f aa dèdW\_XVf^  
 ^j\_Uf^ RVgVcUUYgrjVXRR\_RL  
 dècV\_ZVf^ ^R\_XVof^`X@cR\_UZ  
 VèZ\_XRcVZ\_f^ gZ YgèR YgrIZ\_Z  
 > V» öXVj^R\_JVf^ Y©èZgVZc dXR  
 JVR\_Ur.f^ Z\_dí YfXRcVZ\_YZd  
 gAVteRòXV^R\_dZ\RSdcdZèfòRZ

### „Mesta skáldsaga sem skrifuð hefur verið.“

Egill Helgason / Silfur Egils

9f\_Uf» dèc` dèVXR^j\_UhcVj\_eZ\_XR  
 WZC`ThV]]<V\_eacü`RSò`Z\_RZ

JPU  
 JPV UTGÁFA  
 hhhZagZi

# HR-V

# HONDA

The Power of Dreams

## Hagkvæmasti borgarjeppinn nú á enn lægra verði



→ Beinskiptur fjórhjóladrifinn Honda HR-V Smart:  
**1.790.000** kr.

→ Beinskiptur fjórhjóladrifinn Honda HR-V Sport með sóllúgu, þakbogum og 16" álfelgum:  
**1.990.000** kr.

HER & NU / STA

[honda.is](http://honda.is)



### Sá knái í vetrarumferðinni

Taktu mið af veðráttunni, gefðu vetrinum langt nef og njóttu hans eins og hann er. Honda HR-V með nett ytra rými og líflega hönnun á eftir að kynda undir góða skapið í vetur. Frísk og sparneytin vélin og innanrými sem má aðlaga fyrir allar aðstæður, hvort sem leiðin liggur um hálar götur eða vegi og fjórhjóladrifið tryggir örugga rásfestu. Nú er enn ódýrara að gera lífið svolítið sportlegra um leið og öryggið ræður í vetrarríkinu.

  
**BERNHARD**  
BERNHARD ehf. Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100  
www.bernhard.is

MARIE ANTOINETTE (1755-1793) LÉST PENNAN DAG.

„Ég var drottning og þið tókuð kórónu mína, eiginkona og þið drápuð eiginnmann minn, móðir og þið tókuð frá mér börnin. Aðeins blóð mitt er eftir: Takið það, en látið mig ekki kveljast lengi.“

MARIE ANTOINETTE VAR DROTTNING FRAKKA OG VAR HÁLSHÖGGVIN AF UPPREISNARMÖNNUM.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ANDLÁT

**Magnús Kr. Jónsson**, til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík, andaðist á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 23. september. Útförin hefur farið fram í kynrpey.

**Sverre Wigfusson** ljósmyndari, Stokkhólmi, andaðist í Stokkhólmi sunnudaginn 2. október.


**Sigrún Gunnarsdóttir**, Austurgötu 26, Keflavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 12. október.

**Anna Kristín Valdemarsdóttir**, Stekkum, lést á Kumbaravogi fimmtudaginn 13. október.

## AFMÆLI



**Pétur Pétursson**, fyrrverandi útwörspulur, er 87 ára.



**Guðbergur Bergsson** rithöfundur er 73 ára.




**Ásta Ragnheiður Jónhannesdóttir** alþingismaður er 56 ára.

## FÆDDUST Á ÞESSUM DEGI




**1758 Noah Webster** rithöfundur.



**1854 Oscar Wilde** leikritasáld.



**1886 David Ben-Gurion**, forsætisráðherra Ísraels.



**1888 Eugene O'Neill** rithöfundur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.

**LEGSTEINAR**  
S. HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
[www.steinsmidjan.is](http://www.steinsmidjan.is)



*Kæru attingjar og vinir, hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við langvarandi veikindi, andlát og útför ástkærs mannsins míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Jóhannas Braga Hermannssonar**, Víkurbakka 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarþjónustu Karítas og starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi. Guð blessi ykkur öll.

**Guðrún Ingadóttir**  
**Kristín Jóhannsdóttir**  
**Ragna Jóhannsdóttir**  
**Björk Bragadóttir**

**Steinar B. Valsson**  
**Pálmar Viggósson**

**Birkir, Birta, Elisabet og Lilja Líf.**

## ★ SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Góð þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566  
[www.solsteinar.is](http://www.solsteinar.is)  
200 Kópavogur • solsteinar.is



## PETTA GERÐIST > 16. OKTÓBER 1946

### Tíu háttsettir nasistar teknir af lífi

Á þessum degi árið 1946 voru tíu háttsettir þýskir nasistaforingjar teknir af lífi með hengingu vegna glæpa gegn mannkyninu og stríðsglæpa í seinni heimstyrjöldinni.

Tveimur vikum áður voru mennirnir fundnir sekir af alþjóðlegum stríðsglæpadómstól í Nürnberg og dæmdir til dauða ásamt tveimur öðrum nasistaforingjum, þeim Hermann Göring, stofnanda Gestapó, sem tókst að svipta sig lífi aðeins fáeinum klukkutímum fyrir aftökuna, og Martin Bormann sem ekki var viðstaddur dóminn.



NÜRNBERG-RÉTTARHÖLDIN

Hinn 16. október voru hinir tíu dæmdu hengdir einn af öðrum.

Meðal þeirra sem teknir voru af lífi voru Joachim von Ribbentrop utanríkisráðherra og Wilhelm Frick, innanríkisráðherra í nasistastjórninni. Sjö aðrir, þar á meðal Rudolf Hess, fengu fangelsisdóma frá tíu árum og upp í lífstíðardóm en þrír voru sýknaðir.

Réttarhöldin stóðu í nærri tíu mánuði og voru þau fyrstu sinnar tegundar. Alþjóðlegur dómstóll samanstóð af fulltrúum frá Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, Frakkalandi og Bretlandi.

## MERKISATBURÐIR

- 1890** Landshöfingi tekur formlega í notkun síma sem lagður var milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
- 1902** Landakotsspítali er formlega tekinn í notkun, en St. Jósefssystur létu reisa hann.
- 1934** Gangan langa í Kína hefst þegar kommúnistum tekst að brjóta sig gegnum raðir þjóðernissinna, sem höfðu umkringt kommúnista í suðvesturhluta landsins.
- 1953** Írafosstöðin við Sog er vígð.
- 1964** Kínverjar sprengja fyrstu atómsprengju sína.
- 1970** Anwar Sadat er kosinn forseti Egyptalands.

## GEIR H. HAARDE: TEKUR VIÐ FORMENNSKU Í SJÁLFSTÆÐISFLOKKNUM

# Skarpur stjórnmalamaður og lífsglaður söngvari

Ef að líkum lætur tekur Geir H. Haarde utanríkisráðherra við formennsku í Sjálfstæðisflokknum í dag. Hann hefur hin síðustu ár gegnt embætti sínu sem fjármálaráðherra fumlaut og af öryggi. Hann virðist yfirveginn uppmáluð og ekki er úr vegi að fá álit þeirra sem þekkja hann best til að lýsa persónunni Geir H. Haarde.

„Ég var ekki nema fimm ára gamall þegar við kynntumst“, segir Borgar Þór Einarsson, stjúpsonur Geirs og sonur Ingu Jónu Þórðardóttur eiginkonu hans. Borgar ólst upp hjá ömmu sinni og afa og hafði ekki mjög miklar mætur á stjúpföður sínum fyrstu árin eins og vill verða með börn einstæðra mæðra. „Það var fyrst þegar ég flutti til Reykjavíkur og fór í menntaskóla að við urðum nánir“, segir Borgar, sem lýsir Geir sem miklum húmorista sem sé þægilegur í umgengni. „Hann hefur mikla samskiptahæfni og er mjög klár“, segir Borgar og bætir við að hann hafi tilheingingu til að vera heiðarlegur, svo mikið að sumum þykir nóg um. „Hann gengur út frá því að gera hlut-

ina rétt og að rétt sé fram komið við fólk“, segir Borgar, sem telur þennan eiginleika ekki til trafala í pólitíkinni. „Maður ræður sinni eigin pólitík og hans pólitík er jákvæð, heiðarleg og uppbyggileg.“

En hvernig er Geir heima við? „Hann er ekki sá duglegasti í hefðbundnum heimilisstörfum. Hann hefur tekið að sér að sjá um mjög afmörkuð verkefni og leysir þau samvissusamlega af hendi. Hann er til dæmis mjög fær að raða í uppþvottavélina og það eru hans ær og kýr“, segir Borgar en stjúpaðir hans hefur afsalað sér forræði yfir flestum öðrum heimilisstörfum. Geir á fjórar dætur og á þegar nokkur barnabörn. Borgar segir hann mikla barnagælu og hann eyði eins miklu tíma með afabörnunum og mögulegt er.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra er góðvinur Geirs. „Við erum búnir að þekkja áttíu aldarfjórðung“, segir Árni en fyrstu kynni hans af Geir voru á ráðstefnu hjá Frjálslyggyfúfélaginu í lok áttunda áratugarins þar sem David Friedman var ræðumaður. Síðar kynntust þeir félagar betur þegar Geir var formaður SUS.

„Geir er bæði þessi yfirvegaði, athuguli og skarpri maður sem er mjög áreiðanlegur og hægt er að treysta og svo er hann líka þessi létti og skemmtilegi félagi sem gaman er að vera með þegar búid er að ljúka við verkefni dagsins“, segir Árni, sem fyrir utan það að verja þó nokkrum tíma með Geir í viku hverri hittir hann þess



HEIÐARLEGUR „Geir er bæði þessi yfirvegaði, athuguli og skarpri maður [...] og svo er hann líka þessi létti og skemmtilegi félagi“, segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra og góðvinur Geirs.

utan til að slaka á og ræða málin í víðara samhengi. „Geir var að stíga fyrstu skrefin í hestamennskunni í sumar og ég get alveg séð fram á það að þegar fram líða stundir getum við farið að eyða tíma saman á hestbaki“, segir Árni, sem sjálfur hefur riðið út frá unglingsaldri.

Árni segist eiga margar skemmtisögur af Geir en vill þó geyma þær til betri tíma en flestar tengist þær söng. „Hann er góður söngvari og á góðum stundum



STJÚPSONURINN Borgar Þór Einarsson er stjúpsonur Geirs.

með vinum og kunningjum leyfir hann okkar að njóta hæfileikanna.“

## Hvanneyrarkirkja 100 ára

Eitt hundrað ár eru síðan Hvanneyrarkirkja var byggð og af því tilefni verður haldin hátíðarmessa í kirkjunni í dag, sunnudaginn 16. október. Kirkjan, sem er í eigu Landbúnaðarháskólans, var hönnuð af Rögvaldi Ólafssyni arkitekt sem meðal annars teiknaði Vífilsstaðaspítala, gamla pósthúsið í Reykjavík og fjölmargar kirkjur, þar á meðal Húsavíkurkirkju.

Vígsludagur Hvanneyrarkirkju var 15. október 1905. Kirkjan er í dag nálægt sinni upprunalegu mynd þótt nokkrar endurbætur hafi verið gerðar á henni. Kirkjan, sem áður stóð lítið eitt vestar, fauk árið 1903. Brakið lenti á þeim stað þar sem ný kirkja var byggð. Kirkjan er byggð úr timbri á grjóthlöðnum sökkli og járnvarin. Hún er skreytt að innan af Grétu Björns-son og altarástafan frá 1923 er máluð af Brynjólfi Þórðarsyni listmalara og



HVANNEYRARKIRKJA Hátíðarmessa verður haldin í dag í tilefni af hundrað ára afmæli kirkjunnar.

sýnir Krist í íslenzku landslagi.

Kirkjan er helguð Maríu guðsmóður, Pétri postula, Tómasi erkibiskupi og Marteini biskupi í kaþólskum sið.

Hátíðarmessan í Hvanneyrarkirkju hefst kl. 14.00 og séra Flóki Kristins-

son sóknarprestur predikar. Að lokinni messu verður kirkjugestum boðið til kirkjukaffis í matsal Landbúnaðarháskólans í Ásgarði, þar sem brugðið verður upp nokkrum myndum úr sögu kirkjunnar.

# Afnemum VSK af öllum sófasettum

**TAX  
FREE  
DAGAR**

Ætli Jói viti af þessu!

Nú eru bara 2 dagar  
til stefnu!

LOKADAGUR tilboðsins er  
mánudaginn 17. október.



Leðursófasett 3+1+1 Danny



Leðursófasett 3+1+1 Nice



Bycast sófi 3ja sæta Lyon



Leðurhornsófi 2+h+2



Ítalskt leðursófasett 3+1+1



Leðursófasett 3+1+1 G2041



Leðurhornsófi 2+h+2 3130



Leðursófasett 3+1+1 M6217



Leðursófasett 3+1+1 M3208



Leðursófasett 3+1+1 3057



Leðursófasett 3+1+1 G1982



Leðursófasett 3+1+1 3002

Gildir til 17. október eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla

## UMMÆLI VIKUNNAR

„Því er það enn dapurlegra að ekki aðeins formaður Samfylkingarinnar, heldur einnig sumir þingmenn hennar, eins og ömurlegt uppstand á þinginu síðastliðinn þriðjudag sýndi, virðast naumast líta lengur á Samfylkinguna sem flokk en fremur sem tiltölulega léttvægt dótturfélag auðhrings.“

Davíð Oddsson á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, 13. október 2005

# stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

### Saman

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi birti heilsíðuauðgýsingu með nöfnum þeirra sem styðja hana í annað sæti lista Sjálfstæðisflokks fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Um það sæti keppir hún við Júlíus Vífil Ingvarsson. Um það var rætt þegar Hanna Birna tilkynnti framboð sitt að hún og Gísli Marteinn væru „saman í liði“, hún væri að bjóða sig fram í annað sætið því þegar væri Gísli búinn að ákveða að fara fyrsta sætið. Hann tilkynnti ákvörðun sína þó ekki fyrr en nokkru síðar en Hanna Birna tilkynnti sína ákvörðun.

### Ekki saman

Þeir sem eru að vinna fyrir Hönnu Birnu og Gísli Marteini í framboði sínu hafa staðfastlega neitað

því að þau séu eitthvað að vinna saman, eða muni vinna saman. Hvort um sig sé bara að vinna að framsögum sínum í borgarstjórninni á eigin vegum. Það kemur þó ekki á óvart að sjá stuðningsmann úr harðkjarna Gísla Marteins á lista Hönnu Birnu, líkt og nafn Rúnars Freys Gíslasonar leikara.

### Proxy-stuðningur

Vegna þessa hafa verið getgátur uppi um að opinber stuðningur við Hönnu Birnu sé því í raun vísbending um stuðning við Gísli Marteini. Óopinbert samkomulag hefur verið um að forysta Sjálfstæðisflokksins muni ekki styðja Vilhjálm eða Gísli í baráttuslagnum. Hins vegar kjósa formaður þingflokks sjálfstæðisflokks Hönnu Birnu.



## NÆSTA VIKA

### Sunnudagur

Geir Hilmar Haarde verður formaður Sjálfstæðisflokksins á síðasta degi landsfundar. Davíð Oddsson lætur þá formlega af formennsku.

### Mánudagur

Rætt um afkomuþryggingu aldraðra og öryrkja og tryggan lágmarkslífeyri á Alþingi að beiðni stjórnarandstöðunnar.

### Þriðjudagur

Borgarstjórnarfulltrúar ræða um gegnsæi í skattheimtu á sveitarstjórnarstigi að beiðni Sjálfstæðisflokks.

### Fimmtudagur

Davíð Oddsson hefur störf í Seðlabanka Íslands sem aðalseðlabankastjóri.

## VIKA Í PÓLÍTÍK JÓHANN HAUSSON

# Fjölmiðlar í fjölmiðlum



Vika í stjórnmálum gæti allt eins heitið fjölmiðlar í fjölmiðlum að þessu sinni. Sem er truflandi fyrir starfsmenn fjölmiðla til lengdar en endurspeglar glímu þjóðfélagsins við hræringar sem eiga sér upptök utan við fjölmiðlana.

Sumir segja að fjölmiðlar hafi batnað og fjölbreytnin sé meiri en við upphaf valdaferils Davíðs Oddssonar 1991. En vilja samt setja lög um þá.

Davíð talar um hömlulausa misnotkun fjölmiðla í Morgunblaðinu 13. október og á ekki við Morgunblaðið. Davíð telur verra en ekkert að setja lög um fjölmiðla á grundvelli fjölmiðlaskýrslu menntamálaráðherra. Hann er líkast til enn sannfærður um að hann hafi haft rétt fyrir sér þegar hann samdi sjálfur fyrstu drög að fjölmiðlalögum fyrir einu og hálfu ári og setti á minnisblað fyrir ríkisstjórnina. Sem í meðförum þingsins varð að lögum sem þjóðin mátti ekki greiða atkvæði um.

Nú er réttur 21 mánuður síðan Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skrifaði stefnuvafirlysingu sína í Morgunblaðið 19. janúar 2004. Í áttundu grein hennar sagði orðrétt: „Ég er á móti löggjöf sem bannar sama manni (eða mönnum) að eiga mörg fyrirtæki, hvort sem þau fást við rekstur fjölmiðla eða stunda aðra starfsemi.“

Margbrotið regluverk sem heimur fjölmiðla er gamalgróið og möskvastærð þess er heppileg.

Litum á: Atvinnufrelsi er lögvæðing í stjórnskrá. Samkeppnislög reisa skorður við fákeppni og einokun, líka í fjölmiðlum. Tjáningar- og ríttfrelsi er tryggt í stjórnskrá. Upplýsingalög greiða aðgang þegnanna að opinberum upplýsingum. Réttur einstaklinga gagnvart meidandi ummælum er tryggður í hegningalögum. Fjölmiðlar hafa síðareglur. Og loks má nefna að í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er kveðið um að rétt manna til að afla og miðla upplýsingum og skoðunum og rétt þeirra til að taka við upplýsingum og skoðunum.

Hvað ætlaði Davíð Oddsson að tryggja með upphaflegum drögum sínum að fjölmiðlalögum?

Þorgerður Katrín ræddi hættu á misbeitingu valds:

## Forðumst einokun

„Sagan sýnir okkur að án almennra leikreglna er hættu á að markaðsráðandi aðilar misbeiti valdi sínu hvort sem er í viðskiptum eða á fjölmiðlum. Rétt eins og frelsi er afl framfara er einokun það mein sem forðast verður,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra þegar hún flutti framboðsræðu sína til varaformannsembættis Sjálfstæðisflokksins.

Þorgerður gerði góðan árangur að umtalsefni í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. „Það má ekki gerast að þau öfl komist hér til valda sem geta kippt okkur aftur inn í

fortíðina á örskömmum tíma. Fortíð sem einkenndist af ríkisforsjá.“

Þorgerður gerði heilbrigðis- og menntamál að sérstöku umtalsefni. „Við sjáum dæmi um það í menntakerfinu og heilbrigðis-kerfinu hvernig einkareknar lausnir hafa opnað nýjar víddir og hleypt nýju lífi í hinn opinbera rekstur. Hið opinbera heldur áfram að fjármagna þjónustuna, hún stendur áfram öllum til boða óháð efnahag, en við virkjum hugkvæmni og sveigjanleika einkaframfærslu og hvatann sem felst í samkeppninni.“ -jh



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

# Vill selja Landsvirkjun

Geir H. Haarde telur einkavæðingu ríkisfyrirtækja hafa heppnast mjög vel og beinir sjónum næst að einkavæðingu raforkufyrirtækjanna. Hann segir enga ögurstund vera að renna upp í samskiptum við Evrópusambandið. Geir er einn í kjöri til formanns Sjálfstæðisflokksins.

Geir H. Haarde ávarpaði landsfund Sjálfstæðisflokksins í gær og byrjaði á því að þakka Davíð Oddssyni.

„Það eru vatnaskil, bæði í Sjálfstæðisflokknum og landsmálum, þegar Davíð Oddsson lætur af formennsku og hættir stjórnmálaafskiptum. Tímabilið sem hann hefur gegnt formennsku í flokknum er einstakt í sögu flokks og þjóðar.“

### Einkavæðing raforkunnar

Meðal þess sem Geir ræddi í ávarpi sínu er frekari einkavæðing sam hann taldi hafa tekist vel hingað til og haft gríðarlega mikla þýðingu.

„Ný rekstrarform, vegna þjónustu sem hið opinbera greiðir fyrir, munu einnig skjóta styrkari stoðum undir sölu á þjónustu til erlendra aðila, eins og þegar er kominn vísir að á vissum sviðum heilbrigðisþjónustu, heilsuefningar og forvarna. Við eigum líka eftir að einkavæða í raforkugeiranum. Þar liggur mikið almannaþé bundið. Ég sé fyrir mér að eftir nokkur ár verði tímabært að selja Landsvirkjun til langtímafjárfesta eins og lífeyrissjóða,“ sagði Geir.

### EES-samningurinn dugur

Geir vék orðum að alþjóðavæðingunni og samskiptum þjóðarinnar við Evrópusambandið. Hann taldi að samningurinn um evrópska efnahagssvæðið tryggði alla helstu hagsmuni þjóðarinnar í Evrópusambandinu, einkum þó aðgang að markaðnum þar fyrir íslenskar vörur og þjónustu, fjárfestingar og vinnuaf.

„Það er misskilningur að senn dragi að einhverju skapadægri eða ögurstund í samskiptum Íslands og ESB. Breytingarnar á alþjóða-



GEIR H. HAARDE Er einn í framboði til formennsku í Sjálfstæðisflokknum en formannskjörið fer fram í dag.

samskiptum hafa haft þau áhrif að möguleikar Íslands til virkni og áhrifa hafa aukist jafnt innan sem utan Evrópu. Þetta sjáum við hvarvetna og á jafnt við um viðskipti, menningarmál og stjórnmálasamstarf. Við eigum samleið með öllum þeim sem leggja vilja frelsi, lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum til grundvallar í alþjóðlegum samskiptum.“

### Eigum erindi í öryggisráðið

Geir fjallaði um hlutverk Íslands í alþjóðlegu samstarfi og taldi þjóðina hafa þar hlutverki að gegna umfram beina hagsmunavörslu í eigin þágu gagnvart öðrum ríkjum. „Heimurinn er meira og minna eitt athafnasvið og ábyrgð okkar á örlögum fólks í öðrum löndum og heimshornum er orðin ríkari. Þess vegna viljum við láta til okkar taka með því að rétta öðrum þjóðum hjálparhönd og stuðla að því að þær geti orðið bjargálna á sínum eigin forsendum.“

Það er meðal annars af þessum sökum sem ég hef talið, eins og margir fleiri, allt frá því Geir Hallgrímsson var utanríkisráðherra, að Ísland ætti að stefna að sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Við höfum þar margt fram að færa.“

### Sátt milli kynslóða

Geir sagði að meðal eldri borgara ríkti viss óánægja með stöðu mála, þótt þeir gætu flestir fagnað því að eignarskattur yrði felldur niður frá og með næstu áramótum.

„Við verðum að hraða endurskoðun á því flókna samspili sem nú er fyrir hendi milli almannaþrygginga og skattkerfisins, sem er flestum illskiljanlegt og gerir fólki erfitt að ná rétti sínum. Við eigum að hvetja eldri borgara með aðgerðum á þessu sviði til að leggja fram vinnufúsar hendur en ekki letja þá frá því að finna kröftum sínum viðnám.“

johannh@frettabladid.is

# Flokkurinn er að breytast

„Ásýnd Sjálfstæðisflokksins mun breytast á næstu mánuðum og misserum - ef til vill með róttækari hætti en fólk almennt gerir sér grein fyrir,“ sagði Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, í framboðsræðu sinni til varaformannsembættis Sjálfstæðisflokksins.

Kristján sagði að ljósið skini skært á Sjálfstæðisflokkinn en menn ættu að hafa hugfast að stundum væri skugginn dýpstur í skærri birtu. „Það getur brugðið til beggja vona ef við höldum ekki rétt á spilum.“

Kristján sagði að í mörgum

af ædstu embættum flokksins væru nú einstaklingar sem flestir hefðu bein eða óbein tengsl inn á Alþingi. „Gott og vel. Ef til vill er ekkert athugavert við það, en að mínu mati væri það þó til mikilla bóta fyrir flokkinn okkar og allt innra starf hans að þar kæmu einnig við sögu einstaklingar sem hafa annan bakgrunn, til dæmis áralanga reynslu af sveitarstjórnarmálum og atvinnulífi og hafa sannað hæfileika sína og getu. Það tel ég mig hafa gert með ótvíræðum hætti og þess vegna stend ég hér,“ sagði Kristján Þór. -jh



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Telur forystuna full einsleitna þingmannahóp.

# Við opnum þér heiminn

Frá **6.890\*** kr.

Loftbrú á lægsta  
verðinu árið **2006**

Sala hafin!  
Bókaðu  
strax!

[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)


Heimsferðir bjóða þér beint flug til áfangastaða sinna næsta vor og sumar og við tryggjum þér ávallt lægsta verðið á Íslandi. Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér í fyrstu sætin á lægsta verðinu á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is).

## Allt í beinu flugi

Við bjóðum þér ekki upp á hvítleiðar millilendingar því við fljúgum til allra þessara staða í beinu flugi með þýska flugfélaginu LTU og spanska flugfélaginu Futura.

|            |                |
|------------|----------------|
| Alicante   | frá kr. 7.400* |
| Barcelona  | frá kr. 9.900* |
| Forli      | frá kr. 9.900* |
| Düsseldorf | frá kr. 6.890* |
| München    | frá kr. 7.110* |
| Prag       | frá kr. 9.900* |
| Búdapest   | frá kr. 9.900* |

\*Flugsæti aðra leið með sköttum.  
Takmarkað sætaframboð á þessu verði. Netverð.



**FUTURA**

**LTU**



**Heimsferðir**

# Einar er ekki maður fyrir innisloppa

Enn rekur grunsamleg mannlát á fjörur Einars blaðamanns á Síðdegisblaðinu sem, líkt og fyrr, á í útistöðum við fréttastjórnann sinn. Tími nornarinnar er fjórða bók Árna Þórarinssonar um Einar, sem nú er hættur að drekka og fluttur til Akureyrar. Björn Þór Sigbjörnsson hitti Árna yfir pepsí og pilsner og forvitnaðist um hagi Einars, tónlistina í bókunum og undarlegar tilviljanir.

Honum var settur stóllinn fyrir dyrnar af Hannesi ritstjóra, einu sinni enn. En aðalatriðið er að hann var orðinn leiður á sjálfum sér og einhvern tíma hafði Jim Beam sagt við hann: „Ég er skemmtilegur ferðafélagi en afleitur fararstjóri.“ Einar er sem sagt að reyna að sanna að hann sé fararstjórinn í sínu lífi.“

Þannig útskýrir Árne Þórarinsson, blaðamaður og rithöfundur, þær miklu breytingar sem orðið hafa á lífi Einars blaðamanns, söguhetjunnar í fjórum skáldsögum hans.

Í Tíma nornarinnar er hann að auki fluttur til Akureyrar þar sem Síðdegisblaðið hefur opnað starfsstöð. „Ég skildi hann vel að vilja hætta að drekka. Á köflum var hann meðferðarhæfur og rúmlega það enda byggður að hluta til á gömlu amerísku einkaspæjurum sem drukku mikið og vissum tendensum í íslenskum karlmönnum. Mér fannst hins vegar ekki í hans anda að fara í meðferð. Einar er ekki maður fyrir innisloppa.“

Árne segir það hafa verið gaman að skrifa um Einar edru og einnig hafi verið gaman að taka hann úr sínu hefðbundna umhverfi og færa hann norður yfir heiðar þar sem hann verður svolítið eins og fiskur á þurru landi.

Í upphafi bókarinnar er Einar að koma frá Hólum í Hjaltadal þar sem hann fylgdist með æfingum Leikfélags Menntaskólans á Akureyri á Galdra-Lofti. Í kjölfarið rekur hver atburðurinn annan og fjöldi fólks á öllum aldri kemur við sögu. Galdra-Loftur er alltaf skammt undan og Árne fer ekki leynt með aðdáun sína á þessu níutíu ára gamla leikriti Jóhanns Sigurjónssonar. „Þetta er magnað verk og merkilegt að það skuli ekki vera sett oftar upp.“

„Í laginu kemur fyrir setningin *So many different people to be en eitt af þeim sögunnar er einmitt það sem mér finnst eitt einkenni okkar tíma, að svo margt gengur út á ímyndir og hugmyndir manna um hvern annan.*“

Galda-Loftur og hending úr lagi Donovans, *Season of the Witch*, fléttast inn í söguna en titill hennar, Tími nornarinnar, er vitaskuld fenginn að láni frá Donovan. „Í laginu kemur fyrir setningin *So many different people to be en eitt af þeim sögunnar er einmitt það sem mér finnst eitt einkenni okkar tíma, að svo margt gengur út á ímyndir og hugmyndir manna um hvern annan.* Ein af aðalpersónum sögunnar er maður sem spilar fimlega á það að vera margar manneskjur. Hann er sá gagnvart einum sem hentar þar og önnur manneskja gagnvart öðrum eins og hentar þar. Þannig og með öðrum ráðum reynir hann að ná tökum á umhverfi sínu, líkt og Galda-Loftur gerði eða taldi sig gera með göldrum.“

## Sagan lífnar við

Fyrsta bókinn um Einar, *Nóttin* hefur þúsund augu, kom út 1998, Hvíta kanínan kom 2000 og Blátt tungl ári síðar. Í Tíma nornarinnar gerast meðal annars atburðir sem að hluta til gerðust á Akureyri á vordögum. Árne segir það helbera tilviljun. „Ég skrifaði fyrstu sextán kaflana úti í Barcelona í apríl og þegar ég kom heim var það sem ég hafði skrifað orðið að raunveruleika.“

Og þetta er ekki í fyrsta sinn sem skáldskapur Árna tengist með einum eða öðrum hætti atburðum sem síðar verða. „Þessar fjórar sögur hafa með einhverjum hætti verið með eyrað að þilinu á samtímanum. Margt í þeim hefur orðið raunveruleiki. Í fyrstu bók-



ARNI ÞÓRARINSSON Ritstjórn og blaðamennskan á Morgunblaðinu fara ágætlega saman og segir Árne það krydd í tilveruna að skrifa krimma.

inni verður til þorpið Reyðargerði þaðan sem fólksflótti er mikill og uppi eru áætlanir um að byggja upp ferðamannaparadís. Í næstu bók er Einar að lesa blaðafrétt með fyrirsögninni: „Samningarnir í höfn.“ Er þar átt við samninga ríkisstjórnarinnar við bandaríska álfyrirtækið Industrial um byggingu stóriðju við Reyðargerði.“

Hvíta kanínan dregur nafn sitt af klassíska dægurlaginu *White Rabbit* með Jefferson Airplane sem er einskona rokkútgáfa af Lísu í Undralandi. Bókin fjallar um barnaklám og barnaniðingna og um það leyti sem hún var skrifuð var alþjóðlegur barnaniðingaklúbbur afhjúpaður í stórri lögregluágerð. Klúbburinn hét Undralandsklúbburinn (e. The Wonderland Club).

„Þetta var afskaplega sérkennilegt,“ segir Árne og nefnir eitt dæmi til viðbótar. „Blátt tungl kom út 2001 og undir lok hennar sameinast Síðdegisblaðið mikilli fjölmiðlasamsteypu sem hefur innanborðs útvarps- og sjónvarpsstöðvar í eigu auðjöfursins Ölvers Margrétarsonar Steinssonar. Ég þarf nú ekki að hafa fleiri orð um þetta, er það?“ spyr Árne og hlær en hliðstætt fjölmiðlafyrirtæki varð til með sameiningu Fréttablaðsins og Stöðvar tvö og fleiri miðla fyrir fáum misserum.

Árne kann ekki að skýra þessar undarlegu staðreyndir og hafnar því að hann búi yfir spádóms-

gáfum. „Þetta er líka að gerast hjá Þráni Bertelssyni. Ég held að sakamálasaga sé einhvers konar hlerunartæki á það sem er að gerast í umhverfi okkar. Í sakamála-sögu gerist það sem getur gerst. Ekki endilega það sem gerist heldur það sem getur gerst. Svo einhvern veginn gerist það.“

## Tónlistin og fitusög

Mikil tónlist er í bókunum um Einar blaðamann. Ekki er nóg með að titlar þeirra séu allir sóttir í rokk söguna heldur er mikil músík í sögunum sjálfum og margsinnis er vitnað til texta þekktra dægurlaga. Árne viðurkennir fúslega að hafa mjög gaman af rokki en ástæða tónlistarinnar í bókunum er önnur og í raun hlaðin merkingu. „Dægurlög eru reyfarar tónlistarinnar. Í gamla daga var alltaf talað um sakamálasögur sem reyfara og sumir gera það reyndar ennþá. Og alveg eins og bókmenntaéletan leit lengi niður á sakamálasögur og kallaði þær reyfara hefur tónlistaréletan lengi vel litið niður á dægurlög og kallað þau poppgarg eða eitthvað slíkt. Þess vegna finnst mér gaman að krydda sögurnar með tilvitnunum í tónlistarlega samsvörun þeirra.“

Árne hefur þann háttinn á að búa til plott sögunnar fyrst, svo grúskar hann í plötusafninu sínu og leitar að tónlist sem passar.

Fjögur ár eru liðin síðan síðasta bók um Einar kom út. Í millitíð-

inni kom út í upphafi var morðið en hana skrifaði Árne í samvinnu við vin sinn Pál Kristín Pálsson og hafa samningar um kvikmyndun hennar verið gerðir við kvikmyndafélagið Storm. Sumrinu 2003 varði Árne svo til handritskrifa fyrir annan vin sinn, Friðrik Þór Friðriksson. „Friðrik bað mig um að skrifa fyrir sig kvikmyndahandrit og ég spurði hann um hvað það ætti að vera. Hann tuldraði með sínum hætti undan yfirskegginu: „Ja, sko þetta er svona alveg eins og Drakúla nema gaurinn sýgur fitu.“ Og það varð úr að ég skrifaði handrit um gaur sem minnir á Drakúla en þar sem í nútímanum er mikið framboð af fitu og offitusjúklingum þá er hans næring fölginn í fitu. Hann er því eins og eins manns fitusogsstöð. Handritið er nú hjá Friðriki og á fjármögnunarstigi.“

Veikindi og svo lát móður Árna sumarið 2004 urðu til þess að skrifur þurftu að víkja og það var því ekki fyrr en nú í sumar að hann gat komið Tíma nornarinnar frá sér.

## Á svölunum í Barcelona

Tími nornarinnar gerist að mestu á Akureyri og líkt og Einar blaðamaður hefði sjálfur gert fór Árne í vettvangsrannsókn. „Ég fór þrjár ferðir gagngert til að kynna mér staðhætti og þegar ég vissi nokkurn veginn hvað ætti að gerast fór ég að reyna að finna atburð-

unum stað. Í síðustu ferðinni hafði ég með mér myndbandsupptökuvel og myndaði helstu staðina. Það var mjög gagnlegt að geta séð þetta og lýst þessu nákvæmar en minnið hefði getað gert.“

Helstu kennileiti bæjarinnar eru á sínum staði í sögunni; kirkjan, Ráðhústorgið og Bautinn, en frjálslegar er farið með annað enda Tími nornarinnar skáldsaga.

En hvers vegna varð Akureyri fyrir valinu? „Bakgrunnur sögunnar átti að vera þær breytingar sem hafa orðið á landsbyggðinni, nýtt líf Einars og útibú Síðdegisblaðsins úti á landi og þetta varð bara að vera á Akureyri.“

„Það er afskaplega gott að sitja úti á svölum í Barcelona þegar enginn er á ferli milli fjögur og sex á nóttunni og hórurnar á horninu meira að segja farnar heim. Þá ríkir algjör stilla í borginni sem gott er að semja í.“

Bókin er hins vegar ekki skrifuð á Akureyri heldur í nokkur þúsund kílómetra fjarlægð, suður í Barcelona á Spáni. Þar hefur Árne haldið til að sumarlagi síðasta áratug eða svo og skrifað skáldsögurnar sínar. „Ég sest venjulega niður á milli eitt og tvö á daginn og skrifa þar til ég lýk við kaflann,“ segir hann. Stundum skrifaði hann til sex eða sjö á morgnana og honum er minnisstætt að síðasta kaflanum lauk klukkan níu um morgun. „Það er afskaplega gott að sitja úti á svölum í Barcelona þegar enginn er á ferli milli fjögur og sex á nóttunni og hórurnar á horninu meira að segja farnar heim. Þá ríkir algjör stilla í borginni sem gott er að semja í.“

## Nýr forleggjari

Árne er blaðamaður á Morgunblaðinu og hlaut Íslensku blaðamannaverðlaunin á síðasta ári fyrir greinaflokk um tvö fyrstu kjörtímabil Ólafs Ragnars Grímssonar forseta. Hann segir blaðamennskuna fara vel saman við ritstörf. „Það fylgir starfi blaðamannsins að fylgjast nokkuð náið með því sem er að gerast á yfirborðinu og þeim undirliggjandi tilhneigingum sem eru í þjóðfélaginu. Í starfinu kynnist maður líka mörgu fólki sem með einhverjum hætti nýtist í skrifunum. Að því leyti fer þetta tvennt vel saman. Ég neita því hins vegar ekki að stundum hefði ég viljað hafa meiri tíma fyrir sögurnar. Það yrði ekki til skaða.“

Hann veit ekki hvert framhaldið verður, segist una hag sínum vel og vonast til að geta haldið áfram að skrifa krimma enda krydd í tilveruna.

Mál og menning gaf út fyrri bækur Árna en hann er nú á mála hjá JPV útgáfu. Vistaskiptin voru auðveld og eiga sér sína skýringu. „Það var nánast tilviljun að ég sýndi Halldóri Guðmundssyni, sem þá var hjá Máli og menningu, fyrstu kaflana að fyrstu bókinni. Jóhann Páll Valdimarsson er hins vegar sá útgefandi sem ég hef þekkt lengst og hann skammaði mig fyrir að hafa ekki komið með þetta til sín á sínum tíma. Ég tók svo viðtal við Jóhann fyrir Tímarit Moggans í vor og við komumst að því að við erum ákaflega sam-mála um margt í umhverfinu. Úr varð að ég flutti mig yfir til hans og ég er ákaflega ánægður með að hann og hans forlag skyldu taka mér opnum örmum.“

Í leit að samlíkingu spyr blaðamaður af rælni hvort það sé minna mál að skipta um forleggjara en eiginkonu. Árna verður ekki svara vant. „Miklu minna mál, mér finnst þetta alls ekkert mál. Og ef þetta er samlíkingin þá finnst mér nýja konan bara asskoti góð.“



# Opið í dag

BT Skeifan kl. 13 til **22**

BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi kl. 13 til **17**

BT Smáralind kl. 12 til **18**

## EyeToy Kinetic

Komdu þér í form með PlayStation 2, hágæða æfingarkerfi frá Sony og Nike. Með EyeToy myndavélinni er gaman að koma sér í form, en EyeToy Kinetic hjálpar þér að auka þrek, minnka stress og auka orkuna, sama hversu góðu ástandi þú ert í. Í leiknum eru einkabjálfarar sem koma þér í form með 12 vikna æfingarkerfi. EyeToy Kinetic er framleitt í samvinnu við Nike Motionworks sem sérhæfir sig í gerð æfinga fyrir íþróttamenn.


**3.799**



## SpyToy

Þú hefur verið ráðin(n) sem njósnari og það er þitt hlutverk að svita ..... og koma þar upp um glæpahringi. SpyToy bæði spennandi njósnaleikur og eftirlitskerfi sem notar hina frábæru EyeToy myndavél. Vaktaðu herbergið þitt og sendu óþóðnum gestum myndskilaboð, taktu myndir af þeim meðan þeir eru í herberginu og notaðu þær sem sönnunargagn gegn þeim.

**3.**



# Öflugasta fartölvan

**MEDION**

**SONOMA**

**80GB DISKUR**

**1GB MINNI**

**15,4"**

**MEDION C7 SONOMA**

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
- 15.4" WXGA skjár (1280x800)
- Nvidia GeForce Go 6200

**skjástýring**

- Sjónvarpskort og fjarstýring
- 1 GB DDR2 minni
- 80 GB diskur
- Super DVD RW +/- skrifari "DUAL LAYER"
- Hátalarar með bassaboxi
- 54Mbit þráðlaust netkort
- TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
- MediaBay kortalesari
- Lithium-Ion rafhlada
- Þyngd 3 kg

POWERED BY **DDR MEMORY**

FireWire

Intel Inside Centrino

WISHA



**FYLGIR**



**WIDE SCREEN**

**WV**  
Ef greitt er með **WV** láni fylgir fartölulás með!

**BT**

**4.597**

**4.597**  
Tölvukauplán 48 mán.

**9.999**  
Vaxtalaust 16 mán.

**159.984**  
Staðgreitt

**Nýjasta tæknin!**

# Ég þori, get og vil!

Edda Jónsdóttir er verkefnastjóri Kvennafrídagsins og hvetur fósturlandsins freyjur til að ganga út af vinnustöðum sínum á slaginu 14.08 til að mæta í kröfugöngu á Skólavörðuholti sem endar á mót-mæla- og baráttufundi á Ingólfstorgi. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir spurði Eddu hvort henni yrði refsað ef hún stingi af frá skrifborðinu.

„Nei, þér verður ekki refsað því í gangi eru áskoranir þar sem fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög skora á hvert annað að gefa konum frí til að taka þátt í þessum merka baráttudegi. Við skorum því á allar starfskonur Fréttablaðsins að mæta, sem og karlkyns vinnufélaga þeirra að hvetja þær til að taka sér frí, og sjá sjálfir um ólokin störf dagsins,“ segir Edda og minnst stærsta mót-mælaútfundar Íslands sem var einmitt Kvennafrídagurinn 1975 þegar íslenskar konur mættu tugþúsundum saman á baráttufund á Lækjartorgi.

„Það er ástæða til að endurtaka leikinn vegna þess að okkur finnst ekki nógu mikið hafa gerst síðan 1975. Sérstaklega er ábótavant að konur og karlar hafa ekki enn jafnar atvinnutekjur, en tekjur kvenna eru ekki nema 64,15 prósent af atvinnutekjum karla, sem er allt of mikill munur,“ segir Edda alvarleg í bragði, en þakklát þeim breytingum sem Kvennafrídagurinn 1975 og kvennaáratagur

Sameinuðu þjóðanna frá 1975 til 1985 skilaði konum.

„Konur eru nú miklu betur menntaðar, en enn í dag sinna fleiri konur lágláunastörfum. Þær eru þó fleiri á Alþingi en 1975 og sem próffessorar í háskólum, en enn hefur engin kona orðið forsætisráðherra, biskup eða bankastjóri. Konur eru nú 49,5 prósent útvinnandi fólks og þjóðfélagið því mjög að græða á lægra launum starfskröftum. Versti óvinur konunnar í þessu samhengi er launaleyndin, því hún ýtir undir launamisrétti og konur taka þátt í henni án þess að átta sig á hversu hún kemur þeim illa,“ segir Edda, sem hvetur hverja einustu konu til að mæta á fundinn og sýna samstöðu.

„Konur eiga að ganga út á slaginu 14.08. Við reiknuðum út eftir skattskýrslum síðasta árs, þegar við bárum saman sambærileg laun kvenna og karla, að konur eru búnar með sinn vinnutíma eftir fimm klukkustundir og átta mínútur. Því er bannað að vera búin



EDDA JÓNSDÓTTIR, VERKEFNISSTJÓRI BARÁTTUHÁTÍÐAR KVENNA 2005 Kvennafrídagurinn 1975 er fjölsóttasti baráttufundur Íslandssögunnar. Þrjátíu árum seinna hvetur Edda allar konur til að taka sér frí á slaginu 14:08 og gera kvennafrídaginn í ár enn stærri og öflugri viðbúrd, enda ýmislegt sem vantar enn upp á þegar kemur að jafnrétti kynjanna.

af vinna af sér daginn áður eða vinna lengur næsta dag, vegna samviskusemi, enda sterk aðgerð að taka sér frí eftir klukkan 14.08, þegar afganginn af vinnudeginum vantar helming alls starfsfólks í landinu,“ segir Edda með staðfestu og býst við mikilli þátttöku og það á fleiri stöðum á landinu, meðal annars á Akureyri og í Skagafirði.

„Við vonum að þessi dagur leiði til breytinga og reyndar töluverðar líkur á því. Kvennafrídagurinn 1975 er talinn marka mjög mikil tímamót í sögu íslenskra kvenna og jafnrétti. Þrýst var á stjórnvöld að grípa til aðgerða og árinu síðar komu Jafnréttislögin. Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóð-

anna var einnig settur á þessum tíma og Vigdís Finnbogadóttir var hvött til að fara í forsetaframbod, sem síðar varð til þess að hún varð fyrsti kvenforsetinn í heiminum,“ segir Edda og bætir við að konur séu konum bestar.

„Ég held við séum líka alveg jafn hugrakkar og áður, og því á slagorðið: Ég þori, get og vil! ennþá við. Það hafa alls kyns hlutir gerst sem koma konum til góða, en þó ýmislegt enn ógert og við nauðbeygðar að berjast áfram. Karlar eiga svo að sjálfsögðu að styðja við bakið á konum og berjast með þeim. Þeir eru velkomnir með, ef þeir styðja málefnið, en auknið launajafnrétti er jafnréttismál fyrir alla fjölskylduna og

skiptir vitaskuld miklu að konur beri hærri laun í búið. Sá er tilgangurinn með þessum degi, að hann skili sér í auknum ráðstöfunartekjum kvenna. Forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á dögnum að auknar ráðstöfunartekjur heimilanna þyrfti fyrir efnahagslífið að batna, svo lausnin hlýtur að felast í hækkingu launa kvenna, til samræmis við það sem karlar hafa,“ segir Edda og telur Kvennafrídaginn í ár duga til að ná fram kröfum kvenna.

„Við vonum að þetta verði nóg og þá sé það komið. Þá hittumst við kannski eftir tíu ár til að halda upp á hvernig til tókst því þetta er ekkert annað en skemmtileg baráttu sem skiptir alla máli.“

## Að fanga eldingu í vatnsglasi

**Leikstjórinn Robert Schwentke er ekki þekkt nafn. Hefur gert myndir sem enginn hefur séð svo notuð séu hans eigin orð. Hann er alinn upp í Stuttgart en vissi engin deili á Sigurvinssyni og framlagi hans til knattspyrnufélagsins þar í borg. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við hann um nýju myndina hans, Flightplan, Jodie Foster og átta vestrænna manna.**

Við höfum ekki mikinn tíma í símanum. Schwentke er á leiðinni til Berlínar eftir hálf tíma. Hann er staddur í París þar sem hann hefur verið að kynna myndina. Honum finnst gaman að ferðast og enn

skemmtilegra að fá tækifæri til að spjalla við fólk af ólíkum uppruna. Málrómur hans bendir ekki til að hann sé Þjóðverji því enskan er lýtalaus. Kannski hefur maður séð of margar myndir frá Hollywood þar sem Þjóðverjar tala alltaf með hreim. Flightplan er fyrsta Hollywood-mynd hans. Hann virðist þó ekki vera of upptekin af því.

**Undir áhrifum Alfred Hitchcock** Flightplan fjallar um flugvéla-verkfræðinginn Kyle sem búsettur er í Berlín. Hún hefur nýverið misst eiginmann sinn og hyggst flytja aftur til New York ásamt dóttur sinni. Þær mæðgur fljúga með einni stærstu farþegaþötu heims sem Kyle tók þátt í að hanna. Þegar flugferðin er rétt hafin hverfur dótturinn. Upp frá því hefst atburðarás í anda Hitchcock. Áhorfendur vita ekki hvar þeir hafa aðalpersónu myndarinn-

ar. Schwentke viðurkennir áhrif enska spennutryllimeistarans en segir þetta hafa verið í handritinu. „Auðvitað kemur nafn hans alltaf upp þegar spennutryllar eru annars vegar,“ útskýrir hann og heldur áfram að greina snilli Hitchcock. „Hann var lögfræðingur og notfærði sér þá reynslu. Áhorfendur skiptu um skoðun á aðalpersónunni oft og mörgum sinnum,“ segir hann en þessi tækni er óspart notuð í myndinni.

Schwentke segist hafa ákveðið að gerast kvikmyndagerðarmaður þegar hann sá kvikmynd Wim Wenders, Alice in the City. „Ég er líka mikill aðdáandi Fassbinder en við Þjóðverjar þurfum að fara út fyrir landsteinana til að sjá hann. Er það ekki skrytíð?“ Spyr hann. Schwentke segir það vissulega breyta miklu þegar hann sé að vinna með jafn mikla fjármuni og eru lagðir í mynd á borð við Flightplan. „En þegar öllu er á botninn hvolft er fólk fyrir framan og aftan myndavél, ekkert gengur upp og þú reynir að fanga eldingu í vatnsglasi,“ segir hann og hlær.

### Gæðablóðið Jodie

Upphaflegt handrit að myndinni var skrifað fyrir ársirnar 9/11. Þegar Schwentke kom um borð voru þær hans vegar að baki. Leikstjórinn segir að bæði hann og framleiðendur myndarinnar hafi orðið ásáttir um að handritið þyrfti að breytast. „Í upphaflega handritinu var ætlunin að hafa hryðjuverkamenn um borð en Brian Grazer, framleiðanda myndarinnar, og mér fannst sterkara að beina sjónum að sambandi móður við barn sitt,“ útskýrir Schwentke.

Hann viðurkennir að þínulítið stress hafi hlaupið í sig þegar kom í ljós að Jodie Foster ætti að vera í aðalhlutverki. Hún hefur verið viðloðandi þennan iðnað frá þriggja ára aldri. „Ég ólst upp með kvikmyndum hennar. Man eftir því að hafa séð Buggy Malone þegar ég var strákur,“ segir Schwentke og hlær. Þegar á hölmunn var komið



ROBERT SCHWENTKE Þessi ungi Þjóðverji er menntaður í kvikmyndagerð frá Los Angeles en hefur aðallega starfað í heimalandi sínu.

hafi Foster hins vegar reynst hið mesta gæðablóð og ákaflega þægileg í umgengni. Þrátt fyrir tilraun blaðamanns við að reyna fá einhverja stjórnustælasögu upp úr leikstjóranum gefur hann ekkert upp. „Það eru margir sem vinna við slíka kvikmynd og allir leggjast á eitt.“

Flightplan er þó ekki bara einhver afþreying án boðskapar. Hún setur fram gagnrýni á númasamfélagi þar sem öllum er sama um náungann. „Þegar við stígum upp í flugvél horfum við um öxl en ekkert endilega eftir næsta manni,“

segir leikstjórinn og bætir við að hann finni sjálfur fyrir aukinni hræðslu meðal þeirra sem ferðast. „Ég var staddur á flugvelli um daginn og arabi var beðinn um að koma að brottfarahlöðinu. Það litu ansi mörg hrædd andlit upp,“ útskýrir hann. Schwentke segir frábært að fá tækifæri til að vinna í Hollywood þó hann vilji auðvitað ekki hverfa frá sínum rötum. „Mig langar til að gera eins og Alan Parker eða Stephen Frears. Gera stórar myndir sem krefjast mikils fjármagns en hverfa inn á milli aftur til rötanna og gera litlar myndir.“



## Jólaborpið í Hafnarfirði

auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum, félagasamtökum, verslunum eða öðrum sem vilja taka hús á leigu gegn vægu gjaldi. Vinsamlega hafið samband við Helgu í Jólaborpinu í síma 585 5777 eða á [lolathorp@hafnarfiordur.is](mailto:lolathorp@hafnarfiordur.is)

Jólaborpið verður opið allar hgelgar á aðventunni, auk Þorláksmessu. Þar verða 20 litil jólahús með fjölbreyttum jólavarningi og skemmtidagskrá á sviði.

# NISSAN PATHFINDER



SKIPT\_ "



## ÆVINTÝRIN ERU ENN AÐ GERAST

/\$ " , # ! " , !"

Pathfinder SE

**Verðtilboð 4.290.000.-**

44.619.- á mánuði\*

32" dekk fylgja með!



Rekstrarleiga með þjónustu í 36 mán.

79.229.- á mánuði\*

m.v. 20.000 km akstur á ári

! !.# # - " LYSING

Ingvar Helgason

## STYRKJARSÝNING 19.OKTÓBER KL. 20

Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til MND félagsins á Íslandi.

Með þessu vilja leikarar og aðstandendur sýningarinnar styðja við bakið á MND félaginu sem er félag fólks með hreyfitaugahrörnun. Félagið er að hefja söfnun til styrktar rannsóknum á þessum sjúkdómi.

# SALKKA VITKA

EFTIR HALLDÓR LAXNESS Í LEIKGERÐ HRAFNHILDAR HAGALÍN.  
LEIKSTJÓRI: EDDA HEIÐRÚN BACKMAN.

BORGARLEIKHÚSIÐ

EF ÞÚ ERT EKKI MYRKFÆLIN,  
ÞÁ MUNTU VERÐA ÞAÐ!

"ÉG SEF ENN MED LJÓSIN KVEIKT"

INTERNET MOVIE DATABASE

"BRÚTAL, BLÓÐUG,  
ÓGNVEKJANDI OG SLÁANDI...  
SVO MAGNÞRUNGIN AÐ  
ÞÚ SITUR EFTIR Í LOSTI!"



EMPIRE MAGAZINE, UK

"sjaldan liðið eins óþægilega í bíó...  
heldur manni föstum frá byrjun...  
hávær, subbuleg, óhugnaleg og alls  
ekki fyrir viðkvæma og ég er að fíla það"



ÓÖH, DV

"einhver svæsnasti megavibbi sögunnar á ferð...  
hörku spennandi barátta upp á líf og  
dauða þar sem öll tiltæk meðöl eru notuð..."



SV, MBL

"Flottasta hrollvekja ársins"



Kóngurinn & Fíflíð, XFM

A FILM BY NEIL MARSHALL

# THE DESCENT

ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA!



**Hafðís**

**ÁSTARFLEYIÐ**

ÆVINTÝRIÐ HEFST 20. OKTÓBER

SIRKUS

**FARÐU Á SÁLINA Í KÖBEN**

ICELANDAIR

NÝ GEISLAPLATA 24/10/05

Sendu SMS skeytið BTC STF á númerið 1900 svaraðu spurningu um Sálina. Allir sem taka þátt í SMS leiknum fara í pott og geta unnið miða fyrir 2 á Sálina í Köben! 11. hver fær vinning!

Fullt af aukavinningum:

- Geislaflötuna Undir þínum áhrifum
- Tónfrelsi frá Tónlist.is
- Kippur af Coca Cola
- Áskriftir frá Tónlist.is
- Fullt af öðrum geislaflötum og fleira

Tónlist.is & BTnet bjóða þér út! Icelandair kemur þér á staðinn!

ICELANDAIR sena BTNET TONLIST.IS

149kr SMSið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Vinningar afhentir BT Smáralind, Kópavogi. Þú hefur 5 mínútur til þess að svara.

Allt sem þú þarft og meira til

**alt**

Allt um fasteignir og heimili á mánudögum í Fréttablaðinu.

ÁHRIFAVALDUR **TINNU GUNNLAUGSDÓTTUR:**

# Mamma og pabbi fyrirmyndirnar

„Það var auðvitað móðir mín og ekki síður faðir minn,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri um áhrifavaldana í lífi sínu. Faðir Tinna var Gunnlaugur Þórðarson lögfræðingur en móðir hennar er Herdís Þorvaldsdóttir leikkona. Það þarf því ekki að sæta mikilli furðu að Tinna ákvað að verða leikkona. „Ég elst upp á heimili þar sem leikhús var hluti af okkar daglega lífi,“ segir Tinna sem var þó ekki á þeim buxunum að verða leikari á sínum tíma. „Ég var mjög spennst fyrir leikhúsi sem krakki en fór í einhverja afneitun á unglingsárum og þóttist ætla að



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR Ólst upp á heimili þar sem leiklistin var hluti af daglegu lífi.



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR Tinna sagði móður sinni ekki frá því í fyrstu að hún væri að læra leiklist.

gera eitthvað allt annað.“ Að loknu framhaldsskólaprófi skr-  
aði Tinna sig í líffræði í Háskóla Íslands og ætlaði sér að verða lækni, en tilviljun réði því að hún söðlaði um. „Ég hitti gamlan félagan minn úr Herranótt og hann sagði mér frá Samtökum áhuga-  
fólks um leiklistarkennslu sem ráku SÁL skólann og hvatti mig til að mæta. Ég lét til leiðast og eftir það varð ekki aftur snúið.“ Tinna lagði stund á leiklist með-  
fram fyrsta árinu í líffræði en hélt því leyndu fyrir fjölskyldu sinni fyrstu mánuðina. „Mamma er svo mikil raunsæismanneskja og veit hvað þetta er harður heimur. Það eru margir kallaðir og fáir útvaldir.“ Hún iðrast þess ekki í dag að hafa tekið slaginn enda er leiklistin hennar líf og yndi. Tinna telur áhrifavald fólks iðulega vera þá sem standa því næst og segist einnig eiga Þorvaldi, eldri bróður sínum, margt að þakka að ógleymdum eiginmanni sínum, Agli Ólafssyni söngvara. „Og eftir að unglingsárunum sleppti hefur hann verið minn helsti áhrifavaldur, bæði sem listamaður og lífsförunautur.“

## SUNNUDAGSKROSSGÁTAN NR. 27

|    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|
|    | 1  | 2  | 3  | 1  |    | 2  | 4  | 5  | 6  | 7  | 4  | 6  | 8  |    |
| 9  |    | 4  |    | 10 |    | 11 |    | 4  |    | 1  |    | 7  |    | 2  |
| 5  | 1  | 8  | 12 | 13 |    | 13 | 4  | 12 | 8  | 14 | 13 | 15 | 1  | 8  |
| 16 |    | 3  |    | 4  | 17 | 5  |    | 2  |    | 6  |    | 8  |    | 12 |
| 12 | 6  | 4  | 8  |    |    | 18 | 2  | 6  | 4  |    | 2  | 8  | 1  | 10 |
| 13 |    | 13 |    | 19 | 20 | 17 | 4  |    | 2  |    | 21 |    |    |    |
| 19 | 7  | 22 | 2  | 5  |    | 17 |    |    | 22 | 21 | 23 | 13 | 8  | 1  |
| 20 |    | 8  |    | 22 | 5  | 4  | 8  | 14 | 12 | 13 |    | 15 |    | 8  |
| 2  | 6  | 24 | 13 | 17 | 11 |    | 4  |    |    | 22 | 3  | 18 | 8  | 16 |
|    |    |    | 24 |    | 8  |    | 13 | 1  | 2  | 4  |    | 21 |    | 5  |
| 6  | 22 | 3  | 4  |    | 2  | 7  | 1  | 10 |    |    | 2  | 21 | 24 | 4  |
| 20 |    | 25 |    | 26 |    | 1  |    | 8  | 22 | 12 |    | 7  |    | 8  |
| 27 | 13 | 4  | 14 | 10 | 2  | 21 | 18 | 8  |    | 14 | 25 | 4  | 5  | 16 |
| 4  |    | 21 |    | 4  |    | 12 |    | 26 |    | 5  |    | 13 |    | 2  |
|    | 7  | 4  | 6  | 8  | 2  | 13 | 20 | 3  |    | 4  | 12 | 2  | 4  |    |

A Á B C D E F G H I J K L M N O P R S T U Ú V X Y Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er U til dæmis í reit merktum 12 og fer þá U í alla aðra reiti með því númeri. T er í reit númer 6 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 6 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn\*

**Lausnarorð**

6 24 3 4 2

\*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Lausn nr. 25**

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | K | R | Á | K | U | M | B | A | L | D | I |   |
| S | L | L | Í | U | R | Y | P |   |   |   |   |   |
| T | J | A | S | A | N | N | F | Æ | R | Ð | I |   |
| Ó | M | G | Æ | I | Ú | I | K | N |   |   |   |   |
| R | A | F | A | L | Á | Ð | S | S | A | F | N |   |
| S | E | V | I | L | L | A | T |   |   |   |   |   |
| L | E | N | G | I | Y | R | Y | K | K | U | R |   |
| Y | G | K | A | N | K | V | Í | S | I | A |   |   |
| S | K | I | P | U | N | T | T | U | N | G | U |   |
| Ú | D | U | G | L | A | N | N |   |   |   |   |   |
| T | Ú | B | A | I | N | N | I | R | U | G | G |   |
| A | E | E | E | F | Ö | T | N | E |   |   |   |   |
| U | N | D | I | R | V | I | G | T | A | L | G | E |
| T | D | T | N | U | K | A | A |   |   |   |   |   |
| V | I | Ð | U | N | D | U | R | K | O | R | N |   |

**AUGLÝSINGASÍMI**

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**



Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
 REYKJAVÍK 8.21 13.13 18.04  
 AKUREYRI 8.11 12.58 17.44  
 Heimild: Almanak Háskólans

atvinna .is

Nýr skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur  
 Hvernig verður maður þroskaþjálfari

BLS. 2 |  
 BLS. 6 |

# allt - atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

**Góðan dag!**

Í dag er sunnudagur 16. október,  
 289. dagur ársins, 2005.

**STÖRF Í BOÐI**

- Verkfræðingar
- Skólastjóri
- Verkefnastjórnar
- Lögfræðingar
- Sölumenn
- Kynningarstjóri
- Byggingartækni-fræðingar
- Kennarar
- Förðunarfræðingar
- Umsjónarmaður
- Rafmagnstækni-fræðingar
- Lagermaður
- Verksmiðjustjóri
- Afgreiðsla
- Lyfjateknir
- Tækniteknari
- Rafmagnsverkfræðingar
- Rekstrarstjóri
- Byggingarverkfræðingar
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á VÍSIR.IS**



Leópolð Kristjánsson eða DJ Lelli, verslunarstjóri Skífunnar í Smáralind og plötusnúður.

## Launin duga fyrir plötukaupum

*Leópolð Kristjánsson, verslunarstjóri Skífunnar í Smáralind, hefur einnig starfað sem plötusnúður í nokkur ár.*

„Það kom til þannig að ég var hlustandi á þætti sem voru í útvarpinu svona í kringum 1997, til dæmis Skýjum ofar, Fönk-þáttinn og Chronic. Þetta efni sem ég heyrði þar og mig langaði til að eiga fékkst einungis á vinyíl. Þannig safnaðist þetta saman og þegar

ég var fjórtán eða fimmtán ára gamall átti var ég kominn með tvo plötuspilara og mixer og þess vegna opinberlega byrjaður að þeyta skífum,“ segir Leópolð, eða DJ Lelli, um hvernig hann hóf plötusnúðaferil sinn. Leópolð byrjaði að fá greitt fyrir skífupeytingar sínar þegar hann gekk í break-beat.is hópin árið 2002 og byrjaði að spila reglulega á ýmsum kvöldum. „Ég get samt ekki sagt að ég hafi verið að græða mikið á þessu. Þetta er meira svona

áhugamál og launin duga fyrir plötukaupunum þegar ágætlega gengur.“ Aðspurður segir Leópolð að ef maður ætli að eiga sér einhverja framtíð innan drum'n'bass geirans þurfi að hafa samið lög sem séu vinsæl, „En auðvitað væri það alveg rosalega gaman ef hægt væri að lifa einungis af þessu. Það er samt ekki eitthvað sem ég stefni beint að í framtíðinni,“ segir Leópolð að lokum.

steinthor@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

[ ATVINNA ]

**Atvinnuleysi** var 1,4% í september 2005 og skráðir 49.897 atvinnuleysisdagar á landinu öllu. Það jafngildir því að 2.267 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Þessar tölur jafngilda 1,4% atvinnuleysi, en áætlaður mannaflá á vinnumarkaði samkvæmt áætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis í september 2005 er 156.683.

**Kvennafrídagurinn 1975** er enn í fersku minni þeirra sem þar voru enda vakti hann athygli um

allan heim. Mánudaginn 24. október verður kvennafrídagurinn endurvakinn og baráttuhátíð kvenna 2005 haldin á Ingólfs-torgi. Kröfuganga verður farin frá Skólavörðuholti og er mæting í hana klukkan 15. Yfirskrift göngunnar er Konur höfum hátt. Konur eru hvattar til að taka þátt í hátíðinni með því að leggja niður störf klukkan 14.08, en þá hafa þær skilað hlutfallslega fullum vinnudegi miðað við launamun kynjanna.

atvinna@frettabladid.is



## HEILLANDI STÖRF !

Við hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness leitum eftir starfsfólki til starfa á eftirfarandi starfsstöðvar:

- Meðferðarheimili fyrir einhverfa að Dimmu hvarfi í Kópavogi (vaktavinna)
- Hæfingarstöðin Fannborg í Kópavogi (dagvinna)
- Heimili fatlaðs fólks að Marbakkabraut í Kópavogi og að Sæbraut á Seltjarnarnesi (vaktavinna)

Um er að ræða vinnu í mismunandi starfshlutföllum. Leitað er eftir duglegum og áhugasömum einstaklingum sem eru að leita sér að spennandi og gefandi starfi.

**Í boði er:**

- Öflugur stuðningur í starfi og þjálfun
- Námskeið
- Sveigjanlegur vinnutími

Nánari upplýsingar um fyrrgreind störf sem og önnur hjá Svæðisskrifstofu eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900. Umsóknar-eyðublað má nálgast á skrifstofu okkar að Fjarðargötu 13-15 eða á heimasíðunum [www.smfr.is](http://www.smfr.is) og [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)



## eldhús- hönnuður

Metnaðarfullur hönnuður með góða söluhæfileika óskast til starfa í nýrri deild með eldhúsinnréttingar hjá Rafha ehf. Starfið felst í hönnun og sölu eldhúsinnréttinga, tilbóðs- og áætlanagerðar, samskipti við birgja og verktaka ásamt tengdum störfum.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi menntun á sviði hönnunar og reynsla er æskileg. Góð tölvukunnátta og færni í mannlegum samskiptum skilyrði. Áhersla er lögð á fagmennsku, ríka þjónustulund, skipulagshæfni og góðar sköpunargáfur.

Við bjóðum góða starfsþjálfun, þægilega vinnuástöðu og áhugaverð laun fyrir réttan aðila.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingví í síma 5880500. Umsóknir sendist á netfangið [ingvi@rafha.is](mailto:ingvi@rafha.is) fyrir 24. október n.k.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



TACOBELL opnar í herstöðinni á Keflavíkflugvelli.

**Vantar fólk í öll störf!**

Tekið er á móti fólki sem hefur áhuga á að vinna hjá TACOBELL á **KFC Reykjanessbæ** kl. 14.00 - 18.00 miðvikudaginn 19. október.



## Vinnandi fólk eldist

Líklegt er að meðalaldur fólks á vinnuþéttum á Vesturlöndum hækki stöðugt.

Því er spáð að vinnandi fólk á aldrinum 35-44 ára í Bandaríkjunum muni fækka um 19% fram til ársins 2010 en að starfsfólki á aldrinum 45 til 54 ára muni fjölga um 21% og starfsfólki á

aldrinum 55 til 64 um 52%.

Á áttunda áratugnum fjölgaði vinnandi fólk í Bandaríkjunum um 30% og um 12% frá tíunda áratugnum til dagsins í dag. Á næstu árum er ekki búist við nema 3% fjölgun og stöðnun á árinu 2010.

Og það er ekki bara í Bandaríkjunum sem þessarar þróunar er vart. Í Þýskalandi er búist við 27% fækkun starfsfólks á aldrinum 35 til 44 ára, 19% í Bretlandi, 10% í Japan og 9% á Ítalíu svo eitthvað sé nefnt.

Kynslóðin sem nú er á leið á eftirlaun er afar fjölmenn í Bandaríkjunum og óttast menn þar að ekki verði nægilega margir til að sinna störfum þeirra þegar það gerist. Þó er bót í máli að margir úr þessum hópi telja að vinnan göfgi manninn og hafa engan áhuga á að hætta að vinna á tilsettum eftirlaunatíma og eru ástæðurnar bæði fjárhagslegar og persónulegar.

Eldra fólk getur verið afar hæfir starfskraftar en ætti samt að láta það vera að þrila mikið upp um alla vegg.



Lundúnir gætu lamast ef fellibylur skylli á borginni.

## Bresk fyrirtæki ekki viðbúin

FYRIRTÆKI Í BRETLANDI KUNNA EKKI AÐ BREGÐAST VIÐ ÁFÖLLUM Á BORD VIÐ HRYÐJUVERKAÁRÁSIR OG NÁTTÚRUHAMFARIR.

Mörg bresk fyrirtæki eru langt frá því að vera undir það búin að eitthvað fari úrskreiðis, kemur fram í skýrslu frá Staðlaráði Bretlandseyja. Næstum 45% eru óviðbúin að takast á við hryðjuverkaárásir eða náttúruhamfarir og 25% í viðbót lamast ef tölvakerfið hrynur. Skammt er að minnast áfallinu

sem verfall starfsmanna fyrirtækis sem býr til matarbakka í flugvélar var fyrir stærsta flugfélag Bretlands, British Airways. Hjá Breska staðlaráðinu hafa menn af þessu þungar áhyggjur þar sem gífurlegir fjármunir eru í húfi og áhrif náttúruhamfara til dæmis á efnahagslífið gætu orðið skelfileg.

## Dregur úr atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur minnkað hratt.

Atvinnuleysi hefur minnkað hratt síðustu vikur og var 1,4% að jafnaði í september. Skráðir atvinnuleysisdagar voru 49.987 og jafngildir það að 2267 manns hafi að meðaltal verið á atvinnuleysissskrá í september. Meðalfjöldi atvinnulausra var 20% minni í september en í október og hefur atvinnuleysi hefur ekki mælst minna í einstökum mánuði frá því í október 2001.

Atvinnuleysi hefur minnkað

jafnt og þétt allt árið. Atvinnuleysi minnkaði mun meira meðal kvenna en karla í september en eini hópurinn þar sem atvinnuleysi hefur sveiflast á þessu ári er konur á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuástand versnar yfirleitt milli september og október vegna árstíðsveiflu því er líklegt að atvinnuleysi aukist lítið eitt í októbermánuði ef mið er tekið af þróun undanfarin ár.



Atvinnuleysi hefur minnkað hratt undanfarna tvo mánuði.



Guðrún Þórsdóttir, nýráðinn skólastjóri Vinnuskólans í Reykjavík.

## Sannkallaður Reykjavíkurskóli

Guðrún Þórsdóttir telur að dýpka þurfi skólahlið Vinnuskólans. Börnin eigi að fá fræðslu um allt sem viðkemur borginni.

Guðrún Þórsdóttir var nýlega ráðin skólastjóri Vinnuskólans í Reykjavík. Hún er kennari að mennt og hefur meðal annars reynslu af kennslu, kennsluráðgjöf og verkefnastjórn yfir verkefnum sem tengjast börnum og umhverfismálum. „Ég er mjög ánægð og þakklát fyrir starfið og tel mig hafa eitthvað í það að sækja,“ segir Guðrún, sem hefur sterkar skoðanir á fyrirkomulagi og áherslum í vinnuskólanum. Hún hefur mikinn áhuga á umhverfismálum og segir að skóla-

maðurinn og umhverfissinninn í sér muni takast í hendur og vonandi gera gang.

„Ég vil tala um tvíþættan skóla, annars vegar vetrarstarfið og hins vegar sumarstarfið,“ segir Guðrún en fáir vita að yfir 100 nemendur fara í gegnum vetrarskólann á hverju ári. Hann er sniðinn að þeim sem hafa með einum eða öðrum hætti ekki fundið sig í hefðbundnu skólastarfi og eru því settir inn í svokölluð innherjaverkefni sem öll eru undir hatti Vinnuskólans. „Vinnuskóli Reykjavíkur sinnir mörgum sérverkefnum sem að mínu mati krefjast miklu meiri samstarfs við skólanna og þjónustumiðstöðvanna sem búið er að stofnsetja. Einnig þarf að vinna í meira samstarfi við ÍTR og höfuðborgarstofu.“

Guðrún vill dýpka skólahlið vinnuskólans. „Tímarnir eru breyttir síðan vinnuskólinn var stofnaður árið 1951. Tvær áherslur er í skólanum. Annars vegar er þörf fyrir börnin í borginni sem vinnuafl, til að bæta útlit borgarinnar. Hins vegar þarf miklu meiri dýpkun á skólaþættinum, þau eru í skóla og eiga að vera að læra. Þar vil ég leggja mesta áherslu á borgina og allt sem henni viðkemur. Börnin eiga að fá að læra út á hvað margslungið borgarstarfið gengur. Þetta á að vera sannkallaður Reykjavíkurskóli enda slík fræðsla mjög nauðsynleg fyrir fólk framtíðinni,“ segir Guðrún, sem tekur við skólastjórstöðunni hinn 1. nóvember næstkomandi.

mariathora@frettabladid.is

## Sjö aðferðir til að fá vinnuna

Atvinnuviðtöl geta verið stressandi en það skaðar ekki að vera vel undirbúinn.

### VERTU TÍMANLEGA

Besta leiðin til að klúðra atvinnuviðtali er að koma of seint. Það ber skipulagshæfileikum þínum ekki fagurt vitni og segir vinnuveitandanum, sem tók frá tíma til að hitta þig að tími þinn sé of dýrmætur fyrir hann.




### VERTU VIÐEIGANDI TIL FARA

Það skaðar aldrei að vera frekar of fin(n) en hitt, jafnvel þó þetta sé mjög afslappaður vinnustaður. Með klæðaburðinum gefur þú til kynna að þú sért alvarleg(ur), fagleg(ur) og til í slaginn. Ef þú mætir eins og pönkari eða með magann beran man fólk eftir þér en vill kannski ekkert endilega ráða þig í vinnu.



### NÁÐU AUGNSAMBANDI

Reyndu að ná augnsambandi við alla sem þú hittir í viðtalinu. Það gefur til kynna sjálfstraust og sýnir líka að þú hefur áhuga á því sem sagt er og starfinu. Gleymdu ekki að áhugi er lykilatriði.



### EKKI BLAÐRA ÚT Í EITT

Reglurnar eru svona: Sá sem tekur viðtalið spyr og þú átt bara að svara vel. Hafðu svörin stutt og beinskeytt og ekki bulla um hluti sem koma málinu ekkert við. Ekki reyna að ná yfirhöndinni í viðtalinu með því að kaffæra allt í málæði.

### EKKERT MONT

Vinnuveitendurnir eru að leita að hæfum og sjálfsöruggum starfskrafti. Mont, að lítillækka fólk eða kenna öðrum um allt sem miður fer ber vott um mjög lítið sjálfstraust og eyðir möguleikum þínum á að fá starfið. Viðmælandi þinn vill vita hvað þú getur ekki hvernig allir stálu góðu hugmyndunum þínum í hinni vinnunni.



### AUKAEINTÖK

Passaðu að hafa meðferðis auka-eintök af ferilskránni þinni því það er ekkert villt að allir við-

staddir

séu með hana handbæra. Ferilskráin á að vera einföld, hvít eða ljós blöð eru alltaf betri en marglit.

### HEIDARLEIKI ER LYKILATRÍÐI

Einlæg spurning kallar á einlægt svar. Ekki gera meira úr afrekum þínum á menntasviðinu eða í atvinnulífínu en efni standa til. Ef ferilskráin þín sýnir fram á einhver á þar sem þú virðist ekki hafa verið að gera neitt vertu þá reiðuþúin(n) til að svara spurningum um það tímabil. Ekki vera fórnarlamb.



## Umsjónar- maður



Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða einstakling til að hafa umsjón með fasteignum **um hlutastarf er að ræða.**

**Starfið felst í** að sjá um reglubundna skoðun á fasteignum félagsins og sinna ýmsum tilfallandi verkefnum.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Útsjónarsemi og vilji til að framkvæma verk
- Góðir samskiptahæfileikar
- Nauðynlegt er að viðkomandi hafi bíl til umráða

Viðkomandi þarf að vera handlaginn, vanur að vinna sjálfstætt, búa yfir frumkvæði og jákvæðni til að takast á við vandamál sem upp kunna að koma. Einnig er mikilvægt að viðkomandi sé þjónustulundaður og hafi áhægtu af samskiptum við ólíka einstaklinga.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.



Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is

## VILTU NJÓTA ÞÍN TIL FULLS?

DEBENHAMS ÓSKAR  
EFTIR SNYRTI- EÐA  
FÖRÐUNARFRÆÐINGUM  
Í SNYRTIVÖRUEILD.  
FULLT STARF OG  
HLUTASTARF ER Í BOÐI.

Ef þú ert gædd(ur) ríkri þjónustulund, mikilli jákvæðni og ert tilbúin(n) að takast á við krefjandi sölu- og þjónustustarf, þá er Debenhams staður þar sem þú munt njóta þín til fulls.  
Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg.

Áhugasamir hafi samband við Báru, deildarstjóra snyrtivörudeildar, í síma 522-8008 eða bara@debenhams.is

# DEBENHAMS

SMÁRALIND

## Kynningarstjóri

Atorka Group hf. óskar eftir að ráða kynningarstjóra til starfa sem fyrst.

### Starfssvið:

- Skipulagning og yfirumsjón með kynningarstarfi Atorku gagnvart markaði og hluthöfum
- Yfirumsjón með heimasíðu, gerð ársskýrslu og gerð kynningarefnis um verkefni sem félagið tekur sér fyrir hendur og dótturfélög þess í nánú samstarfi við stjórnendur

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, fjölmiðlafræði, almannatengslum eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum



Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðrún Dröfn Hálfðanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is



Atorka Group hf. er framsækið alþjóðlegt fjárfestingarfélag. Atorka og félag í eigu þess eru með starfsemi í 14 löndum og velta samtals um 80 milljörðum króna. Hjá félögum í eigu Atorku starfa samtals 4.400 starfsmenn. Atorka er skráð í Kauphöll Íslands og eru hluthafar þess um 5.400 talsins.

## Rafmagnsverkfræðingur / rafmagnstækni-fræðingur

Landsnet hf. leitar að rafmagnsverkfræðingi/-tækni-fræðingi til starfa í stjórnstöð kerfisstjórnar. Meginhlutverk kerfisstjórnar er að stjórna rekstri raforkukerfisins frá stjórnstöð fyrirtækisins við Bústaðaveg. Auk þess gerir kerfisstjórn þær áætlanir sem þarf vegna reksturs kerfisins og sér um viðhald þeirra kerfa sem tilheyra starfsemi. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Helstu starfsþættir:

- Þátttaka í fjargæslu og stjórnun raforkukerfis
- Áætlanagerð vegna reksturs raforkukerfis
- Kerfisgreining með notkun reiknilíkana
- Tæknilegar úttektir o.fl.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafmagnsverkfræði eða rafmagnstækni-fræði á sterkstraumssviði
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar



Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Sigrún Ýr Arnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 30. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is



Meginhlutverk Landsnets er að reka flutningskerfi raforku og annast kerfisstjórnun. Flutningskerfi landsins telur um 2900 km af háspennulínum og 66 tengivirki.

### Í boði er:

- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænt starfsumhverfi



## Byggingaverk- eða tækni-fræðingar

Ris ehf óskar eftir að ráða 2-3 kraftmikla og duglega starfskrafta til starfa.

### Starfssvið:

- Tilboðs- og útboðsgerð
- Magnútreikningur
- Verkefnastjórnun
- Verkáætlanagerð
- Byggingastjórnun
- Hönnunarstörf

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Byggingaverk- eða tækni-fræðingur
- Reynsla af tilboðs- og útboðsgerð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg

Ris ehf er byggingarfyrtæki sem var stofnað árið 1966. Verkefni eru umfangsmikil og er fyrirtækið virkt á útboðsmarkaði auk þess að byggja og selja íbúðir og atvinnuhúsnæði í eigin reikning. Hjá Ris ehf starfa í dag um 100 manns.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að skila inn umsóknnum á skrifstofu fyrirtækisins að Skeiðarási 12, 210 Garðabæ. Umsóknarfrestur er til og með 20. október nk.

### Nánari upplýsingar gefa:

Kristinn Jörundsson í síma 693-3343 og Jón Gunnar Sævarsson í síma 663-7632.

## Spennandi starf á Akureyri

Óskað er eftir verksmiðjustjóra í nýja verksmiðju á Akureyri sem mun hefja framleiðslu í byrjun næsta árs, áætlað er að í verksmiðjunni munu starfa um 35 manns þegar hún verður full mönnuð.

### Starfsvið:

- Gerð framleiðsluáætlana
- Yfirumsjón með framleiðslu
- Samskipti við byrgja
- Tæknileg þróun og öryggismál
- Samskipti við hönnuði
- Yfirverkstjórn í verksmiðju
- Starfsmannamál
- Gæðaeftirlit
- Daglegur rekstur



### Mentun og hæfniskröfur:

- Iðn- eða tæknimentun
- Reynsla af stjórnunastörfum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Einingarverksmiðjan Borg er traust og öflugt framleiðslufyrirtæki í byggingariðnaði. Fyrirtækið framleiðir forsteyptar einingar fyrir íbúðarhús og önnur mannvirki. Hjá Borg starfa í dag rúmlega 40 manns á hinum ýmsu sviðum fyrirtækisins, framundan eru mjög spennandi og krefjandi verkefni. Borg leggur mikla áherslu á að laða til sín metnaðarfullt starfsfólk til þess að taka þátt í framtíð fyrirtækisins við framleiðslu á hágæðavörum.

Usóknir sendist á [borg@evborg.is](mailto:borg@evborg.is)

Upplýsingar gefur Þórhallur Barði í síma 517-8900.



## Laust starf í Apótekarinum Nóatúni

Almenn afgreiðsla: Apótekarinn í Nóatúni leitar að starfsmanni í 100% starf. Vinnutími er frá kl. 10.00-18.00 virka daga. Ekki er unnið um helgar.

### Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka og frágangur á vörum og lyfjum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða annað sambærilegt
- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg
- Almenn tölvukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi, stundvísi og samvirkusemi

Umsóknarfrestur er til 24. október nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. nóvember.

Umsækjendur er beðnir að senda usóknir til Andra Jónassonar, lyfsala í Apótekarinum ([andri.jonasson@apotekarinn.is](mailto:andri.jonasson@apotekarinn.is)), sem jafnframt veitir nánari upplýsingar í síma 568-7040.

Apótekarinn er önnur tveggja keðja lyfjaverslana sem Lyf og heilsa hf. rekur og eru verslanir viðsvegar um landið. Lyf og heilsa hf. leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum þjónustu sem tengist heilsu, heilbrigði og lífsgæðum.

Lyf og heilsa hf. • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík  
sími 522 5800 • Fax 561 4748  
[www.lyfoghelsa.is](http://www.lyfoghelsa.is)



## Áhugaverð störf í boði



### LAUS STÖRF Í LAUGUNUM Í REYKJAVÍK

ÍTR óskar eftir starfsfólki í Laugarnar í Reykjavík. Laugarnar eru tilvalinn starfsvettvangur fyrir fólk sem vill vinna í fjöru og skemmtilegu umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og þjónusta viðskiptavini. Laugarnar í Reykjavík eru alls sjö og tóku á mót tæplega 1,9 milljón gesta á síðasta ári.

Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu. Möguleiki á framtíðarstarfi.

#### GRAFARVOGSLAUG

Starfsmann vantar á kvennaböð. Nánari upplýsingar veitir Hafliði Halldórsson forstöðumaður í síma 510 4600 netfang: [hafliði.halldorsson@reykjavik.is](mailto:hafliði.halldorsson@reykjavik.is)

#### VESTURBÆJARLAUG

Starfsmann vantar á karlaböð. Nánari uppl. veitir Guðrún Arna Gyfjadóttir forstöðumaður í síma 551 5004 netfang: [guðrún.arna.gyfjadottir@reykjavik.is](mailto:guðrún.arna.gyfjadottir@reykjavik.is)

#### Hæfniskröfur:

Umsækjendur þurfa að standast hæfnispróf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði. Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast fólk, hafa góða þjónustulund og vera stundvísir.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþrótta- og tómstunda og eru lykilmál að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavinum sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu.



Íþrótt- og tómstunda svið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: [itr@itr.is](mailto:itr@itr.is), vefsíða: [www.itr.is](http://www.itr.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá sífaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og sam-band við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



### STARFSFÓLK Á FRÍSTUNDAHEIMILIN

ÍTR auglýsir eftir starfsfólki á frístundaheimilin. Frístundaheimili ÍTR bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir 6 – 9 ára börn við grunnskóla Reykjavíkurborgar þegar hefðbundnum skóladegi lýkur.

#### Fristundaráðgjafar/Leiðbeinendur

- 30-50% stöður eftir hádegi virka daga
- Menntunar- og hæfniskröfur:
- Uppeldismenntun á háskólastigi eða önnur sambærileg menntun
- Áhugi á frítímauppeldi/frístundastarfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Ef ekki fást fristundaráðgjafar í störfin verða ráðnir leiðbeinendur sem hafi reynslu og ánægju af starfi með börnum. Sérstaklega vantar fólk á frístundaheimilin í Grafarholti og í Breiðholti.

#### Fristundaráðgjafar/leiðbeinendur með stuðning

- 30-50% stöður eftir hádegi virka daga
- Frístundaheiðbeinendur með stuðning annast börn með sérþarfir á frístundaheimilunum.
- Menntunar- og hæfniskröfur:
- Reynsla eða menntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á frítímauppeldi/frístundastarfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Í sumum tilfellum krefst starf stuðningsaðlanna þess að þeir kunni tákna, tákni með tali eða hafi reynslu af vinnu með einhverfum.

Sérstaklega vantar fólk á frístundaheimilið við Óskjuhlíðarskóla.

Nánari upplýsingar um þessi störf eru veittar hjá starfsmannþjónustu ÍTR í síma 510 6600. Umsóknarsýðublið og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni [www.itr.is](http://www.itr.is).

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþrótta- og tómstunda og eru lykilmál að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavinum sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu.



Íþrótt- og tómstunda svið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: [itr@itr.is](mailto:itr@itr.is), vefsíða: [www.itr.is](http://www.itr.is)



Hita- og vatnsveita Mosfellsbæjar

## Starfsmaður óskast

Hita- og Vatnsveita Mosfellsbæjar óskar eftir að ráða starfsmann til veitunnar. Um er að ræða vinnu við dreifikerfi hita og vatnsveitu. Æskilegt er að viðkomandi hafi eitthvað af eftirfarandi réttindum:

Reynslu og réttindi við lagningu hita og vatnsveitulagna. Námskeið í jarðlagnatækni. Málmiðnaðarmenntun.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningi launafélagar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar

Umsjón og upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri tæknideildar Þorsteinn Sigvaldason ([ths@mos.is](mailto:ths@mos.is)) í síma 566-8450.

Umsóknarfrestur um starfið er til 27. október n.k.

Hita og vatnsveita Mosfellsbæjar

## Starfsmenn í einingaframleiðslu

BM Vallá ehf. óskar eftir að ráða röska og duglega starfsmenn í einingaframleiðslu fyrirtækisins í Garðabæ. Þar er m.a. verið að framleiða garðeiningar, húseiningar, pípur og rör.

Verið er að leita að starfsmönnum til framtíðarstarfa hjá fyrirtækinu.

Mikil og fjölbreytt vinna framundan. Unnið eftir bónuskerfi.

Einnig erum við að leita að starfsmönnum með lyftararéttindi til starfa í Garðabæ.

Allar nánari upplýsingar gefa: Kjartan Antonsson í síma 860 5020 og Hólmsteinn Hólmsteinnsson í síma 896 3222

Vinsamlegast sendið upplýsingar og fyrirspurnir á [kjartan@bmvalla.is](mailto:kjartan@bmvalla.is) eða [holmsteinn@bmvalla.is](mailto:holmsteinn@bmvalla.is)







## LAUS STÖRF

### LYF OG HEILSA Í MJÓDD

**Lyfjatæknir:** Lyf og heilsa í Mjódd leitar að lyfjatækni í fullt starf sem fyrst.

#### Helstu verkefni:

- Umsjón með lyfjaskömmun
- Samskipti við lækna og sjúklinga vegna lyfjaseðla og heimsendinga lyfjaskömmunar
- Umsjón með lausasölu lyfjum
- Vinna í receptur og almenn afgreiðsla
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum
- Daglegt fjárhagsuppgjör

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Lyfjatækniþróf
- Faglegur metnaður og sjálfstæði í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi, stundvísi og samvirkusemi

#### Umsóknarfrestur er til 24. október nk.

Umsækjendur er beðnir að senda umsóknir til Jóns Þórðarsonar, lyfsala í Lyf og heilsu Mjódd ([jon.thordarson@lyfogheilsa.is](mailto:jon.thordarson@lyfogheilsa.is)), sem jafnframt veitir nánari upplýsingar í síma 557-3390.

### LYF OG HEILSA Í DOMUS MEDICA

**Almenn afgreiðsla:** Lyf og heilsa í Domus Medica leitar að starfsmanni í 70%-100% starf sem fyrst.

#### Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka og frágangur á vörum og lyfjum
- Menntunar- og hæfniskröfur:
- Stúdentspróf eða annað sambærilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi, stundvísi og samvirkusemi

#### Umsóknarfrestur er til 24. október nk.

Umsækjendur er beðnir að senda umsóknir til Pálmars Breiðfjörð, lyfsala í Lyf og heilsu í Domus Medica ([palmars.breidfjord@lyfogheilsa.is](mailto:palmars.breidfjord@lyfogheilsa.is)), sem jafnframt veitir nánari upplýsingar í síma 563-1020.

Lyf og heilsa hf. rekur tvær kveðjur lyfjaverslana, annars vegar Lyf og heilsu og hins vegar Apótekarann og eru verslanir víðsvegar um landið. Lyf og heilsa hf. leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum þjónustu sem tengist heilsu, heilbrigði og lífsgæðum.

### LYF OG HEILSA HF.

Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík  
sími 522 5800 • fax 561 4748  
[www.lyfogheilsa.is](http://www.lyfogheilsa.is)



## Bílstjóri óskast

Mata óskar eftir að ráða skemmtilegan, röskan og þjónustulundaðan starfsmann í útkeyrslu á vörum þess í verslanir og til annara viðskiptavina auk þess að aðstoða við vörutiltektir og almenn lagerstörf þegar það á við.

Áhugasamir sendi umsókn til Mötu ehf. á netfangið: [eggert.g@mata.is](mailto:eggert.g@mata.is)



## Sérfræðingur á Ísafirði

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf sérfræðings við útibú Landsbankans á Ísafirði. Starfið felst m.a. í að sinna málefnum rekstraraðila í samvinnu við útibússtjóra og taka að auki þátt í fjölbreyttum verkefnum innan útibúsins sem tengjast einstaklings- og fyrirtækjaviðskiptum.

#### Helstu verkefni:

- Sala, þjónusta og fjármálaráðgjöf til viðskiptavina bankans
- Tengiliður við fyrirtæki í viðskiptum við útibúið
- Ýmis undirbúningsvinna er varðar áhættumat og ákvarðanatöku útlána
- Eftirlit með stöðu útlána

#### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Góð þekking á atvinnurekstri og efnahagslífi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veita Bergþóra Sigurðardóttir, forstöðumaður á starfsmannsviði, í síma 410 7907 og Inga Á. Karlsdóttir, útibússtjóri, í síma 410 810.

Umsóknir berist í tölvupósti til [bergsig@landsbanki.is](mailto:bergsig@landsbanki.is) fyrir 26. október nk.



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

## STARFSMENN Í FRAMLEIÐSLUDEILD

Við óskum eftir að ráða öfluga starfsmenn í framleiðsludeild Össurar.

Æskilegt er að umsækjendur séu áhugasamir um að takast á við nýja hluti, séu liprir í samskiptum og falli vel inn í hressan hóp starfsmanna í góðu starfsumhverfi.

Umsóknir sendist til okkar að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík, merkt **Össur – starfsúmsókn**.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 21. október næstkomandi.

Hægt er að sækja um starf á [www.ossur.is](http://www.ossur.is)

Nánari upplýsingar gefur starfsmannadeild í síma 515 1300.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

#### ÖSSUR HF.

GRJÓTHÁLSI 5  
110 REYKJAVÍK  
515 1300  
[WWW.OSSUR.COM](http://WWW.OSSUR.COM)



Life Without Limitations

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga

Vantar þig starfsfólk...



**RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN**

[www.radning.is](http://www.radning.is)

Háaleitisbraut 58 - 60 • Sími: 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)

# Hvernig verður maður þroskaþjálfari?

Þroskaþjálfar veita fötluðu fólki á öllum aldri fjölbreytilega þjónustu og ráðgjöf hvar sem er í samfélaginu. Tilgangurinn er að styðja við samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og gæta jafnréttis þeirra og lífsgæða á við aðra þegna þjóðfélagsins. Þroskaþjálfar hafa einnig hagnýta þekkingu á stefnumótun, skipulagi og í framkvæmd þjónustu. Starfið er gefandi og eru þroskaþjálfar ómissandi þáttur í lífi fatlaðs einstaklings.

## Námið

Þroskaþjálfanám er 90 eininga þriggja ára staðnám eða fjögurra ára fjarnám. Vettvangsnámið skiptist í tvö skólaár og er það samofað öðrum námskeiðum.

Viðfangsefnið í þroska-

þjálfanámi skiptast í þrjú svið; grunnnámskeið, hagnýtt fræði, þroskaþjálfarfræði og vettvangsnám. Strax á kjörsviðsmisseri geta nemendur sérhæft sig í starfi með börnum og unglingum eða í þjónustu við fullorðið fólk. Námið leitast við að gefa nemendum heildarsýn yfir hlutverk og starfsáherslur þroskaþjálfara á breytilegum vettvangi málefna fatlaðra, til dæmis einstaklingsmiðaða stöðþjónustu í formi ráðgjafar, fræðslu, þjálfunar og ummönunar. Kennaraháskóli Íslands kennir B.A. nám í þroskaþjálfun. Þeir þroskaþjálfar sem hafa lokið hafa námi í Þroskaþjálfaskóla Íslands geta lokið fimmtán eininga námi í KHÍ til að ljúka B.A. prófi.

## Helstu námsgreinar

Í grunnnámskeiðum er lögð áhersla á þau almennu fræðasvið sem sérfræðistarf þroskaþjálfans hvílir á. Í því skyni er fötlunarfræði kynnt sem eitt af meginfræðasviðum þroskaþjálfara. Á sviði hagnýtra fræða er áhersla á margþætta starfsmiðaða þekkingu. Við val á efnistöku er horft til starfa þroskaþjálfara sem og meginviðfangsefna þeirra í starfi. Sérstök áhersla er lögð á árangursrík samskipti við fjölskyldur og aðra samstarfsaðila. Í sálfræði fullorðinsáranna, miðaldurs og efrí ára er fjallað um þær breytingar sem tengjast æviskeiðunum og helstu áhrifaþáttum á vitrænan-, félagslegan- og tilfinningalegan þroska, ásamt kenn-

ingum um þróun persónuleikans. Í námskeiðum sem falla undir fræðasvið þroskaþjálfarfræði og vettvangsnám gefst nemendum kostur á að tengja og dýpka ofangreind fræðasvið við væntanlegan starfsvettvang í ljósi starfsábyrgðar og hugmyndafræði fagstéttarinnar í síbreytilegu samfélagi.

## Inntökuskilyrði

Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun. Í allmörgum námskeiðum KHÍ á síðari stigum námsins eru gerðar forkröfur. Í sérstökum tilvikum er hægt að veita undanþágu frá forkröfum. Í slíkum tilfellum þarf nemandi að sækja skriflega um það til forstöðumanns námsbrautarinnar.



Óskjuhlíðaskóli er barnaskóli fyrir nemendur með sérþarfir.

## KÓPAVOGSBÆR



### Hefur þú áhuga á gefandi starfi?

- Félagshjónustan í Kópavogi óskar eftir að ráða jákvæða og hugmyndafræða starfsmenn í hlutastarf til að starfa með 14 og 16 ára fötluðum drengjum, einn til fimm eftirmiðdaga í viku. Reynsla af starfi með fötluðum er æskileg.

Leitað er að einstaklingum með frumkvæði sem geta starfað sjálfstætt. Einnig er mikilvægt að viðkomandi hafi áhuga og ánægju af mannlegum samskiptum.

Allar nánari upplýsingar veitir Dagný Björk Pjetursdóttir á mánudögum og fimmtudögum í síma 570-1400.

Netfang:

[dagny@kopavogur.is](mailto:dagny@kopavogur.is)



## Fjölbreytt og gefandi starf

Hefur þú áhuga á að vinna með skemmtilegasta fólki í heimi. Þá ert þú að lesa rétta auglýsingu.

Nattúruleikskólinn Krakkakot á Álftanesi vill bæta þér í hóp þess frábæra starfsfólks sem þar vinnur.

**Okkur vantar starfsfólk í eftirtalin störf:** Leikskólakennara eða starfsfólk með reynslu af störfum í leikskóla. Um er að ræða tvær 100% stöður.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Hjördís Ólafsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 565-1388 eða 692-6648.



## Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi

Tækifæri – Þátttaka – Lífsgæði

Óskum eftir að ráða

### Forstöðuþroskaþjálfara/forstöðumann í búsetuþjónustu

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfamenntun eða önnur menntun af heilbrigðis, félags og/eða uppeldissviði
- Reynsla af starfi með einstaklingum með fötlun
- Reynsla af stjórnun og starfsmannamálum
- Skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og áhugi á að takast á við ný verkefni
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Jákvæðni og áráðni til að starfa við metnaðarfulla þjónustu

Hjá Svæðisskrifstofu Suðurlands er forstöðumönnum boðið upp á handleiðslu og ráðgjöf og áhersla lögð á markvisst samstarf milli þjónustueininga. Þar er unnið metnaðarfullt þróunarstarf við mótun þjónustu við fatlað fólk, með kjöroröfin efling sjálfstæðis og aukin lífsgæði að leiðarljósi.

Um er að ræða heimili að Álftaríma 2 á Selfossi en haustið 2006 er ráðgert að þjónustan flytjist í nýtt húsnæði í Hveragerði.

Umsóknarfrestur er til 31. október n.k. Um kjör fer skv. kjarasamningum Fjármálaráðuneytis og ÞÍ eða SFR. Nánari upplýsingar veita Sandra D. Gunnarsdóttir starfsmannastjóri, netfang [sandra@smfs.is](mailto:sandra@smfs.is) og Ragnheiður Hergeirsdóttir framkvæmdastjóri, netfang [ragnheidur@smfs.is](mailto:ragnheidur@smfs.is) og í síma 482-1922. Sjá einnig heimasíðu [www.smfs.is](http://www.smfs.is).

Umsóknir skulu sendar á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi, Gagnheiði 40, 800 Selfoss, merktar Forstöðumaður – Búseta.



## Við viljum þig!

Ef þú vilt vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað erum við með eftirtalin störf í boði á nýjum American Style veitingastað að Bildshöfða 14 í Reykjavík:

#### AÐSTOÐAR REKSTRARSTJÓRI:

##### Verksvið:

- Yfirmaður staðarins á kvöld- og helgarvöktum
- Uppgjör
- Talningar
- Þrif

##### Hæfniskröfur:

- Góð/ur í mannlegum samskiptum
- Þjónustulipurð
- Jákvæðni og dugnaður
- Geta unnið vel undir álagi

Unnið er 2-3 kvöld í viku og aðra hverja helgi. Miðað er við að umsækjendur séu 30 ára og eldri. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

#### VAKTSTJÓRI Á GRILLI:

##### Verksvið:

- Yfirmaður á grilli
- Starfar með grillurum
- Ber ábyrgð á gæðum
- Þrif

##### Hæfniskröfur:

- Góð/ur í mannlegum samskiptum
- Dugnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Geta unnið vel undir álagi
- Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg

Unnið er 4 virka daga og aðra hverja helgi í vaktavinnu, samtals um 200 tímar. Starfið er krefjandi. Miðað er við að umsækjendur séu 22 ára og eldri. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

#### STARFSFÓLK Í SAL OG Á GRILLI:

##### Verksvið:

- Afgreiðsla
- Matreiðsla
- Þrif
- Frágangur

##### Hæfniskröfur:

- Dugnaður
- Góð ástundun
- Geta unnið vel undir álagi

Í fullu starfi er unnið 4 virka daga og aðra hverja helgi í vaktavinnu.

Í hlutastarfi er unnið á kvöldin og um helgar skv. samkomulagi. Miðað er við að umsækjendur séu 18 ára og eldri.

American Style er rötgróið fyrirtæki sem opnar sinn fjórða veitingastað að Bildshöfða 14. Starfsmenn eru nú um 70. Á American Style starfar líflegur hópur fólks á öllum aldri og starfsaldur er með því hæsta sem þekktist í greininni.

Umsóknareyðublöð á öllum American Style stöðum og [americanstyle.is](http://americanstyle.is) Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Herwig s: 533-1048

# Öflugir einstaklingar í viðhaldsteymi

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir til að sinna fjölbreyttum störfum í fyrirtæki þar sem skipulag er út frá verkferlum. Samstarf, hópvinna og valddreifing eru lykilatriði, og mikil áhersla lögð á stöðugar endurbætur ásamt síaukinni hæfni og ábyrgð starfsmanna. Störfin veita einstaklingum sem sýna árangur í starfi einstakt tækifæri innan ört vaxandi stórfyrirtækis í alþjóðlegu umhverfi.

## Verkfræðingur í viðhaldsteymi



Frekari upplýsingar má fá á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is) og hjá Helgu Jónsdóttur ([helga@img.is](mailto:helga@img.is)) og Guðlaugi Arnarsyni ([guðlaugura@img.is](mailto:guðlaugura@img.is)) hjá Mannafl-Líðsáuki. Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2005. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls, [www.mannafl.is](http://www.mannafl.is), og láta þá ítarlega starfsferilskrá fylgja með.

### Ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á gerð og eftirfylgni útboðsgagna fyrir viðhaldsteymi.
- Umsjón með gerð og framkvæmd viðhalds- og verksamninga fyrir viðhaldsteymi.
- Sjá um samningagerð og samskipti við undirverktaka.
- Hafa eftirlit með að undirverktakar og birgjar uppfylli gæða- og öryggiskröfur Alcoa Fjarðaáls.
- Náið samstarf við innkaupateymi fyrirtækisins, framkvæmdastjóra viðhaldsteymis sem og aðra starfsmenn fyrirtækisins.

### Hæfniskröfur:

- Verkfræðimenntun af véla- eða rafmagnssviði.
- Reynsla af samningagerð og gerð útboðsgagna.
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg, bæði í rit- og talmáli.

Alcoa Fjarðaál er nýtt hátækni framleiðslufyrirtæki þar sem öll störf henta báðum kynjum sem og fólki á öllum aldri.

## Verkefnastjórar í viðhaldsstýringu (2 störf)

### Ábyrgðarsvið:

- Bæta áreiðanleika og gæði framleiðslunnar með því að áætla og skipuleggja fyrirbyggjandi viðhald og reglulegar ástandsskoðanir véla og tækja.
- Sjá um skráningu og greiningu á tæknigögnum sem gefa skýra mynd af stöðu viðhaldsmála og árangri.
- Sjá um samskipti og samhæfingu viðhaldsteymis og framleiðsluteyma.
- Náið samstarf við notendur búnaðar, viðhaldsteymi, innkaup og birgðahald.

### Hæfniskröfur:

- Iðnfræði eða iðnmenntun, t.a.m. vélfræði eða rafmagnsfræði. Önnur iðnmenntun kemur einnig til greina. Tæknifræðimenntun kostur en ekki skilyrði.
- Góð reynsla af viðhaldi véla og tækja.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg, bæði í rit- og talmáli.

### Almennar hæfniskröfur sem gerðar eru til allra starfsmanna fyrirtækisins eru:

- Hæfni í mannlegum samskiptum, leiðtogaþæfileikar og geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópstarfi.
- Árangursdrifni og vilji til að leita stöðugra endurbóta.
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. febrúar 2006. Vinnustaður er á Reyðarfirði.

Alcoa er fremsti framleiðandi heims á baxíti, súráli, hrááli og unnum álvörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 131.000 manns í meira en 43 löndum. Alcoa Fjarðaál byggir álver í Fjarðaabyggð sem tekur til starfa árið 2007 og verður eitt af stærstu álverum í Evrópu. Við undirbúning og framkvæmdir er náið samstarf við heimamenn haft að leiðarljósi.

Búðareyri 3  
730 Reyðarfjörður  
Sími 470 7700  
[www.alcoa.is](http://www.alcoa.is)

## Alcoa Fjarðaál



## Tækniteiknarar

TAV, Teikniþjónusta arkitekta og verkfræðinga, er nýtt fyrirtæki í Reykjavík sem veitir tölvuteikniþjónustu fyrir fagaðila í byggingargeiranum. Við leitum að duglegu og jákvæðu starfsfólki með góða kunnáttu á Autocad, Autodesk Architectural Desktop, eða sambærilegu hönnunarforriti.

Við leitum bæði að tækniteiknarara í 100 % starf á teiknistofu TAV og/eða tækniteiknarara sem gæti tekið að sér stök verkefni í verktakavinnu. Sú vinna gæti verið unnin á staðnum eða annarsstaðar. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa metnað til að takast á við ögrandi verkefni.

Umsókn með starfsferilskrá sendist á [tav@tav.is](mailto:tav@tav.is) sem allra fyrst. Svör við fyrirspurnum veitir Sveinn í síma 664-7060.



Starfsmaður óskast hjá EAS bæti efnum. Starfið felur í sér almenna afgreiðslu á bæti efnum, reikningagerð ásamt því að þjónusta og virkja samskipti við sölustaði EAS. Góð þjónustulund og frumkvæði í starfi skilyrði. Stefna EAS er að upplýsa og fræða fólk um mikilvægi hollis mataræðis ásamt markvissri hreyfingu. Umsóknir skulu sendar til [eas@bmagnusson.is](mailto:eas@bmagnusson.is) eða til B.Magnússon hf. Austurhrauni 3 í Garðabæ. Vinnutími 9-18 alla virka daga - framtíðarstarf.



Frábært tækifæri fyrir metnaðarfullan starfskraft!



## Byggingaverkamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða byggingaverkamenn.

Nánari upplýsingar gefa Kristján Yngvason í sími 693-7005 og Kári Bessonon í síma 693-7004.

Umsóknir berist á skrifstofu JB Byggingafélags, Bæjarlind 4. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins [www.jbb.is](http://www.jbb.is)

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og líflegt starfsmannafélag. Næg verkefni eru framundan.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga

Vantar þig starfsfólk...



[www.radning.is](http://www.radning.is)

Háaleitisbraut 58 - 60 • Sími: 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)



## Kennari og stuðningsfulltrúi óskast að Gaulverjaskóla skóla- og meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga á Suðurlandi

Á næstunni hefst starf í nýstofnuðum skóla fyrir börn á aldrinum 10-16 ára með hegðunar- og tilfinningaraskanir. Skólinn er staðsettur í Gaulverjabæ, sem er í 12 km fjarlægð frá Selfossi. Reiknað er með að skólinn taki við fyrstu nemendum í janúar nk. Gert er ráð fyrir að ráðningar taki gildi í byrjun árs 2006.

Í skólanum fer fram kennsla og meðferð og þjónar hann börnum og unglingum úr sveitarfélögum á Suðurlandi. Reiknað er með að skólinn taki 10-16 börn í einu. Um er að ræða tímabundið úrræði í 3-6 mánuði í senn. Áhersla er lögð á náð samstarf við heimaskóla og foreldra/forráðamanna barnanna.

Meðferðarúrræðið ART (Aggression Replacement Training) verður notað við skólann og felur meðferðin í sér þjálfun í félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði. Námskeið fyrir verðandi starfsfólk skólans verður dagna 28. nóv. – 4. desember nk., frá mánudegi til laugardags. Nauðsynlegt er að væntanlegir starfsmenn geti setið námskeiðið.

Starfsmenn vinna náð saman sem teymi og vinna í samstarfi við heimaskóla, foreldra, Skólaskrifstofu Suðurlands, félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og aðra þá aðila sem mál nemenda varðar. Mikilvægt er að í starfsmannahópnum séu bæði karlar og konur og að starfsmenn séu tilbúnir til að takast á við ný og ögrandi verkefni og umhverfi.

### Störf til umsóknar:

#### KENRARAR

Kennarar sinna kennslu nemenda og taka þátt í teymisvinnu varðandi meðferð og nám barnanna. Starfið felur í sér talsverðan undirbúning og jafnvel námsefnisgerð. Kennarar þurfa einnig að sinna gæslu nemenda í frímínútum og öðrum hléum. Nauðsynlegt er að bæði karlar og konur starfi við skólann og eru því karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun.
- Æskilegt að viðkomandi hafi sérhæfingu í lestrarkennslu og/eða sérkennararéttindi OG/EDA að viðkomandi sé handlaginn og geti sinnt smíðakennslu, handverkskennslu og/eða viðgerðum á vélum og öðrum tækjum.
- Rík þolinmæði og umburðarlyndi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Færni í agastjórnun.
- Hæfni í kennsluáætlanagerð og teymisvinnu.
- Sveigjanleiki.

#### SKÓLALIÐI/STUÐNINGSFULLTRÚI

Starfsmaðurinn sinnir aðstoð við nemendur, ræstingum og gæslu eftir þörfum. Hann er hluti af teymi skólans og situr fagfundum eftir því sem þörf er á. Nauðsynlegt er að bæði karlar og konur starfi við skólann og eru því karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla og færni í ræstingum.
- Vandvirkni og skipulagshæfni.
- Rík þolinmæði og umburðarlyndi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Sveigjanleiki.

Laun eru skv. kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi og launaneftar sveitarfélaga og miðast við álag í starfi og umfang starfs.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 15. október 2005 og skulu umsóknir sendar til Skólaskrifstofu Suðurlands merktar:

**Skólaskrifstofa Suðurlands  
v/Gaulverjaskóla**

**Austurvegi 56**

**800 Selfoss**

Nánari upplýsingar veita Kristín Hreinsdóttir, forstöðumaður Skólaskrifstofu Suðurlands í síma 482 1905 og 862 9905, netfang: [khreins@sudurland.is](mailto:khreins@sudurland.is) og Ragnar S Ragnarsson sálfræðingur í síma 482 1905, netfang: [ragrarr@ismennt.is](mailto:ragrarr@ismennt.is).



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## STARFSMAÐUR Í SÍMSVÖRUN

Laust er til umsóknar hálf starf símavardar á upplýsingaskrifstofu. Upplýsingaskrifstofan hefur m.a. það hlutverk að þjónusta aðal-símanúmer Háskólans og hafa umsjón með póstdreifingu, auk almennrar upplýsingaþjónustu við nemendur og gesti skólans.

Leitað er að starfsmanni með þjónustuvilja og hæfni í samskiptum. Gott vald á íslensku og færni í ensku og Norðurlandamáli er skilyrði. Reynsla af símsvörun er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 31. október 2005.

Nánari upplýsingar: Þóra M. Pálsdóttir, starfsmannasviði í síma 525 5220, netfang [thp@hi.is](mailto:thp@hi.is).

Sjá nánar á [www.hi.is/page/storf](http://www.hi.is/page/storf) og [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans. Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



## Starfsmaður óskast

Salathúsið óskar að ráða röskan, stundvísan og jákvæðan starfsmann til almennra framleiðslustarfa í salatgerð þess í Reykjavík.

Umsókn sendist til Salathússins ehf. á netfangið: [eggert.g@mata.is](mailto:eggert.g@mata.is)

### Help wanted

Salathúsið is seeking a person to work in its salad factory in Reykjavík. Person must be hygienic, punctual and positive.

Please send applications to [eggert.g@mata.is](mailto:eggert.g@mata.is)

## Vaktmaður – næturvinna

Viljum ráða til okkar vaktmanneskju til eftirlits- og þjónustustarfa á nóttunni. Unnið er aðra hvora viku en frí hina. Um fullt starf er að ræða, ráðið verður í starfið fljótlega.

## Næturæstingar

Óskum eftir starfsfólki til ræstinga að nóttu til, frá kl 4.00 e.m. Unnið er í 7 daga og síðan frí í 7 daga. Æskilegt aldurstakmark 25 ára, þó ekki skilyrði.



**Hreint**

Auftráku 8, 200 Kópavogur, sími 554 9088, [hreint@hreint.is](mailto:hreint@hreint.is), [www.hreint.is](http://www.hreint.is)



## STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR ÓSKAST FYRIR FÖTLUÐ BÖRN

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir að ráða fjölskyldur eða einstaklinga sem eru tilbúin til að gerast stuðningsfjölskyldur í tvo til þrjá sólarhringa á mánuði fyrir fötlúð börn búsett á stórhöfuðborgarsvæðinu. Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að létta álagi af fjölskyldu fatlaðs barns.

Nánari upplýsingar um starf stuðningsfjölskyldu eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900. Umsóknareyðublað má nálgast á skrifstofu okkar að Fjarðargötu 13-15 eða á heimasíðunum [www.smfr.is](http://www.smfr.is) og [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

# Skrýtið að vera skrifa á hækjum

Sigríður Halldórsdóttir er skrifa á fréttastofu Sjónvarpsins. Hún segir að starfið felist meira í því að hlaupa um og redda hlutum en að sitja við skrifrit.

„Ég aðstoða við útsendingu og er ein af þeim sem koma fréttunum í loftið. Ég hjálpa líka til við að finna myndefni fyrir fréttirnar og svara símtölum. Svo hjálpa ég fréttamönnum og öllum sem vinna hérna. Ég geri bara það sem þarf að gera hverju sinni,“ segir Sigríður. Hún segir að starfið sé mjög breytilegt dag frá degi. „Oft getur verið mikið stress en stundum koma líka rólegir dagar.“

Sigríður kláraði menntaskóla síðasta vor og er tiltölulega nýbyrjuð að vinna sem skrifa. „Ég er búin að vera í þessu í svona einn og hálfan mánuð og mér finnst þetta ofsalega skemmtilegt starf. Ég er líka að vinna með mjög skemmtilegu fólki og hitti mikið af skemmtilegu fólki í gegnum vinnuna.“

Sigríður segir að þó að starfsheitið sé kannski svolítið villandi þá hafi það örugglega einhvern tímann lýst starfinu vel. „Ég

held að áður fyrr hafi falist meiri skrifritir í þessu starfi, en það er ekki svoleiðis lengur. Starfið felst miklu meira í því að vera á ferðinni en að sitja og skrifa.“

Sigríður hleypur reyndar ekkert mikið um í vinnunni þessa dagana því hún er fötbrotin. „Ég sit að mestu við skrifborðið mitt núna og vinn það sem ég þarf að gera í tölvu. Það er svolítið hlegið að mér í vinnunni af því að ég er skrifa á hækjum.“

[emilia@frettabladid.is](mailto:emilia@frettabladid.is)

Sigríður er á hækjum í vinnunni þessa dagana.





Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður

## Áhugaverð störf í boði



### MENNTASVIÐ

#### Laus störf í grunnskólum

##### Borgarskóli, sími 557-2900

Skólaliði í baðvörslu (stúlkna). Um er að ræða 100% stöðu.  
Síðdegisræsting á skólastofum. Um er að ræða hlutastöðu.



##### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

##### Háteigsskóli, sími 530 4300

Stuðningsfulltrúi í 50 til 60% stöður. Vinnutími frá kl.8.30-14.  
Skólaliða í eldhúsi, 50% stöðu. Vinnutími frá kl. 11:00 til 15:00.  
Skólaliða í 50% stöðu. Vinnutími frá 9-13 eða samkomulagsatriði.

##### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

Ritarastaða í 55% stöðu. Um er að ræða breytilegan vinnutíma  
ýmist fyrir hádegi eða eftir hádegi.

##### Hæfniskröfur:

Almennt tölvukunnátta  
Hæfni í mannlegum samskiptum  
Þjónustulund  
Skipulagður í vinnubrögðum

##### Hlíðarskóli, sími 552 5080

Umsjónarkennari óskast í 5. bekk. Um er að ræða 100% stöðu.

##### Menntunar- og hæfniskröfur:

Kennarapróf  
Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

Skólaliði í baðvörslu (drengra) 100% starf. Starfið felst m.a. í gæslu  
á börnum og almennum þrífum.

##### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

##### Ingunnarskóli, sími 585 0400

Kennari til nýbúakennslu. Um er að ræða 50% starf.

##### Hæfniskröfur:

Kennarapróf  
Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

Stuðningsfulltrúi. Um er að ræða 100% starf.

##### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

Skólaliði í baðvörslu stúlkna og drengra. Um er að ræða 100%  
starf. Einnig er óskað eftir baðverði í kvöld og helgarvinnu.

##### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

##### Klébergsskóli, sími 6648270/ 566 6083

Kennari óskast vegna barnsburðaleyfis í 4. og 5. bekk frá og með  
1. nóv. Um er að ræða 100% stöðu.

##### Hæfniskröfur:

Kennarapróf  
Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi  
skólum. Umsóknir ber að senda til viðkomandi skóla. Laun eru  
samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi  
stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á  
[www.grunnskolar.is](http://www.grunnskolar.is)

#### Laus störf í leikskólum

**Austurborg.** Háaleitisbraut 70 í síma 588-8545. Um er að ræða 100% stöðu.  
[austurborg@leikskolar.is](mailto:austurborg@leikskolar.is)



**Árborg.** Hlaðbæ 17 í síma 587-4150.

Um er að ræða 100% stöðu.  
[arborg@leikskolar.is](mailto:arborg@leikskolar.is)

**Brekkuborg.** Hlíðarhúsum 1 í síma 567-9380. Um er að ræða  
100% stöðu.  
[brekkuborg@leikskolar.is](mailto:brekkuborg@leikskolar.is)

**Geislabaugur.** Kristnibraut 26 í síma 517-2561. Um er að ræða  
100% stöðu.  
[geislabaugur@leikskolar.is](mailto:geislabaugur@leikskolar.is)

**Kvarnaborg.** Árkvörn 4 í síma 567-3199. Um er að ræða 100%  
stöðu.  
[kvarnaborg@leikskolar.is](mailto:kvarnaborg@leikskolar.is)

**Rauðaborg.** Viðarási 9 í síma 567-2185. Um er að ræða 100%  
stöðu.  
[raudaborg@leikskolar.is](mailto:raudaborg@leikskolar.is)

#### Deildarstjóri

Óskað er eftir deildarstjóra til starfa.

**Ösp.** Iðufelli 16 í síma 557-6989. Um er að ræða 100% stöðu.  
[osp@leikskolar.is](mailto:osp@leikskolar.is)

##### Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun áskilin  
Hæfni og reynsla í stjórnun  
Færni í mannlegum samskiptum  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð  
Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

#### Sérkennsla

Stöður sérkennara eru lausar til  
umsóknar í eftirtöldum leikskólum:

**Geislabaugur.** Kristnibraut 26 í síma 517-2560. Starfshlutfall er  
samkomulagsatriði.  
[geislabaugur@leikskolar.is](mailto:geislabaugur@leikskolar.is)

**Fellaborg.** Völvufelli 9 í síma 557-2660. Um er að ræða 100%  
stöðu.  
[fellaborg@leikskolar.is](mailto:fellaborg@leikskolar.is)

**Heiðarborg.** Selásborg 56 í síma 557-7350. Um er að ræða 75%  
stöðu.  
[heidarborg@leikskolar.is](mailto:heidarborg@leikskolar.is)

**Seljakot.** Rangárseli 15 í síma 557-2350. Um er að ræða 80-100%  
stöðu.  
[seljakot@leikskolar.is](mailto:seljakot@leikskolar.is)

**Sólbakki.** Stakkahlíð 19 í síma 552-2725. Um er að ræða 75%  
stöðu.  
[solbakki@leikskolar.is](mailto:solbakki@leikskolar.is)

**Ægisborg.** Ægisíðu 104 í síma 551-4810. Um er að ræða 100%  
stöðu.  
[aegisborg@leikskolar.is](mailto:aegisborg@leikskolar.is)

##### Hæfniskröfur:

Leikskólasérkennari, þroskaþjálfari eða háskólamenntun á sviði upp-  
eldis- eða sálfræði.  
Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg  
Færni í mannlegum samskiptum  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð  
Nákvæmni í starfi

#### Yfirmaður í eldhúsi

**Grænaborg.** Eiríksstötu 2, í síma 551-4470. Um er að ræða 100%  
staða [graenaborg@leikskolar.is](mailto:graenaborg@leikskolar.is)

**Seljakot.** Rangárseli 15 í síma 557-2350. Um er að ræða 100%  
stöðu.  
[seljakot@leikskolar.is](mailto:seljakot@leikskolar.is)

##### Hæfniskröfur:

Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu  
Góð þekking á næringarfræði  
Þekking á rekstri  
Hæfni í mannlegum samskiptum

#### Staða skólastjóra Öskjuhlíðarskóla

Laus er staða skólastjóra við Öskjuhlíðar-  
skóla frá og með 1. janúar 2006.

Skólinn, sem er einn af grunnskólum Reykjavíkur, er sérskóli  
fyrir þroskahefta nemendur í 1.-10. bekk. Tæplega 100 nem-  
endur, sem búsetu eiga í ýmsum sveitarfélögum auk Reykja-  
víkur, eru í skólanum. Markmið skólastarfsins er að gera nem-  
endur hæfa til þátttöku í samfélaginu á sem flestum sviðum  
eftir því sem geta þeirra leyfir. Lögð er áhersla á einstaklings-  
miðað nám nemenda þar sem margar fagstéttir vinna saman  
að skipulagningu námsins. Skólinn sinnir ráðgjöf varðandi sér-  
kennslu til kennara og annarra fagstétta í almennum grunn-  
skólum.

##### Meginhlutverk skólastjóra er að:

stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans  
veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í  
skólastarfi. Leitað er að umsækjanda sem hefur: Kennaramennt-

un, en framhaldsmenntun á sviði sérkennslu og stjórnunar er  
æskileg, hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun hefur  
reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum og er  
lipur í mannlegum samskiptum.  
Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstak-  
lingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd  
þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að  
styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða  
frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir um-  
sækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna  
er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 24. október 2005. Um-  
sóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101  
Reykjavík. Upplýsingar gefa Anna Kristín Sigurðardóttir,  
[anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is) og Auður Jónsdóttir,  
[audur.jonsd@reykjavik.is](mailto:audur.jonsd@reykjavik.is) og í síma 411 7000. Laun eru skv.  
kjarasamningi LN og KÍ.



Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.  
Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/starf](http://www.reykjavik.is/starf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá  
starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla.  
Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur  
stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýs-  
ingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.



## Starfsmenn í Ísheima óskast

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum til starfa í Ísheimum, frysti-geymslu Samskipa.

**Hæfniskröfur** Reynsla af vöruhúsavinnu er kostur en ekki skilyrði. Gerð er krafa um stundvísi, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa fagaða framkomu, vera samviskusamur og hafa hreinan sakaferil.

**Áhugasamir** Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa [www.samskip.is](http://www.samskip.is). (veljið „Starfsmaður í Ísheimum – auglýst staða 16.10.05“) fyrir 19. október 2005. Finnboði Gunnlaugsson, rekstrarstjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8560 eða 858 8560.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

# SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • [samskip.is](http://samskip.is)

## Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

Hjá Samskipum er kraftmikið starfsmannafélag með fjölbreytta starfsemi, s.s. golfklúbb, siglingaklúbb og aðgang að 8 tonna skemmtibát, fimm sumarhústaði að Bifröst og margt fleira skemmtilegt. Hjá Samskipum á Íslandi vinna 650 skemmtilegir starfsmenn.

## Viltu ekki slást í hópinn?

ARIELS / ICHERI



## Fararstjóranámskeið Apollo í Egyptalandi

Norræna ferðaskrifstofan Apollo hefur hafið starfsemi á Íslandi og stefnir að því að ráða í sína þjónustu íslenskumælandi fararstjóra. Apollo efnir árlega til námskeiðs fyrir verðandi fararstjóra og næsta námskeið verður haldið í Egyptalandi í lok janúar.

Ef þú uppfyllir neðangreindar kröfur er þér velkomið að sækja um aðgang að námskeiðinu með því að senda umsókn á dönsku, norsku eða sænsku á netfangið [langferdir@langferdir.is](mailto:langferdir@langferdir.is).

- Ert á aldrinum 21-35 ára.
- Talar góða dönsku/norsku/sænsku og ensku og hefur helst búið í einu Norðurlandanna.
- Hefur lokið stúdentsprófi.
- Hefur starfsreynslu úr þjónustustörfum.
- Hefur bílpróf.

Námskeiðið verður haldið í Hurghada í Egyptalandi 19. jan.-9. feb. 2006. Námskeiðsgjald er 101.000 kr. og innifalið er allar ferðir, dvöl í 2ja manna herbergi á 4ra stjörnu hóteli, hálf tæði kynnisferð til Kairó, námsgögn og tryggingar.

Að námskeiðinu loknu er þáttakendum ekki tryggð vinna hjá Apollo en eðlilega munu umsóknir þeirra liggja efst í umsóknarbúnaðnum. Stefnt er að því að ráða a.m.k. þrjá íslensku mælandi fararstjóra til starfa næsta sumar.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni [www.apollorejser.dk](http://www.apollorejser.dk) (Om Apollo – Rejselederskolen).

# LANGferðir



## Bílstjóri óskast

Mata óskar eftir að ráða skemmtilegan, röskan og þjónustulundaðan starfsmann í útkeyrslu á vörum þess í verslanir og til annara viðskiptavina auk þess að aðstoða við vörutílektir og almenn lagerstörf þegar það á við.

Áhugasamir sendi umsókn til Mötu ehf. á netfangið: [eggert.g@mata.is](mailto:eggert.g@mata.is)

## Leik Höllin

Leikur og List

Við bjóðum upp á námskeið í

- Barnaleikfimi
- Tónlist
- Myndlist
- Meðgöngujóga
- Ungbarnanuði
- Mömmuleikfimi

Námskeiðin eru fyrir börn frá aldrinum 2 mánaða til 6 ára.

Allar nánari upplýsingar og skráning í síma: 5177900 eða sendu okkur tölvupóst á [leikhollin@leikhollin.is](mailto:leikhollin@leikhollin.is)

Fyrstu námskeiðin hefjast 18. október!!

[www.leikhollin.is](http://www.leikhollin.is)

Bæjarlind 14-16 Kóp

## – flott fyrir þig!

### Deildarstjóri flísadeildar

Parki óskar eftir að ráða deildarstjóra flísadeildar sem fyrirhugað er að opna á næstunni. Æskilegt er að viðkomandi búi yfir: reynslu og þekkingu á sölu og innkaupum á flísum, frumkvæði, metnaði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Deildarstjóri mun sjá um samskipti við erlenda og innlenda birgja. Leitað er eftir einstaklingi sem að er reiðubúinn að takast á fjölbreytt verkefni og móta og þróa þessa nýju deild. Um er að ræða spennandi starf hjá vaxandi fyrirtæki.

### Lagermaður

Parki óskar eftir að ráða lagermann til starfa. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Leitað er að stundvísu, áreiðanlegum og þjónustulunduðum einstaklingi. Afgreiðslutími er frá kl. 8-18 virka daga og á laugardögum 10-15.

Fullum trúnaði heitið. Umsóknir sendist á [parki@parki.is](mailto:parki@parki.is) Upplýsingar eru hvorki gefnar á staðnum né í síma. Öllum umsóknum verður svarað.

Parki ehf. rekur sérverslun með parket, náttúrustein innihurðir ofl. Við leggjum áherslu á gæði og nýjungar á okkar sviði ásamt því að veita fagmannlega og lipra þjónustu.

**Parki**  
INTERIORS í húsið

Dalveggi 18 · Kópavogi · Sími: 564 3500

## Glæst framtíð

### SÖLUFÓLK aukavinna

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólk. Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl 17-22 virka daga og frá kl 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 515-6175 frá kl 09-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: [olafia.b.rafnisdottir@365.is](mailto:olafia.b.rafnisdottir@365.is)



365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

#### Byggingarfulltrúi/bæjarskipulag:

- Skrifstofustarf
- Afgreiðslustarf

#### Héraðsskjalasafn:

- Starf héraðsskjalavarðar

#### Félagsþjónusta:

- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagleg heimaþjónusta
- Starf með fötludum drengjum

#### Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Helgarvinna þaðv/afgr. karla og kvenna
- Hlutastarf þaðvarsla kvenna

#### Sundlaug Kópavogs:

- Laugarvarsla/baðvarsla kvenna 80%

#### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

##### Digranesskóli:

- Gangavörður/ræstir

##### Hjallaskóli:

- Matráður 70%
- Dægradvöl 50%

##### Kársnesskóli:

- Íþróttakennari 16 st. á viku
- Forfallakennari
- Dægradvöl

##### Kópavogsskóli:

- Forfallakennari

##### Lindaskóli:

- Starfsmenn í Dægradvöl
- Forfallakennari

##### Salaskóli:

- Dægradvöl

#### Nánari upplýsingar á:

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)  
og [www.job.is](http://www.job.is)



#### SJÚKRALIÐAR

Sjúkraliðar óskast nú þegar eða eftir samkomulagi.

Um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall eftir samkomulagi.

#### STARFSFÓLK TIL UMÖNNUNARSTARFA

Einnig óskum við eftir fólki til umönnunarstarfa.

Vaktavinnu, starfshlutfall eftir samkomulagi. Unnið eftir timecare vaktastjórnunarkerfi.

#### UPPLÝSINGAR VEITIR:

Áslaug Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri  
Sími 5604163/ 8944128  
Netf. [aslaug@sunnuhlid.is](mailto:aslaug@sunnuhlid.is)

## AUGLÝSINGASÍMI

# 550 5000

## FRÉTTABLAÐIÐ



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Sérfræðistörf hjá PFS

#### Verkfræðingur

Verkfræðingur skipuleggur m. a. notkun tíðnirófsins og eftirlit með þráðlausum fjarskiptum. Hann stýrir einnig verkefnum er lúta að almennum fjarskiptanetum og notkun Internetsins. Í starfi þessu reynir á frumkvæði, verkstjórn og hæfileikann til að kynna sér nýjungar.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi verkfræðimenntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi jafnframt reynslu af þráðlausum fjarskiptum og almennum fjarskiptanetum auk þess að hafa starfsreynslu við rekstur fjarskiptakerfa.

#### Sérfræðingur í net- og upplýsingaöryggi

Sérfræðingur stýrir og tekur þátt í verkefnum, sem stuðla að auknu net- og upplýsingaöryggi á Íslandi. Hann sinnir einnig málum er tengjast Internetinu og samruna fjarskipta og upplýsingatækni.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu verkfræðingar, tölvunarfræðingar eða með sambærilega menntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af innleiðingu öryggisstaðla og rekstri upplýsingakerfa. Tjáningarhæfni er jafnframt mikilvæg í starfi þessu.

#### Lögfræðingur

Lögfræðingur semur lögfræðilegar álitgerðir og stjórnarsýsluákvæðanir. Hann annast lögfræðilega ráðgjöf, samskipti við póst- og fjarskiptafyrirtæki og undirbúning að gerð stjórnarsýslureglna. Hér er um að ræða krefjandi starf þar sem reynir á frumkvæði, lögfræðilega getu og kunnáttu.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi embættispróf í lögfræði, en haldgóð þekking á sviði fjarskipta- og/eða stjórnarsýslumála eða samkeppnisréttar er kostur.

#### Almennar hæfniskröfur í ofangreind störf

Góð íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti auk kunnáttu í einu Norðurlandamáli. Áhersla er lögð á frumkvæði, faglegan metnað og skipuleg vinnubrögð, hæfni í mannlegum samskiptum og metnað til árangurs í starfi.

Í boði eru áhugaverð störf og ögrandi verkefni í góðu starfsumhverfi. PFS er í öfluglu samstarfi við alþjóðasamtök og erlendar systurstofnanir í aðildarlöndum EES.

Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk. Gengið verður frá ráðningum skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Guðný Harðardóttir og Birna V. Jakobsdóttir veita nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is) ásamt viðeigandi prófgögnum.

[www.pfs.is](http://www.pfs.is)



Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í 20 ár



### Skrifstofustjóri óskast

Starf skrifstofustjóra Reykhólahrepps er laust nú þegar vegna forfalla til 1. september 2006.

Skrifstofustjórinn starfar sem launafulltrúi, bókarí, gjaldkeri og vinnur almenn skrifstofustörf. Unnið er með SFS-bókhaldskerfi og launakerfið H-laun. Reynsla af bókhaldi nauðsynleg. Góð laun í boði. Athugið að um tímabundna ráðningu er að ræða. Nánari uppl. hjá sveitarstjóra í síma 434 7880. Netfang [sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is)

Á Reykhólum er mikil náttúrufegurð og einungis tæplega 3 tíma akstur til Reykjavíkur. Þar er öll almenn þjónusta fyrir hendi s.s. leikskóli, grunnskóli, mjög góð sundlaug, bókasafn, heilsugæsla og verslun. Verið er að taka í notkun nýtt og glæsilegt íþróttahús

Reykhólahreppur • [www.reykholar.is](http://www.reykholar.is)



### Smiðir

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða smiði í mælingu, úti og innvinna. Mikil og góð vinna framundan.

Upplýsingar gefa Kristján Yngvason í síma 693-7005 og Kári Besson í síma 693-7004 Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins [www.jbb.is](http://www.jbb.is)

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og líflegt starfsmannafélag.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333.

www.flugfelag.is | sími 570 3030 | fax 570 3001

# Starfsmaður á tæknilager - Akureyri



**Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða starfsmann til framtíðarstarfa á lager tæknideildar félagsins á Akureyrarflugvelli.**

#### Starfssvið:

- Umsjón með varahlutalager tæknideildar
- Móttaka og sending íhluta
- Skráning í tölvukerfi
- Aðstoð við flugvirkja við þrif á flugskýli, flugvélum o.fl.

#### Hæfniskröfur:

- Góðir skipulagshæfileikar, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sveigjanleiki
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Stundvísi og reglusemi
- Iðnmenntun æskileg ásamt reynslu af lagerstörfum og skáningu í miðlægan gagnagrunn
- Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi, vera talnaglöggar og samviskusamur

#### Umsóknarfrestur:

Skriflegar umsóknir, merktar ofangreindu starfi, berist starfsmannastjóra Flugfélags Íslands eigi síðar en 24. október nk. Rafrænar umsóknir sendist með tölvupósti á netfangið umsoknir@flugfelag.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu félagsins, www.flugfelag.is.

*Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.*

*Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa gaman af vinnunni sinni.*

*Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 230 manns sem allir gegna lykhillutverki í starfsemi þess.*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Starfsmaður óskast í fullt starf á skrifstofu byggingarfulltrúa.**

*Starfssvið er m.a.:*

- Fundarboðun, móttaka umsókna, umsjón með undirbúningi, fundarritun og frágangi byggingarnefndarfunda.
- Skrifstofustörf og skjalavistun.

*Menntunar- og hæfniskröfur:*

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg framhaldsmenntun æskileg.
- Almenn tölvufærni m.a.í Outlook, Word, Excel og Power Point.

**Starfsmaður óskast í fullt starf í sameiginlega afgreiðslu byggingarfulltrúa og bæjarSKIPULAGS.**

*Starfssvið er m.a.:*

- Afgreiðsla, símsvör, ljósritun o.fl.

*Menntunar- og hæfniskröfur:*

- Almenn grunnmenntun.
- Almenn tölvufærni m.a.í Outlook, Word, Excel.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kópavogs. Umsóknnum skal skila fyrir 25. október 2005 á skrifstofu byggingarfulltrúa og bæjarSKIPULAGS að Fannborg 6, 200 Kópavogi.

Nánari upplýsingar um störf veita byggingarfulltrúi og skipulagsstjóri í síma 570-1450.

Sjá ennfremur: [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) og [www.job.is](http://www.job.is)



### Stjórnmalafulltrúi

Sendiráð Bandaríkjanna óskar eftir að ráða stjórnmalafulltrúa.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: [www.usa.is](http://www.usa.is).

Umsóknarfrestur er til 26. október 2005.

**byggto og búíð**  
Kringlunni  
Smáralind 554 7760 568 9400

#### UMSJÓN AFGREIÐSLUBORÐS

Óskum eftir samstarfi við manneskju til að sjá um afgreiðsluborð okkar í Kringlunni, ásamt því að selja vörur á miðpalli verslunar. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera jákvæður og drifandi, með ríka þjónustulund og frumkvæði. Reynsla af sölumennsku æskileg. Í boði er fullt starf eða hluta. Þyrfti að geta byrjað sem fyrst.

Vinsamlega hafið samband við Hallgrím 893-8303 eftir helgi. Sendið okkur E-mail: [elly@byggtoogbuid.is](mailto:elly@byggtoogbuid.is) eða sendið inn umsókn: Byggt og búíð, Kringlunni 4 -12, 103 Reykjavík.



#### Kynniferðir ehf. óska eftir að ráða starfsmann í 50% vinnu.

Um er að ræða létt lager- og umhirðustarf, vinnutími frá kl. 06:30-10:30, virka daga. Vinnustaður er í Umferðarmiðstöðinni, þar sem umsóknareyðublöð fást.

Upplýsingar um starfið gefur rekstrarstjóri í síma 580-5402 eða 8600-302.

Umsóknir sendist á Kynniferðir ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi merkt „Lager“, eða með tölvupósti á netfangið [sigfus@re.is](mailto:sigfus@re.is).

Umsóknarfrestur er til 20. október 2005.

**Óskum eftir barngóðri konu (ömmu) til aðstoðar við að gæta tveggja barna og við létt heimilisstörf síðdegis a.m.k. þrjá daga í viku.**

**Nánari upplýsingar í síma 5886127 eða 8226127 / 8999064.**

#### SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl 17-22 virka daga og frá kl 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 515-6175 frá kl 09-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: [olafia.b.rafnisdottir@365.is](mailto:olafia.b.rafnisdottir@365.is)

## Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólk.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



## LÖGFRÆÐINGAR

Fjármálaeftirlitið (FME) auglýsir eftir tveimur lögfræðingum. Annars vegar til starfa á verðbréfamarkaði og hins vegar á váttryggingamarkaði.

Lögfræðingarnir munu starfa við fjölbreytt verkefni og fá tækifæri til faglegrar þróunar. Störfin fela í sér samskipti við eftirlitsskylda aðila og viðskiptavinum þeirra og úrlausn ýmissa mála vegna eftirlits með viðskiptaháttum.

- **Váttryggingamarkaður.** Í starfinu felst m.a. eftirlit með viðskiptaháttum, váttryggingaskilmálum, upplýsingagjöf og framkvæmd réttarreglna. Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar Guðmundsson, sími: 5252 700.
- **Verðbréfamarkaður.** Í starfinu felst m.a. eftirlit með viðskiptum á markaði, samstarf við Kauphöllina og rannsókn mála sem varða td. innherjaviðskipti, markaðsmisnotkun og yfirtökur. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hlynur Jónsson, sími: 5252 700.

FME er vinnustaður með hátt menntunarstig og öfluga liðsheild. Lögð er áhersla á frumkvæði, opinn stjórnunarstíl, símenntun og skýra verkefnaábyrgð. Starfsfólkið er helsta auðlind FME. Vinnuumhverfið er skemmtilegt og einkennist af fjölbreytni og þverfaglegri samvinnu. Fjármálamarkaður einkennist af örur breytingum og að því leyti munu lögfræðingarnir taka virkan þátt í mótun á starfsemi FME.

### Æskilegir eiginleikar sem horft er til:

- Reynsla og þekking sem nýtist í eftirliti á fjármálamarkaði
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til þátttöku í hópvinnu

**Umsóknarfrestur er til 25. október.** Umsóknir og starfsferilsskrá berist til Huldu Guðmundsdóttur, Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík eða á netfangið hulda@fme.is

FJÁRMÁLA EFTIRLITID  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY OF ICELAND



## Íþróttaskóli HK hefst 19. október

Íþróttaskólinn er fyrir börn á aldrinum 3 til 6 ára. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á virka hreyfingu þar sem börnin taka þátt í ýmsum þroskandi leikjum, leysa þrautir og æfingar sem efla hreyfiþroskann. Ásamt því að allir skemmti sér vel.

Tveir tímar verða í boði annars vegar frá klukkan 16:20 til 17:10 og hins vegar frá klukkan 17:10 til 18:00. Um er að ræða 8 skipti, frá 19. október til 7. desember, og verð er kr. 5.000. Íþróttaskólinn verður eins og áður í íþróttahúsi Kársnesskóla

Skráning fer fram á staðnum eða hjá Magnús Orri í síma 848-2858 eftir kl. 16 á daginn. Einnig er hægt að hafa samband á netfangið [magnusos@smsk.kopavogur.is](mailto:magnusos@smsk.kopavogur.is).

## Kynningarstjóri

Atorka Group hf. óskar eftir að ráða kynningarstjóra til starfa sem fyrst.

### Starfssvið:

- Skipulagning og yfirumsjón með kynningarstarfi Atorku gagnvart markaði og hluthöfum
- Yfirumsjón með heimasíðu, gerð ársskýrslu og gerð kynningarefnis um verkefni sem félagið tekur sér fyrir hendur og dótturfélög þess í nánú samstarfi við stjórnendur

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, fjölmiðlafræði, almannatengslum eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum



Atorka Group hf. er framsækið alþjóðlegt fjárfestingarfélag. Atorka og félög í eigu þess eru með starfsemi í 14 löndum og velta samtals um 80 milljörðum króna. Hjá félögum í eigu Atorku starfa samtals 4.400 starfsmenn. Atorka er skráð í Kauphöll Íslands og eru hluthafar þess um 5.400 talsins.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur@img.is](mailto:audur@img.is)) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir ([gauja@img.is](mailto:gauja@img.is)) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is)

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
[www.mannafli.is](http://www.mannafli.is)

IMG  
MANNAFLI  
LIÐSAUKI

## AÐALFUNDUR KTÍ.

Boðað er til aðalfundar Kælitæknifélags Íslands þriðju daginn 18. október 2005.

Fundurinn verður á Grand Hótel Reykjavík Sigtúni 38 kl. 19:30.

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt lögum Kælitæknifélags Íslands.

Tvær kynningar verða að aðalfundarstörfum loknum.

1. Stöðuleiki við geymslu og flutning frosinna matvæla - hitasveiflur og rekjanleiki.  
Kynning: Sigurjón Arason. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins.
2. Rakavandamál í frystigeymslum og lausnir.  
Kynning: Sigurður J. Bergsson Kælitækni h.f.

Stjórn Kælitæknifélags Íslands.



## Atvinna – lager

Sindra-Stál hf óskar að ráða traustan og duglegan starfsmann í vöruhús, þarf að hafa lyftarapróf.

Æskilegt er að viðkomandi hafa einhverja reynslu og þekkingu í málmiðnaði og geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsóknir sendist: Sindra-Stál hf, Klettagörðum 12, 104 Reykjavík – merkt: Vöruhús eða með tölvupósti [verkstjori@sindri.is](mailto:verkstjori@sindri.is)

Sindra-Stál hf. þjónar íslenskum fyrirtækjum með stál, málma, verkfæri, vélar og festingavörur í hæsta gæðaflokki. Fyrirtækið vill vera þekkt sem góður og eftirsóttur vinnustaður.



Lagerstarfsmenn  
óskast

Heildverslunin Innnes ehf. óskar eftir að ráða vana lagerstarfsmenn til starfa.

Æskilegt er að umsækjendur séu 25 ára eða eldri, hafi reynslu af lyftarastörfum og geti hafið störf sem fyrst.

Öskun og umsóknir berast til: [innnes@innnes.is](mailto:innnes@innnes.is)



F.h. Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins (SORPU) er óskað eftir tilboðum í sorpböggunarpressu.

Pressan skal afkasta að minnsta kosti 45 tonnum af sorpi á klukkustund miðað við sorp sem er með þéttleika 150-200 kg/m<sup>3</sup>.

Útboðsgögn á ensku fást á Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns (VGK) Laugavegi 178.

Tilboðum skal skilað til VGK eigi síðar en 11. nóvember kl. 16:00.



MOSFELLSBÆR

# Útboð

## Krikahverfi – Gatnagerð

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í gatnagerð í Krikahverfi í Mosfellsbæ. Um er að ræða jarðvinnu, holræsalagnir, vatns- og hitaveitulagnir auk lagningu strengja og ídráttarröra fyrir Orkuveituna og Landsímamann.

### Helstu magntölur:

|                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| Gröftur:          | 37.000 m <sup>3</sup> |
| Fyllingar:        | 31.000 m <sup>3</sup> |
| Holræsalagnir:    | 5.100 m               |
| Vatnsveitulagnir: | 3.400 m               |
| Hitaveitulagnir:  | 2.700 m               |
| Ídráttarrör:      | 3.600 m               |
| Strengir:         | 46.000 m              |

Áætluð verklok 15. júní 2006. Prentuð útboðsgögn verða seld gegn 10.000,- kr greiðslu á tæknideild Mosfellsbæjar Völuteig 15, frá og með þriðjudeginum 18. október 2005. Hægt verður að fá útboðsgögn á geisladiski án endurgjalds. Tilboðum skall skilað á sama stað fyrir kl. 11:00 þriðjudeginum 1. nóvember n.k þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Mosfellsbær er framsækið og nútímalegt bæjarfélag, þar sem byggðin teygir sig frá Leiruvogi inn í næstu dali og kringum fellin. Náin snerting við fagra náttúru, aðlaðandi menningar- og félagslíf, fjölbreyttir möguleikar til útivistar og fjölskylduvænt umhverfi eru á meðal ástæðna þess að svo margir velja að búa þar, fjárir skarkala borgarlífsins en samt í aðeins 15 mínútna akstursfjarlægð frá miðborg Reykjavíkur, í einskona sveitasælu með borgarbrag.

Tæknideild Mosfellsbæjar



MOSFELLSBÆR

## Styrkumsóknir

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði fjölskylduþjónustu í Mosfellsbæ.

Umsóknir skulu berast þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, 1. hæð á þar til gerðum eyðublöðum í síðasta lagi 30. nóvember 2005. Eyðublöðin má nálgast í þjónustuverinu og á heimasíðu bæjarfélagsins; [www.mos.is](http://www.mos.is)

Umsóknir sem berast eftir þann tíma hljóta að jafnaði ekki afgreiðslu. Aðilar sem fengu styrk á síðasta ári þurfa að skila inn greinargerð um ráðstöfun þess fjár.

Afgreiðsla styrkumsókna fer fram fyrir lok mars 2006.

Forstöðumaður fjölskyldusviðs

## Auglýsing

### um tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73-1997 með síðari breytingum.

#### Skipulagsupprættir og greinargerð verða til sýnis á eftirtöldum stöðum:

- Í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2 Selfossi
- Á skrifstofu Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, Austurvegi 67 Selfossi.
- Í húsnæði Hólmarastar, Hafnargötu 9 Stokkseyri.
- Í þjónustuskrifstofu Sveitarfélagsins Árborgar, Túngötu 40 Eyrarbakka.

Einnig verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166 Reykjavík og á heimasíðu Árborgar [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Tillagan verður til sýnis frá og með fimmtudeginum 13. október 2005 til fimmtudagsins 10. nóvember 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við skipulagstillöguna. Athugasemdir skulu hafa borist eigi síðar en 24. nóvember 2005.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs, Austurvegi 67 800 Selfossi. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkja hana.

Einar Njálsson  
bæjarstjóri.



## Læknafélag Reykjavíkur

Samninganefnd Læknafélags Reykjavíkur boðar til fundar með sjálfstætt starfandi sérgreinalæknum mánudagskvöldið 17. október kl. 20:00. Fundarstaður verður í fundasal læknafélaganna Hlíðasmára 8.

**Fundarefni: Framkvæmd skerðingarákvæða við Tryggingastofnun ríkisins**

## Listamannalaun 2006

Umsóknarfrestur listamannalauna rennur út 19. október kl. 16.00.


Eyðublöð fást á skrifstofu stjórnar listamannalauna Túngötu 14 og á [www.listamannalaun.is](http://www.listamannalaun.is).

Umsóknum skal skila á skrifstofu Stjórnar listamannalauna, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.

Stjórn listamannalauna

## Það er hvergi betra að starfa en í Hafnarfirði

Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf • Nálægð við alþjóðaflugvöll og þjónustuhöfn • Greiðar samgöngur



Skipulagsupprættir, skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, fást afhent í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6 og á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

Vakin er athygli á að hver umsókn kostar 1000 krónur sem greiðast þegar umsókn er skilað.

Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2004 og leða milliuppgjöri fyrir árið 2005 árituðum af löggiltum endurskoðendum.

Umsóknum skal skilað í síðasta lagi 28. október í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, sími 585 5500. Þjónustuverið er opið alla virka daga kl. 8 - 17.

### Hafnarfjarðarbær auglýsir lausar til umsóknar atvinnulóðir á Miðsvæði Valla, Hellnahrauni 2, Selhrauni-norður og Selhrauni-suður.

Selhraun-norður afmarkast af Reykjanesbraut til norðurs, Krýsuvíkurvegi til vesturs og Ásbraut til austurs. Svæðið er í 3 km fjarlægð frá miðbæ Hafnarfjarðar.

Á svæðinu eru lausar 15 lóðir við Selhelli og Miðhelli.

Selhraun-suður afmarkast af Hraunhelli til norðurs, Krýsuvíkurvegi til vesturs og Ásbraut til austurs.

Á svæðinu eru lausar 28 lóðir við Norðurhelli og Suðurhelli.

Á Selhrauni er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.

Miðsvæði Valla er norðan Ásbrautar og sunnan Reykjanesbrautar.

Á svæðinu eru lausar 4 lóðir.

Á Miðsvæði Valla er gert ráð fyrir blandaðri byggð skrifstofu-, verslunar og þjónustubygginga.

Hellnahraun 2 afmarkast af Hellnahrauni 1 til norðurs og Krýsuvíkurvegi til suðurs.

Á svæðinu eru lausar 54 lóðir.

Hellnahraun 2 er skilgreint sem iðnaðarsvæði

Allar nánari upplýsingar eru á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að skapa gott og aðlaðandi starfsumhverfi fyrir fyrirtækin í bænum og leggur ríka áherslu á skilvirka þjónustu bæjarstofnana. Bærinn vill stuðla að nýrri atvinnuuppbyggingu en styrkleiki atvinnulífs Hafnarfjarðar felst í reynslu og þekkingu á stóriðju, iðnaði, hafnarstarfsemi, framleiðslu- og þekkingariðnaði, ferðaþjónustu, menningarstarfsemi, verslun og þjónustu.

# Það er hvergi betra að búa en í Hafnarfirði

Fjölskylduvænt samfélag • Fjölbreytt útivistarsvæði • Öflugt menningar- og mannlíf



Skipulagsuppdrættir, skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, fást á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

Löðunum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulags.

Umsóknum einstaklinga þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfni umsækjanda á 20 milljónum kr. fyrir parhúsaloð og 25 milljónum kr. fyrir einbýlishúsaloð. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2004 og eða milliuppgjöri fyrir árið 2005 árituðum af löggiltum endurskoðendum.

Hver umsókn kostar 1000 kr. sem greiðast þegar umsókn er skilað.

**Umsóknum skal skilað í síðasta lagi 28. október í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6.**

## Hafnarfjarðarbær auglýsir lausar til umsóknar lóðir á Völlum – 5. áfanga, Völlum – 6. áfanga og í Áslandi – 3. áfanga

Vellir 5. áfangi er um 21.8 ha að stærð. Svæðið er nýbyggingarsvæði sunnan við 2. áfanga Valla og afmarkast til austurs af íbúðasvæðum Valla, 4. og 6. áfanga, til vesturs af Ásbraut og til suðurs af Ásvallabraut.

- **Einbýlishús**, 88 hús við Drekaavelli, Glitvelli og Kvistavelli. Eingöngu úthlutað til einstaklinga.
- **Rað- og parhús**, 4 hús með 13 íbúðum við Drekaavelli og 11 hús með 43 íbúðum við Kvistavelli. Raðhúsaloðum er eingöngu úthlutað til lögaðila en parhúsaloðum bæði til einstaklinga og lögaðila.
- **Fjölbýlishús**, 19 hús með alls 242 íbúðum við Eskivelli, Drekaavelli, Glitvelli og Kvistavelli. Eingöngu úthlutað til lögaðila.

Á Völlum er nú risin 1200 manna byggð og er reiknað með að íbúafjöldi verði um 12.000 þegar svæðið verður fullbyggt, innan áratugar. Við skipulag á svæðinu var gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og þjónustu. Hafin er bygging á þriggja hliðstæðna grunnskóla og leikskóla sem verða á miðju Vallasvæðinu.

Vellir 6. áfangi er um 15.3 ha að stærð. Svæðið er nýbyggingarsvæði og afmarkast til vesturs af íbúðasvæðum Valla, áfanga 5 og til norðurs af Völlum 4 áfanga, til austurs af Grísanesi og að sunnan af Ásvallabraut.

- **Einbýlishús**, 24 hús við Hnoðravelli og Hafravelli. Eingöngu úthlutað til einstaklinga.
- **Rað- og parhús**, 25 hús með 83 íbúðum við Klukkuvelli, Hnoðravelli og Hafravelli. Raðhúsaloðum er eingöngu úthlutað til lögaðila en parhúsaloðum bæði til einstaklinga og lögaðila.
- **Fjölbýlishús**, 4 hús með alls 64 íbúðum við Klukkuvelli. Eingöngu úthlutað til lögaðila.

Ásland 3. áfangi er um 16 ha á stærð. Svæðið er nýbyggingarsvæði og afmarkast af 2. áfanga Áslands til vesturs og Kaldárselsvegi til norðausturs og fyrirhugaðs ofanbyggðarveggar til austurs. Efst í hliðinni verða einbýlishús, rað- og parhús í miðri hliðinni og lítil fjölbýlishús neðst í brekkunni.

- **Einbýlishús**, 51 hús. Eingöngu úthlutað til einstaklinga.
- **Rað- og parhús**, 7 hús með 19 íbúðum. Raðhúsaloðum er eingöngu úthlutað til lögaðila en parhúsaloðum bæði til einstaklinga og lögaðila.
- **Fjölbýlishús**, 2 hús með alls 65 íbúðum. Eingöngu úthlutað til lögaðila.

Áslandið var byggt upp á árunum 1999 – 2001. Þar er nú 2000 manna byggð. Í Áslandi er grunnskóli og tveir leikskólar.

Nánari upplýsingar eru á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

## ATVINNUHÚSNÆÐI FLUGUMÝRI 28, MOSFELLSBÆR



Mjög vandað atvinnuhúsnæði í Mosfellsbæ. Um er að ræða 186 fm bil með tveimur stórum vinduhurðum. Mikil lofhæð. Miklir og góðir útfærslu möguleikar. Upplýsingar veitir Magnús í síma 892-5560.



Pétur Pétursson, lögg. fast.  
Sigrún Stella Einarsdóttir, lögg. fast.

**100% Verðvernd**  
Alltaf ódýrastir!

Grettisgata 52  
**Opið hús**

**Föst sölubókun**  
**99.900**  
m.vsk. 124.375 kr.



Sigríður tekur á móti þér á milli kl 15.00 og 17.00 í dag sunnudag að Grettisgötu 52 í Reykjavík. Afar góð staðsetning. Íbúðin er einkar góð, staðsett á 1. hæð. Íbúðin er 3. herb, alls 85 fm. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúð. Eldhús er rúmgott og bjart. Baðherbergi er með snyrtilegri hvíttri innréttingu, gott skápláss er í íbúð. Íbúðin er til afhendingar 1. des 2005.

Verð 19,5 millj.



Fasteignasala á Netinu

Sími: 595 9090

Jóhann Baldursson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali

**100% Verðvernd**  
Alltaf ódýrastir!

Furugrund 66  
**Opið hús**

**Föst sölubókun**  
**99.900**  
m.vsk. 124.375 kr.



Haldór tekur á móti þér á milli kl 15.00 og 16.00 í dag, sunnudag, að Furugrund 66 í Kópavogi. Íbúðin er björt og snyrtileg 2. herbergja, alls 57 fm, staðsett á 1. hæð. Íbúðin er öll nýmáluð. Stofan er rúmgóð og björt, gengið er út á rúmgóðar suðvestur svalir. Svefnherbergi er í finni stærð með afar góðu skápláss. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu.

Blokkin er nýlega máluð að utan.

Verð 13,5 millj.



Fasteignasala á Netinu

Sími: 595 9090

Jóhann Baldursson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali

## SAGA FASTEIGNIR


Hlíðasmári 9, 200 Kópavogi



### GARÐBRAUT, AKRANESI

Glæsileg 3. – 4. herb. endaíbúð á 1. hæð. Nýleg eldhúsinrétting, nýlega standsett baðherb. Parket á gólfum. Frábært útsýni af suðursvölum. Snyrtileg sameign í góðum stigangangi. Sjón er sögu ríkari.

DAVÍÐ SIGURÐSSON • SÍMI 824 7555  
david@sagafasteignir.is



### Eignamiðlun Suðurnesja

Sigurður V. Ragnarsson,  
löggiltur fasteignasali

Hafnargötu 20,  
230 Reykjanæsbæ  
Sími 421-1700

### BORGARVEGUR 28, NJARÐVÍK



Mjög skemmtileg og rúmgott einbýlishús á góðum stað sem þarfnast endurbóta við. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stofu, borðstofu, sólstofu, eldhús, þvottahús, 2 baðherbergi, gufubað, geymslu, búr og bílskúr. Eitt herbergi hefur verið gert inn í bílskúrum. Í eldhúsi er innrétting, dúkur á gólf, eldavél og vífta. Á baði er innrétting, marmari á gólf. Parket á annari stofunni og nýtt parket í herbergjum. Teppa á hinni stofunni. Nú eru 3 herb. í húsinu en voru 4 skv. teikn. Gufubað og sturta í húsinu. Nýjar skóplagnir, nýjar kaldvatnslagnir og heitvatnslagnir hefur verið yfirfarin. Lóðin er afgirt og þar er gróðurhús.

Húsið hefur fengið lítið viðhald á síðustu árum, auk þess sem þak er komið á tíma. Tekur söluverð mið af þessu.

Verð 24.000.00.-

### HÓLAGATA 3, NJARÐVÍK



Mjög falleg og rúmgóð 4ja herbergja íbúð á eh í tvíbýlishúsi, sem skiptist í stofu, hol og 3 svefnherbergi. Í eldhúsi er ný stór og vegleg viðarinnrétting mjög falleg, helluborð, ofn og vífta. Flisar á gólf. Á baði er viðarinnrétting, flisar á gólf og veggjum, baðkar með sturtu. Parket á gólfum í stofu, borðstofu og herbergjum. Skápar í öllum herbergjum. Stór sameiginleg geymsla er í kjallara. Svalahurð er orðin léleg, en ný hurð er til og fylgir eigninni. Húsið er klætt að utan með sléttu steni-klæðningu. Afgirtur garður er í kringum húsið og eignin hefur séringgang. Bílskúr fylgir íbúðinni sem er um 29.fermetrar. Íbúðin getur verið laus fjótlega. Góður staður.

Verð 21.000.000.-

### SUNNUBRAUT 18 EH, KEFLAVÍK



Þetta er sérlega hugguleg, 3-5 herbergja íbúð, eh+ris í tvíbýlishúsi með séringgang. Bílskúr 54,4 ferm. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu, hol, tölvuherbergi og tvö rúmgóð herbergi + eitt herbergi í risi. Í eldhúsi er innrétting spónlögð með fulningahurðum, flisar á milli skápa, ofn, helluborð og vífta, flisar á gólf. Á baði er ný innrétting, veggir og gólf flíslagð, baðkar, í risi er wc. Þvottaherbergi er sameiginlegt með nh, og er á nh. Parket á gólfum í stofum og herbergjum á nh. Í risi er mjög stórt rými, sem mætti nýta sem aðstöðu fyrir unglíng eða sem stórt herbergi, þar er einnig wc. Innkeyrsla er hellulögð með snjóbræðslukerfi. Svalir í vestur. Eignin er í heild sinni í góðu ástandi og viðhaldi verið vel sinnt í gegnum árin. Góð staðsetning.

Verð 19.800.000.-

### VATNSNESVEGUR 31 EH, KEFLAVÍK



Sérlega rúmgóð íbúð á tveimur hæðum með séringgangi í tvíbýlishúsi á besta stað í Keflavík. Á neðri hæð eru samliggjandi stofur og borðstofa, eldhús með nýlega hvítsprautaðri innréttingu og flísum á milli skápa, borðkrókur, sjónvarpsherbergi og hol með gegnheilu parketi á gólfum en teppi er á stofum og borðstofu. Svalir eru í vestur. Á baði er góð innrétting, flisar á gólf og veggjum, baðkar með sturtu. Á efri hæð eru þrjú rúmgóð svefnherbergi með góðum fataskápum, snyrting, WC, þvottahús og rúmgóð geymsla með skápum og hillum. Rafplagnir eru endurnýjaðar og ný rafmagnstafla. Lóðin er girt og ræktuð og plan er hellulagð. Einangraður og upphitaður bílskúr fylgir íbúðinni. Frábær staðsetning. Íbúðin er um 170 fermetrar að stærð (skráð stærð 130 ferm). Íbúðin er laus í febrúar 2006.

Verð 18.500.000.-

## HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Fasteignasala  
snýst ekki bara  
um fasteignir...  
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501  
hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

### Kríuás 17b



Falleg og björt íbúð á þessum vinsæla stað í Áslandshverfinu, íbúðin er 75 fm og er á jarðhæð. Skipting eignarinnar: forstofa, hol, eldhús með borðkrók, svefnherbergi, geymsla (nýtt sem svefnherbergi) og þvottahús. Þetta er góð eign sem nýtist frábærlega. Laus við kaupsamning.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Höfum örfá laus pláss fyrir fellihýsi og tjaldvagna, eldri pantanir dottnar út. Jótunheimar, geymslúhúsnæði. S. 695 3067.

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**Pizza Höllin Mjódd**

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf bakara og bílsstjóra. Einnig vantar í hlutastarf í afgreiðslu, útkeyrslu og bakstur. Getur hentað vel fyrir skólafólki. Hægt er að semja um góðan vinnutíma. Lágmarks ald-ur 15 ára. Umsóknareyðublöð liggja fyrir á staðnum. Frekari uppl. í s. 577 6868 milli 17:30-20.



**Störf á Pizza Hut.**

Pizza Hut leitast að duglegu og stundvísu starfsfólki í 100% starf í veitingasal á Sprengisandi og í Smáralind. Æskilegur aldur er 20 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is eða á loa@pizzahut.is. Frekari upplýsingar í síma 533 2010 eða 863 1136.



**Starfsmaður óskast**

Bakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu sem fyrst. Uppl. í síma 555 0480. bakari@hn.is Bæjarbakarí í Hafnarfirði.

**Vantar þig vinnu með skólanum?**

Mosfellsbakarí, Háaleitsbraut 58-60, Rvk. óskar eftir glaðlyndu og duglegu skólafólki til að vinna um helgar og/eða virka daga frá 15:00-18:30.

Áhugasamir geta haft samband við Ellisif í síma 660 2153 eða 553 5280.



**Hlutastörf við vörukyningar**

Vegna aukinna verkefna leitast Fagkyrning ehf. að starfsfólki í störf við vörukyningar í matvöruverslunum. Viðkomandi þarf að vera með aðlaðandi framkomu, söluhæfileika og reiðubúin(n) að veita framúrskarandi þjónustu. Í boði er fjölbreytt og skemmtilegt starf og sveigjanlegur vinnutími. Áhugasamir hafi samband við Vigdís í síma 588 0779 á virkum dögum. Fagkyrning ehf., Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík. www.fagkyrning.is

**Vörumeðhöndlun og Merkingar**

Hýsing -vörubúðir leitast að elju-sömu og kraftmiklu starfsfólki í vörumeðhöndlun og merkingar. Hýsing er þjónustufyrirtæki fyrir sérvöru sem veitir örugga og fljóta þjónustu til viðskiptavina sína. Vinnutími er frá 8-17. Með nýlegu bónuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Steinn Kristjánsson á staðnum, að Skútuvögu 9, eða í s. 530 5697.



Laghenntur? Okkur á Veitingahúsinu Café Aroma vantar laghenntan eldri mann í ýms smáverkefni. Vinnutími eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar veitir Jón á staðnum alla virka daga milli 10 og 12.

**Veitingahús**

Starfsfólk óskast á lítinn veitingastað í Kópavogi. Lágmarksaldur 25 ára. Uppl. í s. 894 0292.

**Nonnabiti**

Starfskraft vantar í fullt starf, helgarstarf, hlutastarf, reyklauser. Uppl. í s. 899 1670 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

**Umönnun aldraðra**

Óskað er eftir umönnunaraðila til að gæta eldri hjóna í lyftuhúsi miðsvæðis í Reykjavík. Góð laun í boði.

Umsóknir sendist á [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) merkt "umönnun" eða berist til Fréttablaðsins Skaftahlíð 24 fyrir 21.október.



**Vanir menn óskast**

Vantar vörubílstjóra á vörubíl með krana, vinnuvélaréttindi og góð þekking á vélum og tækjum æskileg. Einnig óskum við eftir kranamönnum, stálsmiðum smiðum og verkamönnum sem fyrst til starfa hjá byggingafyrirtæki með næg verkefni framundan. Mikil vinna í boði fyrir duglega menn. Upplýsingar gefa Sigurbjörn í síma 896 3847 og Þórir í síma 899 3847.

**Loftorka Reykjavík**

Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu. Upplýsingar í síma 565 0877.

**Devitos pizza**

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir og kvöldvaktir. Uppl. í s. 663 0970.

**Mohair hárstofa**  
Viltu vinna á fjölförnum og skemmtilegum stað. Erum með stóla til leigu.  
Upplýsingar í síma 564 4040.



**Vaktavinna á Subway**

Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Subway Ártúnshöfða. Vinnutími 12-20 aðra vikuna og 16-24 hina vikuna. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á lífandi og skemmtilegum vinnustað.  
Umsóknir á staðnum og á [subway.is](http://subway.is). Góð laun í boði.

Óskum eftir starfsmönnum í útkeyrslu hjá Kerfi. Umsóknir berist á [bjarni@kerfiehf.is](mailto:bjarni@kerfiehf.is)

Björnbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa í verslun okkar á Seltjarnarnesi. Vinnutími er frá kl.06-13. upplýsingar í síma 699-5423

**Garðabær bakarí**

Strafskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

Bortækni óskar eftir starfsfólki í steypu-sögun og kjarnaborun, helst vanir þó ekki skilyri. Mikil vinna framundan. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 892 7544.

**Ræstingar**

Vantar duglegt fólk í ræstingar á daginn 50-100% vinna. Góð laun í boði. Uppl. s. 578 1450.

**Jolli Hafnarfirði**

Starfsfólk óskast í vinnu frá 8-16 & 12-18 eða eftir nánara samkomulagi. Góð laun fyrir rétt fólk. Upplýsingar í Jolla, Helluhrauni 1, Hafnarfirði eða í s. 565 4990 & 898 6670.

Óskum eftir manni í tímabundna vinnu, jafnvel fram í miðjan janúar. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst. Þarf að hafa bíl-próf. Uppl. í s. 696 0970 og 693 3445. Rafþjónustan Ljós.

**Gluggasmiðjan ehf.**

Gluggasmiðjan ehf., Víðarhöfða 3, Reykjavík, óskar eftir að ráða smiði og laghenta menn í ál- og trédeild fyrirtækisins. Upplýsingar veita verkstjórar á staðnum, ekki í síma.

**Gröfuvinna**

Vanur maður óskast á allt að 33 tonna beltavél, meirapróf æskilegt. Uppl. gefur Ragnar í s. 840 7744.

**Hársnyrtinemi**

óskast á Hárkunst Austurströnd 12 Seltjarnarnesi. Uppl. í s. 551 3314 & 861 2981.

Afgreiðslufólk óskast í verslanir Litir og Föndur. Vinnutími mán- föst. frá 13.00-18.00 og laugardaga. Nánari upplýsingar hjá Guðfinnu í síma 552 2500 og 893 6399. Umsóknareyðublöð eru einnig í verslunum okkar Skólavörðustíg 12 og smiðjuvegi 4.

**Brasseria Askur, Suður-landsbraut 4.**

Óska eftir að ráða þjón eða mjög vana manneskju í 100% vinnu. Einnig vantar vant fólk í hlutastarf í sal. Uppl. í s. 553 9700 eða á staðnum milli kl. 14-17.

**Starfsfólk óskast**

Næsti bar auglýsir eftir starfsfólki í sal. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 844 1304, e. kl. 13.

SÓLNING SMÍÐJUVEGI. Óskar eftir starfsfólki á hjólbarðaverkstæði. Mikil vinna framundan. Uppl. á staðnum eða í síma 5445000

**Móttökustjóri á didrix spa**

Vegna mikilla anna og vaxtarverkjá vantar okkur manneskju til þess að taka að sér eftirfarandi starf. Starfið er fjölþætt en felur í sér mikil mannleg samskipti. Þeir kostir sem við erum að leita eftir eru eftirfarandi. 1. styrkur í mannlegum samskiptum. 2. skipulagning. 3. kunna á helstu tölvu, e-mail og bókun-arforrit. 4. geta tekist á við krefjandi verkefni. 5. hafa viljann og áhuga til þess að selja. 6. Ekki væri verra ef viðkomandi hefur lokið einhverjum áfanga í förðun þó er það ekki nauðsynlegt. 7. Vera sveigjanleg og skilningsrík. 8. Stundvís og hreinleg. 9. Vera glaðlynd og góð manneskja. 10. Umfram allt áhugasöm og heiðarleg. Uppl. í s. 561 8677 og [info@didrix.is](mailto:info@didrix.is)

**SAMLESNAR AUGLÝSINGAR**

90,9 FRÉTTABLAÐIÐ

Kjarval bókin á tilboðs-verði. **Bókabúð Máls og menningar.**

Góður matur. **Grillhúsið Tryggvagötu.**

Frá Strætó Ný leiðabók hefur tekið gildi. Fæst á sölustöðum okkar. Allar akstursáætlanir á strætó.is **Strætó**

Kjarval bókin á tilboðs-verði. **Penninn Eymundsson**

Fríðsæl vin í hringiðu athfnalífs á Austurlandi. Kíktu á [austurbyggd.is](http://austurbyggd.is) **Austurbyggð- nær en þú heldur.**

Jólin þín byrja í **Ikea.**

Nýtt kortatímabil. Opið til sex um helgar. **Ikea.**

Bingó í kvöld. **Vinabær.**

Bingó í kvöld klukkan 19:45. **Vinabær, Skipholti 33**

Bingó í kvöld. Allir velkomnir. **Vinabær.**

Vilt þú búa í rólegu og fjölskylduvænu umhverfi nálægt hringiðu athafnalífs á Austurlandi? Kíktu á [austurbyggd.is](http://austurbyggd.is) **Austurbyggð- nær en þú heldur.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á [visir.is](http://visir.is) Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**PINN MARKHÓPUR?**

70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

**Atvinna óskast**



**Vantar þig starfsfólk? IntJob úttegar erlent starfsfólk samkvæmt þínum óskum.**

Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatilhögun. Leggjum áherslu á fagmennsku. **IntJob sími 517 4530 [intjob@intjob.is](mailto:intjob@intjob.is)**

Fyrirtæki getur úttegað verkamenn í verkavinnu s.s. smíðar, flíslagnir, málara, og fleira þess háttar. Upplýsingar í s. 869 5484 & 691 2326.

26 ára karlmaður óskar eftir að komast á samning hjá rafvirkjameistara. Er búinn með grunndeild í rafriðun. Uppl. í s. 697 3103 & 564 5669.

**TILKYNNINGAR**

**Tilkynningar**



**Viðskiptavinir**

Kæru viðskiptavinir ég hef hafið störf á Hársnyrtistofunni Lifthár Lúðvík XIV, Lifthúsinu Laugadal Engateig 17 gamlir og nýjrir viðskiptavinir velkomnir. Tímappantanir í síma 553 4466 Ásta Hinriksdóttir.


**A.T.H!**  
Ungur námsmaður varð því óláni að einhver aðili braut spegilinn af bílnum hans. Gerðist þetta við Bergþórugötu 101 Rvk. Bíllinn var af gerðinni Chrysler og gerðist fyrir viku síðan. Ef þú hefur uppl. um málið hafðu þá samband í s. 822 0311.

**Einkamál**

**TANTRA**  
EROTISK VERSLUN  
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA OPIÐ MÁN - FOS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00  
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11  
EBA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR  
**WWW.TANTRA.IS**  
SÍMI 588 6969.

**allt heilsa**  
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

## SJÓNARHORN



Haustlegt við Hljómskálagarð./Ljósmynd: Pjetur.

Hótel GEYSIR  
GEYSIRCENTER

Sími 480 6800  
www.geysircenter.com



## VILLIBRÁÐAKVÖLD

MEÐ JÓHANNI FRÍÐGEIR VALDIMARSSYNI, TENÓR  
OG JÓNASI ÞÓR, PÍANÓLEIKAR

Laugardaginn 29. október



## AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri  
Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að  
auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar  
en atvinnublaði Morgunblaðsins.

60%

Fréttablaðið

37%

Mbl.

Lestur sunnudaga\*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

**allt** - atvinna



\*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

# allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

# Óútreiknanleg systkini

Pau systkin Matt og Eleanor Friedberger skipa bandaríska dúettinn The Fiery Furnaces, sem er eitt af stóru nöfnunum á Iceland Airwaves. Eleanor sagði Frey Bjarnasyni meðal annars frá eftirminnilegri ferð hennar til Íslands fyrir sex árum.



THE FIERY FURNACES Systkinin Matt og Eleanor Friedberger skipa bandaríska dúettinn The Fiery Furnaces.

The Fiery Furnaces var stofnuð af systkinunum Matt og Eleanor Friedberger fyrir fimm árum. Þá ákvað Matt að elta yngri systur sína frá heimaborg þeirra, Chicago, til New York á vit nýrra ævintýra. Fljótlega byrjuðu þau að spila á litlum klúbbum sem leiddi til þess að fyrsta plata þeirra, Gallowbird's Bark, kom út árið 2003. Vakti hún töluverða athygli á sveitinni, sem þótti sérkennileg en jafnframt aðlaðandi. Blueberry Boat kom út ári síðar og var ofarlega á mörgum listum yfir bestu plötur ársins 2004. Þar heilluðust menn af því hversu sveitin var óútreiknanleg. Hún skipti úr léttu poppi yfir í brjál-að sýrurokk án þess að hafa mikið fyrir því og inni á milli hljómuðu hinir undarlegustu tónar. Í byrjun þessa árs kom síðan út EP-plata með hvorki meira né minna en tíu lögum. Bar hún einfaldlega heitið EP og hafði að geyma B-hliðalög í bland við nýtt efni.

## Með skegg eins og sviðakjammarnir

„Ég hlakka mjög mikið til að spila á Íslandi. Ég bjóst aldrei við því að við myndum spila þar. Ég hef komið tvisvar til Íslands í skemmtiferðir þannig að það var gaman að fá boð um að spila þar.“ segir söngkonan Eleanor og virkar ákaflega afslöppuð í símanum.

Lagið Tropical Iceland er að finna bæði á plötunni Gallowbird's Bark og á EP. Þar gerir Eleanor gödlátlegt grín að Íslandi. „Það var um fyrstu ferð mína til Íslands en lagið er eiginlega hálf gert djók. Ég fór með vini mínum sem bjó í London fyrir um sex árum til Íslands. Hann hafði búið á Íslandi með kærustunni sinni í nokkra mánuði en þau hættu svo saman. Ég ákvað að semja lag með hann í huga. Þetta var í nóvember og það voru svona sex klukkutímar af dagsbirtu þarna. Það er bæði sorglegt en einnig hressilegt. Við fórum í skoðunarferðir og bjuggum hjá íslenskum listnema. Við gátum drifið okkur út í svona fjóra tíma á dag og gert eitthvað. Þetta var frábær ferð.“ segir Eleanor. Hún segist ekki hafa prófað svið þrátt fyrir að minnst sé á þau í laginu. „Í fyrsta sinn sem við fórum í matvörubúð voru þessi kindahöfuð til sölu og allir strákarnir sem ég hitti þarna á Íslandi voru með skegg alveg eins og þau.“ segir hún og hlær. „Um þetta fjallar lagið og það er eitt það fyrsta sem ég samdi ein, án bróður míns.“ bætir hún við en Matt semur meirihlutann af lögum The Fiery Furnaces.

## Gítar í jólagjöf

Eleanor og Matt voru bæði í tónlistarskólum þegar þau voru lítil en hún segist hafa hætt eftir skamman tíma. Bróðir hennar hélt áfram og spilaði á bassa og var í skólalúðrasveitinni. Byrjaði hann svo í hljómsveitum þegar hann var 15 ára og samdi og tók upp lög heima hjá sér. „Ég byrjaði ekki að spila tónlist fyrr en ég var 18 ára.“ segir Eleanor, sem er fjórum árum yngri en bróðirinn. Að sögn Eleanor eru þau systkini mjög ólíkir persónuleikar en eiga samt auðvelt með að vinna saman. „Það sem við höfum sameiginlegt er tónlistarsmekkur okkar. Hann á rætur að rekja til þess þegar við vorum yngri. Allt sem hann var að hlusta á hlustaði ég á því ég heyrði

það úr næsta herbergi. Þess vegna elskum við sömu tónlistina; af því að við erum systkini.“

Hún segist mest hafa hlustað á rokktonlist frá sjötta áratugnum í gegnum útvarpið þegar hún var yngri en síðan tók við rokk frá sjöunda og áttunda áratugnum. „Ég hlustaði aldrei á níunda áratuginn eða það sem var í gangi þá. Ég var mikið í breska rokkinu frá áttunda áratugnum, þar á meðal The Clash. Síðan hlustaði ég mikið á rapp, reggi, Bob Dylan og brasilíska sýrutónlist frá sjöunda og áttunda áratugnum.“

## Engin venjuleg hljómsveit

Fátt verður um svör þegar Eleanor er spurð hvað þau systkini hlusti á þessa dagana. „Við höfum engan sérstakan stíl. Matt og ég erum ekki eins og venjuleg hljómsveit sem hangir saman og drekkur bjór allan daginn. Við spjöllum um tónlist og það sem við flum. Síðan reynum við að finna út hvornig við getum haldið okkur við efnið. Ein leiðin er að leita stöðugt áfram og prófa nýja stíla. Við flum alls konar tónlist og okkur finnst gaman að reyna að herma eftir henni. Málið er bara að við erum ekkert sérstaklega góð í því og þess vegna kemur það út eins og eitthvað nýtt.“

Aðspurð um tónlistarheiminn í dag segir Eleanor að hiphop og R&B séu þar allsráðandi. „Við höfum engan áhuga á að komast í útvarpið í Bandaríkjunum. Jaðartónlist í Bandaríkjunum er orðin allt öðruvísi en hún var fyrir tíu árum, miklu aðgengilegri.“

## Dúett með ömmu

Þann 27. október, aðeins tæpri viku eftir tónleika The Fiery Furnaces á Íslandi, kemur út ný plata frá sveitinni. Þar kemur amma þeirra systkina, sem er orðin 83 ára gömul, rækilega við sögu. „Amma var fyrsti tónlistarmaðurinn í fjölskyldunni okkar. Hún var í kirkjukórnum í fjörutíu ár og spilaði lög fyrir okkur á pianó. Hún var spennt fyrir þessu verkefni og okkur fannst það góð hugmynd að heyra rödd mína við hljóð hennar. Það er ekki oft sem við heyrum svona gamla rödd á rokkplötu. Við heyrðum Johnny Cash syngja seint á ævinni og vonuðum að þetta hljómaði kannski álfka vel. Þessi lög eru byggð á Chicago og hvornig við ólumst upp þar. Þau fjalla um ævi hennar líka og bara fjölskyldusögu okkar.“ segir hún.

Önnur plata er svo væntanleg á næsta ári. „Hún er svolítið eins og popplata. Lögin eru frekar stutt, ólíkt Blueberry Boat sem er löng plata með alls konar sögum þar sem rokkið ryðst síðan fram.“

## Hávaðasamir rokktonleikar

Tónleikar The Fiery Furnaces á Iceland Airwaves verða á Gauki á Stöng föstudaginn 21. október og væntanlega komast færri að en vilja til að sjá þessa merkilegu sveit. Eleanor lofar hávaðasömum rokktonleikum, ekki mikið í líkingu við það sem gengur og gerist á plötunum þeirra. Erfitt sé að framkvæma á tónleikum það sem heyrir á plötunum og því þurfi þau að breyta stíl sínum töluvert.

# Neyðarhjálp vegna jarðskjálftanna í Pakistan

sími 907 2002

hringdu núna í síma 907 2002 og 1.100 kr. færast sjálfkrafa af símareikningi þínum

Hjálparstarf Kirkjunnar  
www.help.is

## AUGLÝSING

# Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. september s.l. að óska eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 til staðfestingar umhverfisráðherra, sbr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Aðalskipulagstillagan var auglýst samkvæmt 17. og 18. gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 26. janúar 2005 til og með 23. febrúar 2005. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 9. mars 2005. Alls bárust athugasemdir frá 290 aðilum, þar af 275 vegna Norðlingaölduveitu. Hreppsnefnd hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim er gerðu athugasemdir umsögn sína.

Vegna athugasemdanna voru gerðar eftirfarandi breytingar á skipulagstillögunni:

1. Bætt er inn 100 ha frístundasvæði á jörð Skarðs I og II.
2. Bætt er inn 57,5 ha svæði með blandaða landnotkun; frístundasvæði / opið svæði til sérstakra nota á jörð Sandlækjar.
3. Svæði fyrir frístundabyggð á jörð Haga II er stækkað úr 28,8 ha í 68,6 ha.
4. Bætt er inn vegi að fjallamannahúsinu Kletti. Vegurinn flokkast sem aðrir vegir og er aðeins sýndur til skýringar á skipulagsupprætti.
5. Breytt er legu á vegi við Vorsabæi og er hann sýndur í núverandi legu.
6. Á hálendi eru felld út úr aðalskipulaginu Vesturkvíslalón (I8), Þjórsárjökulsalón (I7), skurðir og varnargarðar þeim tengdum, sem og efnistökusvæði (E4) þessum mannvirkjum skyldum.

Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Þeir sem komu athugasemd sinni á framfæri með því að rita nafn sitt á undirskriftarlista eða þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu hreppsnefndar geta snúið sér til skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða kynnt sér niðurstöðu aðalskipulagsins á heimasíðu sveitarfélagsins [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is).

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

## 1 STJÖRNUFRÉTTIR 2 LÍFSSTÍLL 3 ALVÖRU FÓLK

**3 BLÖÐ Í FINNU**

JÓNSI OG RÓSA 14 MERKURI!  
EIGNUBUST STÓRAN STRÁK

**hér&nu**

FÆDDI STÚLKU HEIMA

MATAREI SEM BREYTI LÍFI ÞÍNU

EVA MARÍA OG ÓSKAR EIGNUBUST PRINCESSU

EFTIR FERTUGT

**NÝTT OG BETRA BLAÐ**

**hér&nu kemur út í dag!**



### Heyrst hefur...

... að Grindvíkingar séu við það að ná samningum við Sigurð Jónsson um að taka að sér þjálfun liðsins og verður að öllum líkindum tilkynnt um ráðninguna í upphafi vikunnar.

# sport

sport@frettabladid.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### DHL-deild karla:

**FH-KA** 25-18  
**Mörk FH:** Heiðar Örn Arnarson 7, Linas Kalaszkas 5, Finnur Hansson 4, Sigursteinn Arndal 3, Valur Arnarsson 3, Hjörtur Hinriksson 1, Andri Berg Haraldsson 1, Guðjón K. Helgason 1.

**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 24, Hilmar Þór Guðmundsson 1/1.

**Mörk KA:** Ragnar Njálsson 7, Goran Gusic 4, Bjartur Máni Sigurðsson 4, Andri Snær Stefánsson 2, Þorvaldur Þorvaldsson 1, Guðmundur Hermannsson 1, Ólafur Sigurgeirsson 1.

**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 19.

**AFTURELDING-ÍR** 30-26

### Mörk Aftureldingar:

**Mörk ÍR:**  
**VÍKINGUR/FJÖLNIR-SELFOSS** 22-30  
**Mörk Víkings/Fjölnis:** Sveinn Þorgeirsson 7, Árni Björn Þórarinnsson 6, Brjánn Bjarnason 3, Sverrir Hermannsson 2, Björn Guðmundsson 2, Sæþór Fannberg 1, Brynjar Loftsson 1.

**Mörk Selfoss:** Vladimír Đurić 9, Ramunas Mikalonis 7, Karl Larsen 5, Hörður Bjarnason 4, Atli Már Ólafsson 2, Gylfi Már Agustsson 2, Einar Þorgeirsson 1.

**Varin skot:** Sebastian Alexandersson 21.

### Þýski handboltinn:

**GUMMERSBACH-CONCORDIA** 29-23  
**Guðjón Valur** Sigurðsson skoraði 13 mörk fyrir Gummersbach og Róbert Gunnarsson skoraði 2 mörk fyrir sama félag.  
**HAMBURG-GROSSWALLSTADT** 29-37  
**Einar Hólmgeirsson** skoraði 5 mörk fyrir Grosswallstadt og Alexander Peterson bætti við 11/3 fyrir sama félag.  
**GÖPPINGEN-DUSSELDORF** 31-31  
**Jaliesky Garcia** Padron skoraði 4 mörk fyrir Göppingen og Andrius Stelmokas var með 2.  
**Markús Máni** Michaelsson var með 3 mörk fyrir Dusseldorf.



### Meistaradeildin í handb.:

**MAGDEBURG-BREGENZ** 37-27  
**Sigfús Sigurðsson** skoraði tvö mörk fyrir Magdeburg en Dagur Sigurðsson skoraði fimm mörk fyrir Brezgen en hann er einnig þjálfari liðsins.  
**ADEMAR LEON-CELJE LASKO** 27-26  
**ZAPOROZYHE-BARCELONA** 22-31  
**FOTEX VESZPREM-CIUDAD REAL** 31-29  
**Ólafur Stefánsson** skoraði tvö mörk fyrir Ciudad í leiknum og þar af kom annað markið úr vítakasti.  
**FLENSBURG-PARIS** 37-24  
**PORTLAND-KADETTEN** 31-22  
**SONY-SAVEHOF** 27-31

### VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum  
 Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
 Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# 60 SEKÚNDUR MEÐ FRÍÐRIKI STEFÁNSSYNI

**Ísafjörður er...** ágætis bær.

**Njarðvík er...** stórborg.

**Körfubolti er...** skemmtileg íþrótt.

**Teitur Örylgsson er...** goðsögn.

**Græni liturinn er...** fagur.

**Venjulegt, light eða diet?** Venjulegt.

**Vestfirðir eða Suðurnes?** Suðurnes.

**Mogginn eða Fréttablaðið?** Fréttablaðið, það er fritt.

**Hægri eða vinstri?** Hægri.

**Enski boltinn eða spænski?** Ég horfi ekki á þennan viðbjóð.

**Lakers eða Celtics?** Celtics.

**New York eða Bolungarvík?** Hvorugt.

**Fallegust?** Konan mín.

**Connery, Lazenby, Moore, Dalton eða Brosnan?** Það er Roger Moore.

**He-Man eða Batman?** He-Man.

**Spiderman eða Superman?** Superman.



### > Við óskum...

... Atla Hilmarsyni og lærisveinum hans í FH til hamingju með áfangann en fyrsti sigur vetrarins í DHL-deildinni leit dagsins ljós í gær og þó fyrr hefði verið að margra mati.



### > Við hrósum...

... Eiði Smára fyrir að hafa enn eina ferðina sýnt afburðakaraktar og rífið sig upp í miklu mótlaeti. Hann fór á kostum með Chelsea í gær og sýndi enn og aftur þvillur afburðapróttamaður hann er. Það má mikið gerast ef hann fær ekki sæti í liðinu í næsta leik.



# Loks sigur hjá FH

Fyrsti sigur FH í DHL-deild karla leit dagsins ljós í Kaplakrika gegn KA í gær. Selfoss vann sinn fjórða leik í röð.

**HANDBOLTI** Þrír leikir fóru fram í DHL deild karla í gær. FH-ingar unnu langþráðan sigur á KA með 25 mörkum gegn 18 í Kaplakrika. Staðan í hálfleik var 10-8 fyrir Hafnirföngunum. Gestirnir byrjuðu leikinn betur en eftir að Hirti Hinrikssyni, leikmanni FH, var vikið af leikvelli með umdeilt rautt spjald, þjoppuðu heimamenn sér saman og sneru leiknum sér í vil.

Besti maður vallarins var án efa Magnús Sigmundsson, markvörður Fimleikafélagsins, sem varði 24 skot, mörg hver úr opnum færum. Þá var Heiðar Örn Arnarson öflugur í vinstri skyttunni og gerði sjö mörk. Finnur Hansson kom af þekknun hjá FH og gerði fjögur mörk.

Hjá KA-mönnum lék Hreiðar Guðmundsson vel í markinu og varði 19 skot, þar af þrettán í fyrri hálfleik. Af útileikmönnum var hinn ungi Ragnar Snær Njálsson bestur og gerði fjögur mörk. KA-menn söknðu leiðtoga síns Jónatans Magnússonar sem er meiddur á baki.

Atli Hilmarsson, þjálfari FH, var ánægður í leiksok. „Loksins kom sigurinn sem við höfum beðið svo lengi eftir. Þetta var erfið fæðing en þetta hafðist. Við höfum verið óheppnir í okkar leikjum, sérstaklega gegn ÍBV og Val þar sem við leiddum allan leikinn en töpuðum með einu marki.“

Maggi (Magnús Sigmundsson) var stórkostlegur í markinu og vörnin mjög góð. Sónarleikurinn var hins vegar ekkert sérstakur. Það vantaði vissulega mikið í KA-liðið en það tekur ekkert af



**RISINN VAKNAÐUR?** Hjörtur Hinriksson kom mikið við sögu í fyrsta sigurleik FH í vetur. Hann fékk meðal annars að líta rauða spjaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

okkur,” sagði Atli Hilmarsson sigurreifur.

Sebastian Alexandersson heldur áfram að vinna kraftaverk með gömlu mjaltavélina í Selfossi. Í gær unnu lærisveinar hans lið Víking/Fjölnis með átta marka mun 22-30 á útivelli.

Þetta var fjórði sigurleikur Sunnlendinga í röð í deild og bikar.

Í Mosfellsbæ sigruðu heimamenn í Aftureldingu lið ÍR 30-26. Með sigri hefðu Breiðhyllingar farið einir á toppinn en allt kom fyrir ekki. hjorvar@frettabladid.is



**Á SKOTSKÓNUM** Alessandro Del Piero reyndist betri en enginn fyrir Juventus í gær.

## Sjöundi sigur Juventus í röð: Spænski boltinn og ítalski

**FÓTBOLTI** Juventus vann sjöunda leik sinn í röð í ítölsku úrvalsdeildinni í gær þegar liðið sigraði Messina 1-0 á Delle Alpi heimavelli sínum. Alessandro Del Piero gerði sigurmark Juventus á 24. mínútu. Í hinum leik dagsins á Ítalíu sigraði Udinese lið Siena á útivelli. David Di Michele gerði þrennu fyrir Udinese.

Deportivo La Coruna og Barcelona gerðu 3-3 jafntefli í bráðskemmtilegum leik á Riazorleikvangi Deportivo. Barcelona komst í 3-1 í leiknum með tveimur mörkum frá Ronaldinho og einu frá Samuel Eto'ó en Deportivo náði að jafna leikinn fjórum mínútum fyrir leiklok með marki frá Ruben Castro. Alaves og Villarreal gerðu 1-1 jafntefli og enn heldur markastífla Diego Forlan áfram.

Leikur Atletico Madrid og Real Madrid var nýhafinn þegar Fréttablaðið fór í prentun og þá var staðan 1-0 fyrir Real Madrid. Mark konungliðsins gerði Ronaldo úr vítaspyrnu.

Dramatík í norska boltanum í gær:

# Áfall fyrir Start

**FÓTBOLTI** Haraldur Freyr Guðmundsson og félagar í Álasundi unnu mikilvægan sigur í botnbaráttunni í gær er liðið vann topplið Start 4-5 útivelli. Jóhannes Harðarson var í byrjunarliði Start en var skipt út á 75. mínútu en Haraldur Freyr var skipt inn á lokamínútu leiksins.

Þegar fimm mínútur voru til leiksloka jafnaði Start leikinn í 4-4 en Álasund gerði sigurmarkið nánast á lokamínúttunni. Þar með er Vålerenga, lið Árna Gauts Arasonar landsliðsmarkvarðar, komið á toppinn og takist liðinu að sigra Allan Borgvardt og félagi í Víking í Stafangri getur liðið náð þriggja stiga forystu á toppi deildarinnar. Stefán Gíslason og félagar í Lyn eru hins vegar búnir að læða sér bakdyramegin í toppbaráttuna og eru aðeins fjórum stigum á eftir Start og Vålerenga. Það er því ljóst að nánast sama hvað gerist í toppbaráttunni í norska boltanum mun Íslendingur taka við gull-

verðlaunum í lok móts.

Lokeren vann magnaðan 4-2 sigur á Charleroi á heimavelli sínum í belgísku úrvalsdeildinni. Lokeren lenti 2-0 undir í fyrri hálfleik þrátt fyrir að leikmanni Charleroi hafi verið vikið af leikvelli á 30. mínútu, Lokeren komst yfir tveim mínútum fyrir leiklok eftir glæsilegan undirbúning frá Arnari Grétarssyni. Kópavogsbúinn var ekki búinn að segja sitt sfóasta, því á lokasekúndum leiksins skoraði hann fjórða mark Lokeren. Arnar Þór Viðarsson og Rúnar Kristinsson byrjuðu leikinn fyrir Lokeren en Rúnari var skipt út af í hálfleik. Arnar Grétarsson kom inn á þegar tíu mínútur voru eftir og lagði upp sigurmarkið.

Grétar Rafn Steinsson og félagar í AZ Aalkmar steinlægu fyrir meisturum PSV Eindhoven í hollensku úrvalsdeildinni 3-0 á Phillips-leikvanginum í Eindhoven. Grétar Rafn sat allan tíman á varamannabekknun.



**SVEKKTUR** Landsliðsmaðurinn Jóhannes Harðarson var í byrjunarliði Start þegar liðið tapaði fyrir Álasundi, 5-4, í ótrúlegum leik.



**FLETCHER FER HVERGI** Skoski landsliðsmaðurinn Darren Fletcher verður áfram í herbúðum Manchester United.

Enski boltinn:

## O'Shea og Fletcher framlengdu

**FÓTBOLTI** Miðvallarleikmaðurinn Darren Fletcher og hinn fjölbæfi varnarmaður John O'Shea skrifuðu báðir á föstudag undir framlengingu á samningi sínum við Manchester United sem gildir til ársins 2009. Fletcher er skoskur landsliðsmaður en O'Shea írskur. John O'Shea fagnaði nýja samningnum með góðum leik í vinstri bakvarðarstöðunni í gær gegn Sunderland en Fletcher sat á varmannabekknunum.

„Ég er mjög ánægður. Félagið hefur alltaf gefið heimalingum tækifæri og það er ekkert að fara að breytast,“ sagði Sir Alex Ferguson, sem hefur alla tíð verið þekktur fyrir að gefa ungum mönnum tækifæri.

Þá nálgast portúgalska ungstirnið Cristiano Ronaldo nýjan samning að sögn Ferguson.

Íslenski fótboltinn:

## Leikmenn frjálssir ferða sinna

**FÓTBOLTI** Fjölmargir leikmenn í íslenskum fótbolta eru nú lausir undan samningi sínum, því í gær rann út sá frestur sem félagin höfðu til að endursema við leikmenn sína sem eru að renna út á samningi.

Það er því ljóst að næstu dagar verða líflægir á íslenska félagaskiptamarkaðnum og fjöldi leikmann á eftir að færa sig úr stað og verður væntanlega hart barist um feitustu bitana.

Færeyingar skipta um þjálfara:

## Larsson látinn róa

**FÓTBOLTI** Færeyska knattspyrnusambandið hefur ákveðið að framlengja ekki samning Danans Henriks Larsson, landsliðþjálfara karlalandsliðsins og leitar þessa dagana að nýjum manni í starfið. Liðið olli miklum vonbrigðum undir stjórn Larsson og fékk aðeins eitt stig úr leikjunum tíu í undankeppni heimsmeistaramótsins.

Færeyingar vonast til að vera búnir að ráða landsliðþjálfara í vikunni. Talsmaður færeyska knattspyrnusambandsins sagði að heimamenn jafnt sem útlandingar væru undir smásjóni. Ef um útlanding er að ræða verður hann að búa í Færeyjum. Færeyingar voru orðnir þreyttir á vinnubrögðum fráfarandi þjálfara, Larsson sem bjó í Danmörku en kom til Færeyja rétt fyrir leiki.

Þar með er ljóst að Færeyingar gera meiri kröfur til landsliðsþjálfara síns en Þjóðverjar því Jürgen Klinsmann, þjálfari þýska liðsins býr í Bandaríkjunum en þjálfar samt sigursælasta landslið Evrópu.

# Guðjón Valur fer hamförum í Þýskalandi

Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson fer á kostum í þýska boltanum þessa dagana en hann skoraði þrettán mörk fyrir Gummersbach í gær.

**HANDBOLTI** Það hefur verið mikil sigling á Gummersbach það sem af er leiktíð og gengi liðsins er ekki síst Guðjóni Val að þakka sem hefur átt hvern stórleikinn á fætur öðrum og vart spilað leik án þess að skora tíu mörk eða meira en hann er markahæsti leikmaður þýsku úrvalsdeildarinnar.

Guðjón fór fyrir sínu liði gegn Concordia í gær og félagi hans, Róbert Gunnarsson, skoraði tvö mörk fyrir liðið. Gummersbach er í öðru sæti deildarinnar en á leik inni á toppliðið, Magdeburg, sem Alfreð Gíslason stýrir.

Guðjón Valur var ekki eini Íslendingurinn sem lét mikið að sér kveða í þýska boltanum í gær því Alexander Peterson skoraði ellefu mörk fyrir Grosswallstadt í góðum sigri á Hamburg. Alexander hefur fallið mjög vel inn í leik Grosswallstadt í vetur og verið með betri mönnum liðsins



**SIÐÞEITUR** Guðjón Valur Sigurðsson fer á kostum í þýska handboltanum þessa dagana en hann átti enn einn stórleikinn í gær.

rétt eins og Einar Hólmgeirsson sem skoraði fimm mörk í leiknum.

Jaliesky Garcia Padron er allur

að koma til eftir rólega byrjun og hann lék ágætlega fyrir Göppingen í gær rétt eins og fyrrum línumaður KA, Andrius Stelmokas.



**SIÁUMST** Þórarinn fer ekki aftur í Þróttara-treyjuna.

Íslenski boltinn:

## Þórarinn fékk starfslokasamning

**FÓTBOLTI** Þórarinn Brynjar Kristjánsson hefur gert starfslokasamning við knattspyrnudeild Þróttara. Leikmaðurinn gekk til liðs við Þróttara frá Aberdeen í Skotlandi í byrjun sumars. Sumarið gekk ekki sem skyldi hjá Þrótturum og Þórarinn Brynjar og liðið féll í 1. deild. „Ég hef ekki ákveðið hvað ég geri. Ég veit af áhuga frá liðum hérna á Suðurnesjunum en ég mun skoða allt,“ sagði Þórarinn Brynjar, sem er fæddur og uppallinn Keflvíkingur.

**HYUNDAI**  
hefur gæðin

## Hyundai SANTA FE

Einn stærsti og öflugasti jepplingurinn á markaðnum



**Hyundai Santa FE 2.7 V6, sjálfskiptur.**

**Dráttargeta 2300 kg.**

**Verð kr. 2.910.000**

**Bílasamningur kr. 30.290 á mánuði.**

m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.

**Hyundai Santa FE 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur.**

**Dráttargeta 2000 kg.**

**Verð kr. 2.970.000**

**Bílasamningur kr. 30.900 á mánuði.**

m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanessbæ sími 421 4444

Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalán Hvammstanga sími 451 2230

SUNNUGAGSVIÐTALIÐ

&gt; EYJÓLFUR SVERRISSON

# Fyrst blómstrar liðið, síðan einstaklingarnir

Eyjólfur Sverrisson var á föstudag ráðinn hjálfari íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson, sem voru hjálfarar íslenska liðsins, eru nú hættir og er Eyjólfur ætlað að bæta árangurinn til mikilla muna. Magnús Halldórsson ræddi við Eyjólfum hugsjónir hans sem hjálfara og hver gæti verið lykkillinn að velgengni landsliðsins á næstu árum.

Eyjólfur Sverrisson á að baki afar glæsilegan feril sem leikmaður. Hann gekk til liðs við Stuttgart í Þýskalandi árið 1990 og varð þýskur meistari með liðinu ári síðar. Árið 1994 hélt hann til Tyrklands og lék í eitt ár með Besiktas þar sem hann varð tyrkneskur meistari.

Eftir dvölina í Tyrklandi fór hann til Þýskalands og lék með Hertha Berlin þangað til hann lagði skóna á hilluna, fyrir rúmum tveimur árum, og tók þátt í miklu uppbyggingarstarfi hjá félaginu. Eina íslenska félagið sem Eyjólfur hefur leikið með er Tindastóll á Sauðarkróki en þar ólst Eyjólfur upp og flutti þaðan beint til Stuttgart þegar hann gerðist atvinnumaður.

Á þessum langa atvinnumannuferli hefur Eyjólfur kynnst hinum ýmsu hjálfurum. Reynolds Eyjólfsson sem hjálfara er ekki mikil, en U-21 lið Íslands er eina liðið sem Eyjólfur hefur hjálfað og því liggur beinast við að spyrja hvort hann hafi nægilega reynslu til þess að ná góðum árangri með A-landsliðið? „Hjálfarar og leikmenn stefna að sama markmiði, það er að vinna fótboltaleiki. Nú hef ég það verkefni að velja ellefu leikmenn til þess að byrja leikina, í stað þess að vera einn þerra sjálfur. Ég þekki marga leikmennina í liðinu og hef spilað með sumum þeirra og er því meðvitaður um styrkleika margra í liðinu. En ég fæ góðan tíma til undirbúnings fyrir næsta stórmót og mun á næstu misserum fara erlendis og fylgjast með leikmönnum sem til greina koma í landsliðið. Ég var aldrei sá leikmaður sem lét leikinn snúast í kringum sig vegna mikilla tæknilegra hæfileika. Ég nálgæðist leikinn alltaf út frá leikskipulaginu og það hefur komið sér vel í hjálfuninni.“

## Liðsheildin öllu ofar

Eyjólfur hefur á ferli sínum haft marga hjálfara. Hann telur þá reynslu geta nýst honum vel. „Ég hef tileinkað mér vinnubrögð sem mér finnst líkleg til þess að ná árangri. Þau koma frá öllum þeim hjálfurum sem ég hef haft og svo einnig frá mér sjálfum.“

Það er greinilegt að Eyjólfur hefur mikinn metnað sem hjálfari, líkt og hann hafði sem leikmaður, og gerir miklar kröfur til þeirra leikmanna sem hann ákveður að velja í landsliðið hverju sinni. „Ég vil að liðið sem ég stjórna verjist þegar það er ekki með boltann, og sækir síðan af krafti og ákefð þegar boltinn er í okkar liði. Leikmenn sem eru inn á vellinum verða að vera meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeir bera og menn mega ekki fría sig ábyrgð. Leikmenn verða að hafa kjark til þess að taka ákvarðanir og standa og falla með þeim. Þetta fer svo saman við mikið sjálfstraust og þor til þess að framkvæma hlutina sem þarf til

þess að vinna leikinn. Liðsheildin er öllu ofar. Fyrst blómstrar liðið og svo einstaklingarnir innan þess. Ekki öfugt.“

## Fer í alla leiki til þess að vinna

Það má með sanni segja að árangur landsliðsins í síðustu undankeppni hafi verið slakur. Íslenska liðið fékk aðeins fjögur stig út úr leikjunum tíu, vann einungis einn leik, tapaði átta og gerði eitt jafn-

tefli. Landslið þjóða eins og Andorra, Liechtenstein og Armeníu fengu öll fleiri stig en við og því vaknar sú spurning hvort íslenska liðið sé kannski bara ekkert betra en raun ber vitni? „Það er erfitt fyrir að mig að svara þessu beint út. Ég tel að landsliðið geti náð góðum úrslitum með markvissri vinnu allra sem að því koma. Fótboltinn er óskaplega einföld íþrótt og það er mikilvægt að líta þannig



EYJÓLFUR KVEÐUR Eyjólfur veifar hér til áhorfenda í kveðjuleik sínum með Hertha Berlin gegn Galatasaray frá Tyrklandi.



EYJÓLFUR SVERRISSON Eyjólfur náði ágætum árangri með U-21 landsliðið og vonast nú til þess að geta bætt gengi A-landsliðsins.

á leikinn. Hver leikur byrjar 0-0, svo reynir hvort lið eftir bestu getu að fá ekki á sig mark og svo

skora hjá andstæðingnum þegar færi gefst. Ég tel mikilvægt að lið geti lagað sig að því hvernig andstæðingurinn leikur. Þannig finnst mér að lið eigi að geta spilað samkvæmt mörgum tegundum af leikskipulagi og það er mitt verkefni að búa liðið undir það af kostgæfni að vinna þá leiki sem liðið leikur. Að mínu mati er það alltaf rangur útgangspunktur að ætla sér að tapa ekki leiknum. Það mætast tvö lið inni á vellinum og hvort lið verður að gera allt sem í sínu valdi stendur til þess að vinna leikinn, en ekki bara að forðast það að tapa leiknum.“

## Mikil vinna að vera landsliðshjálfari

Eyjólfur ætlar sér að skapa umgjörð í kringum liðið eftir eigin höfði og hefur greinilega ákveðnar skoðanir á því í hverju starf landsliðshjálfara eigi að felast. „Það er mikil undirbúningsvinna fólgin í því að vera landsliðshjálfari, því ef maður ætlar að ná góðum árangri verður að fylgjast vel með því í hvernig umhverfi leikmennirnir starfa. Menn eru með misjafnlega stór hlutverk hjá sínum félögum og það er mitt verkefni að finna jafnvægið og reyna eftir fremsta megni að skapa mönnum hlutverk innan landsliðsins sem hentar hverjum og einum leikmanni.“

## Aftur að taka við af Ásgeiri

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Eyjólfur Sverrisson tekur við hlutverki af Ásgeiri Sigurvinssyni, því þeir gegndu báðir stöðu landsliðsfyrirlíða á sínum tíma og léku saman með Stuttgart í Þýskalandi. Eyjólfur lék með Ásgeiri í hálf tveimur árum hjá Stuttgart áður en Ásgeir lagði skóna á hilluna og reyndist Ásgeir Eyjólfur vel þegar hann steig sínu fyrstu skref sem atvinnumaður. Því má segja þeir tveir standi nú í svipuðum sporum þegar Eyjólfur er að taka við af Ásgeiri sem landsliðshjálfari. „Ásgeir hringdi í mig þegar hann vissi af því að ég yrði næsti hjálfari og óskaði mér alls hins besta og bauð fram aðstoð sína. Hann var ánægður með hvernig gekk hjá U-21 landsliðinu og vonast auðvitað til þess að landsliðið standi sig vel í framtíðinni. Ég tel marga íslenska leikmenn geta komist í fremstu röð ef þeir halda rétt á spöðunum en það er oft erfiðasta stökkið á ferlinum, að verða góður eftir að hafa verið efnilegur. Vonandi næ ég að hjálpa ungu leikmönnum, sem hafa stadið sig vel í landsliðinu að undanfögnu, að taka þetta stökk.“



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir**  
VEF TV

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is



**LIÐIÐ MITT > ARNÓR GUÐJOHNSEN SETUR SAMAN DRAUMALIÐ MEÐ FYRRUM LIÐSFÉLÖGUM**



**Hefði getað stillt upp tveimur jafnstærkum liðum**

**Markvörður, Filip De Wilde:** Algjör bóndi í sér og frábær markvörður.

**H. bakvörður, Geroges Grün:** Ótrúlega duglegur.

**Miðvörður, Morten Olsen:** Frábært keppnis- skap og stjórnáði vörninni vel.

**Miðvörður, Adri Van Tiggelen:** Rosalega fljótur og sterkur. Frábær dekkari.

**V. bakvörður, Bixente Lizarazu:** Eini maðurinn í liðinu sem kann ensku. Ótrúlegur íþróttamaður og mikill töffari.

**H. vængur, Luc Nilis:** Frábær skotmaður. Verður að vera í liðinu.

**Djúpur miðjumaður, Didier Deschamps:** Hélt miðjunni vel. Vann mikið af boltum. Svona menn eru nausynlegir í liðið.

**Framsækinn miðjumaður, Enzo Scifo:** Hafði ótrúlega hæfileika. Ferill hans hefði getað orðið glæsilegri. Stórkostlegur leikmaður.

**V. vængur, Franky Vercauteren:** Með bestu fyrirgjafir sem ég veit um. Lagði upp svona 60% marka minna hjá Anderlecht.

**Framherji, Arnór Guðjohnsen.**

**Framherji, Preben Elkjær Larsen:** Er í liðinu á kostnað Péturs Péturssonar sem einnig var snillingur. Fyrirgefðu, Pétur minn.

**Þjálfari, Arie Haan:** Snillingur. Gerði frábæra hluti með okkur hjá Anderlecht.



„Þetta lið hefði unnið Meistaradeildina.“

**ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

**Enska úrvalsdeildin:**

|   |     |
|---|-----|
| WIGAN-NEWCASTLE   | 1-0 |
| <b>1-0 Jason Roberts</b> (40).  |     |
| CHELSEA-BOLTON  | 5-1 |
| <b>0-1 Stelios</b> (4.), 1-1 Didier Drogba (52.), 2-1 Frank Lampard (55.), 3-1 Frank Lampard (59.), 4-1 Didier Drogba (61.), 5-1 Eður Smári Guðjohnsen (74.). |     |
| LIVERPOOL-BLACKBURN   | 1-0 |
| <b>1-0 Djibril Cisse</b> (75.).   |     |
| SUNDERLAND-MAN. UTD   | 1-3 |
| <b>0-1 Wayne Rooney</b> (40.), 0-2 Ruud van Nistelrooy (76.), 1-2 Stephen Elliott (82.), 1-3 Giuseppe Rossi (87.).  |     |
| TOTTENHAM-EVERTON   | 2-0 |
| <b>1-0 Mido</b> (58.), 2-0 Jermaine Jenas (63.).  |     |
| WBA-ARSENAL   | 2-1 |
| <b>0-1 Philippe Senderos</b> (17.), 1-1 Kanu (38.), 2-1 Darren Carter (76.).  |     |
| MIDDLESBROUGH-PORTSMOUTH  | 1-1 |
| <b>0-1 O'Neil</b> (45.), 1-1 Aiyebini Yakubu (54.).   |     |

**STADAN:**

|              |   |   |   |   |       |    |
|--------------|---|---|---|---|-------|----|
| CHELSEA      | 9 | 9 | 0 | 0 | 23-3  | 27 |
| MAN. UTD     | 8 | 5 | 2 | 1 | 13-6  | 17 |
| TOTTENHAM    | 9 | 5 | 2 | 1 | 11-5  | 17 |
| WIGAN        | 8 | 5 | 1 | 2 | 8-5   | 16 |
| CHARLTON     | 7 | 5 | 0 | 2 | 12-7  | 15 |
| BOLTON       | 9 | 4 | 2 | 3 | 10-11 | 14 |
| MAN. CITY    | 8 | 4 | 2 | 2 | 9-6   | 14 |
| ARSENAL      | 8 | 4 | 1 | 3 | 11-6  | 13 |
| WEST HAM     | 7 | 3 | 3 | 1 | 11-5  | 12 |
| MIDDLESBR... | 9 | 3 | 3 | 3 | 10-12 | 12 |
| BLACKBURN    | 9 | 3 | 2 | 4 | 7-10  | 11 |
| LIVERPOOL    | 7 | 2 | 4 | 1 | 5-6   | 10 |
| NEWCASTLE    | 9 | 2 | 3 | 4 | 5-9   | 9  |
| WBA          | 9 | 2 | 2 | 5 | 9-16  | 8  |
| PORTSMO...   | 9 | 1 | 4 | 4 | 6-10  | 7  |
| BIRMINGHAM   | 8 | 1 | 3 | 4 | 7-12  | 6  |
| ASTON VILLA  | 8 | 1 | 3 | 4 | 8-14  | 6  |
| FULHAM       | 8 | 1 | 2 | 5 | 7-13  | 5  |
| SUNDERLAND   | 9 | 1 | 2 | 6 | 7-14  | 5  |
| EVERTON      | 8 | 1 | 0 | 7 | 1-11  | 3  |

**Enska 1. deildin:**

|   |     |
|---|-----|
| BURNLEY-LEEDS   | 1-2 |
| <b>Gylfi Einarsson</b> spilaði tvær síðustu mínútur leiksins fyrir Leeds.                 |     |
| DERBY-STOKE   | 2-1 |
| <b>Hannes Þorsteinn</b> Sigurðsson var í byrjunarliði Stoke en fór af velli á 73. mínútu. |     |
| PLYMOUTH-SHEFF. WED.  | 1-1 |
| <b>Bjarni Guðjónsson</b> spilaði síðustu tíu mínútur leiksins fyrir Plymouth.             |     |
| WATFORD-LEICESTER   | 1-2 |
| <b>Jóhannes Karl</b> Guðjónsson lék síðustu 19 mínútur leiksins fyrir Leicester.          |     |

**Enska 2. deildin:**

|                       |     |
|-----------------------|-----|
| ROCHDALE-NOTTS COUNTY | 3-0 |
|-----------------------|-----|

**Skoska úrvalsdeildin:**

|               |     |
|---------------|-----|
| CELTIC-HEARTS | 1-1 |
|---------------|-----|

**Spænska úrvalsdeildin:**

|                   |     |
|-------------------|-----|
| ALAVES-VILLARREAL | 1-1 |
|-------------------|-----|

**Ítalíska úrvalsdeildin:**

|  |     |
|--|-----|
| SIENA-UDINESE  | 2-3 |
| <b>0-1 David</b> di Michele (26.), 0-2 David di Michele (36.), 0-3 David Di Michele (46.), 1-3 Enrico Chiesa (53.), 1-3 Valerio Bertotto, sjm (67.). |     |
| JUVENTUS-MESSINA   | 1-0 |
| <b>1-0 Alessandro</b> Del Piero (24.).   |     |

**Hollenska úrvalsdeildin:**

|   |     |
|---|-----|
| PSV EINDHOVEN-AZ ALKMAAR  | 3-0 |
| <b>Grétar Rafn</b> Steinsson sat á varamannabekk Alkmaar allan leikinn. |     |
| AJAX-HERACLES   | 0-0 |
| NAC BREDA-HEERENVEEN  | 0-3 |
| TWENTE-WAALWIJK   | 2-0 |

**Við spilum ekki leiðinlegan fótbolta**

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, blés á allt tal um að Chelsea spilaði leiðinlegan fótbolta eftir 5-1 sigur á Bolton. Eður Smári átti stórleik fyrir Chelsea, skoraði eitt mark og lagði upp tvö önnur.

**FÓTBOLTI** Bolton byrjaði leikinn betur og það hlakkaði í mörgum þegar menn Mourinhos fóru 1-0 undir til búningsherbergja. Portúgalinn snjalli breytti um skipulag í hálfleiknum. Tók bakvörðinn Asier Del Horno af velli, breytti í þriggja manna vörn og setti Eður Smára Guðjohnsen í sóknina. Þessi skipting reyndist svo sannarlega rétt því Eður fór fyrir liði Chelsea sem var með flugeldasýningu í síðari hálfleik og skoraði fimm mörk.

„Ég setti hlutina upp á töflu-fundi í hálfleik og strákarnir fóru eftir leiðbeiningunum,“ sagði Mourinho. „Það unnu allir sína vinnu í síðari hálfleik og eiga hrós skilið. Mér fannst vera mikið pláss frammi með Cole og Phillips á köntunum og ég hafði þá tilfinningu að Eður væri rétti maðurinn



**MARKASKORARAR** Rooney og van Nistelrooy skoruðu báðir fyrir United gegn Sunderland í gær. MYND/GETTY

til að breyta sóknarleikum.“ Chelsea er með nýu stiga forskot eftir leikinn og þar að auki með 20 mörk í plús. Liðið hefir enn fremur skorað nýu mörk í síðustu tveim leikjum.

„Við spilum ekki leiðinlegan fótbolta. Stundum eru leikirnir leiðinlegir en við erum ekki leiðinlegt lið,“ sagði Mourinho.

Manchester United lenti í nokkrum vandræðum með að ganga frá Sunderland en kláraði leikinn örugglega undir lokin. Wayne Rooney átti stórleik fyrir United og Mick McCarthy, stjóri Sunderland, hefur engan sérstakan áhuga á að mæta honum í brád.

„Rooney er búinn að gera mig brjálaðan. Hann er sérstakur leikmaður og England treystir á hann í heimsmeistarakeppninni. Hann sigraði okkur í þessum leik,“ sagði McCarthy en hans menn voru mun betri í fyrri hálfleik. Nýliði- inn ungi Giuseppe Rossi skoraði lokamark leiksins og það gladdi hjarta Sir Alex Ferguson, stjóra Man. Utd.

„Þetta er einstaklega hæfileikaríkur strákur og ég hef lengi beðið eftir rétta tækifærinu fyrir hann. Þessi strákur mun skora fjölda marka fyrir United í framtíðinni,“ sagði Sir Alex.

Arsenal er í miklum vandræðum þessa dagana og það undirstrikaðist þegar liðið tapaði fyrir WBA í gær. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, neitar samt að gefast upp.

„Við áttum ekki að tapa þessum leik. Mér finnst liðið búa yfir slíkum anda að menn munu ekki gefast upp og það er nóg eftir af mótinu,“ sagði Wenger en Liverpool slapp með skrekkin, og þrjú stig, gegn Blackburn þrátt fyrir að vera manni fleira stærri part leiksins.



**EÐUR SMÁRI Í FANTAFORMI** Landsliðsfyrirliðinn íslenski hafði greinilega gott af fríinu því hann virkaði mjög sprækur gegn Bolton og var að margra mati maður leiksins. Hann fagnar hér ásamt Didier Drogba, sem skoraði tvö mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Við tókumst í hendur, við erum báðir atvinnumenn,“ sagði stjóri Liverpool, Rafael Benitez, en Djibril Cisse hljóp til hans með

sáttahönd eftir að hafa skorað sigurmarkið en þeir tveir hafa verið að munnhöggvast í fjölmiðlum síðustu daga. henry@frettabladid.is

**EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM FÓTBOLTANN Á SPÁNI OG ÍTALÍU.**

**Tveggja turna tal**



Kraftframherjar í körfubolta eru stétt kraftmestu og næststærstu leikmanna viðkomandi liðs á eftir miðherjanum. Í knattspyrnu skiptir stærð ekki jafn miklu máli en þó er stundum talað um kraftframherja. Merkingin þó eilítið önnur, öflugur sterkur framherji sem lætur finna fyrir sér; dæmigerður enskur senter. Giska ég á að væru knattspyrnuáhugamenn beðnir um að nefna erkítýpu þeirrar stéttar myndi nafn Alans Shearer fljótlega dúkka upp.

**Battar fyrir stjörnurnar** Í Suðurlöndum hafa menn átt í vandræðum með að viðurkenna þessa stétt. Hafa viljað sína fremstu menn léttleikandi og lipra. Í seinni tíð hafa þó bæði spænska og ítalska landsliðið skartað stórum mönnum í framliðinu. Öftast hafa þessir menn verið eins konar „battar“ fyrir minni framherjann sem hefur verið aðalstjarnan. Þeirra hlutverk að vinna skallaeinvígi og halda boltan-

um. Dæmi um slíkar týpur eru Ítalarnir Delvecchio og Casiraghi og Spánverjinn Salinas. Önefndur er Christian Vieri sem er kannski eini alvöru kraftframherjinn af enska skólanum sem Suðurlönd hafa átt. Það er dæmi um breytta tíma að Englendingar eiga engan almennilegan kraftframherja í dag og stilla upp í fremstu línu rísanum Peter Crouch sem er dæmigerður „batti“. Ítalir og Spánverjar eiga hinsvegar eignast afbragðs kraftframherja sem hafa með stórgóðum leik með landsliðum sínum gert tilkall til þess að vera aðalmennirnir í sóknarliðinu á HM á næsta ári, þá Fernando Torres og Luca Toni.

**Fellibylurinn Torres**

Fernando Torres er ein helsta vonarstjarna spænskrar knattspyrnu. Þessi 22 ára fyrirlíði Atletico Madrid þykir óhemju þroskaður leikmaður miðað við aldur. Væntingarnar til hans virtust þó í haust

vera að sliga drenginn því lítið gustaði af „El Nino“ eins og hann er nefndur eftir fellibylnum mannskæða. Torres skoraði nánast ekkert og spænsku blöðin tóku að rýna krítískt í skorkortin hjá honum. Fundu út að glæsímörk þau sem hann hefur verið þekktur fyrir hefðu þyrilað ryki í augu manna; Torres skoraði einfaldlega ekki nógu reglulega til þess að verjandi væri að byggja spænsku sóknarliðinu á kringum hann. En svo komu mörkin tvö gegn Belgum sem fleyttu Spánverjum í umspilið um sæti á HM. Hófst þá Torres-æðið á ný og tóku blöðin í staðinn að gagnrýna gulldrenginn Raul sem lítið getur þessa dagana. Þykir spænskum skynsamlegra að nota Reyes til að föðra Torres.

**Seinþroska Toni**

Luca Toni hefur farið mikinn í haust og er nú markahæstur í Serie A. Auk þess hefur hann skorað fjögur mörk í síðustu þremur landsleikjum. Toni lék sinn fyrsta

landsleik hér á landi í fyrrasumar. Hafði árið áður skorað 30 mörk í Serie B með Palermo og setti 20 mörk í Serie A í fyrra. Toni er hinsvegar enginn nýgræðingur, orðinn 28 ára gamall og þurfti mikið að hafa fyrir því að komast á toppinn, aðeins eru 5 ár síðan hann var að spila í þriðju deild. En kannski hjálpar þetta einmitt Toni, hann kann að meta það að fá tækifæri með landsliðinu og Ítalir hafa ekki séð mann svitna jafn rosalega í bláu treyjunn síðan Schillaci á HM 90.



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

13 14 15 16 17 18 19

## Sunnudagur

## LEIKIR

- 16.30 Fram og ÍBV mætast í Framhúsinu í Safamýri í DHL-deild karla í handbolta.
- 17.00 Haukar og Torggler Group Meran mætast að Ásvöllum í Hafnarfirði í Meistaradeild Evrópu í handbolta.
- 19.15 Hamar/Selfoss og Höttur mætast í íþróttahúsinu í Hveragerði í Iceland Express deild karla í körfubolta.
- 19.15 Þór Ak. og Grindavík mætast í Höllinni á Akureyri í Iceland Express deild karla í körfubolta.
- 19.15 Keflavík og Skallagrímur mætast í íþróttahúsinu á Keflavík í Iceland Express deild karla í körfubolta.
- 19.15 KR og Njarðvík mætast í DHL Höllinni í Iceland Express deild karla í körfubolta.
- 19.15 Haukar taka á móti Fjölni á Ásvöllum í Iceland Express deild karla í körfubolta.
- 19.15 ÍR og Snæfell mætast í Seljaskóla í Iceland Express deild karla í körfubolta.

## SJÓNVARP

- 09.40 Spænski boltinn á Sýn.
- 10.50 Enski boltinn bein útsending frá leik Birmingham og WBA á Enska boltanum.
- 11.20 Gillette Sportpakinn á Sýn.
- 11.45 Formúla 1 á Rúv.
- 12.20 Enska Championship deildin leikur Reading – Ipswich í beinni útsendingu.
- 14.25 Ítalski Boltinn á Sýn. Leikur Inter og Livorno í beinni útsendingu.
- 14.50 Enski boltinn á Enska Boltanum. Leikur Man City og West Ham í beinni útsendingu.
- 16.15 NFL-Tilþríf á Sýn.
- 16.50 Meistaradeildin Evrópu í handbolta Bein útsending frá leik Hauka og Torggler Group Meran á Sýn.
- 18.30 Ameríski fótboltinn Bein útsending frá leik Tampa Bay Buccaneers – Miami Dolphins á Sýn.
- 21.20 Helgarsportíð á Rúv.

Formúla 1:

## Kimi ekki á leið til Ferrari

**FORMÚLA 1** Finninn Kimi Räikkönen segist ekki vera á leið til Ferrari árið 2007 en hann er sterklega orðaður við sæti Michaels Schumacher hjá liðinu.

Samningur Räikkönen við McLaren rennur út á sama tíma og samningur Schumachers við Ferrari.

## Gervigras á nýja aðalleikvanginn í Reykjanesbæ

Hönnun á nýjum aðalleikvangi í Reykjanesbæ er á lokastigi. Gert er ráð fyrir 1.700 manna stúku og að setja gervigras á völlinn til að nýta hann allt árið.

**FÓTBOLTI** „Ég geri enga athugasemd við það ef gervigras verður sett á nýja aðalvöllinn. Hann nýtist einfaldlega betur og ef það á að lengja keppnistímabilið í íslenska boltanum þarf að gera eitthvað svona,“ sagði Rúnar Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, við Fréttablaðið. Í Reykjanesbæ er unnið að því að hanna nýjan aðalleikvang með 1.700 manna stúku sem mun liggja að Reykjaneshöllinni og eru hugmyndir uppi að setja gervigras á völlinn. Keflavík yrði þar með fyrsta liðið í Landsbankadeildinni til þess að setja gervigras á aðalvöllinn.

Keflvíkingurinn Haraldur Freyr Guðmundsson leikur með norska liðinu Aalesund en það er eina liðið í úrvalsdeildinni þar í landi sem er með gervigras á aðalvöllinum. Aalesund vígði nýjan og glæsilegan leikvang fyrir þessa leiktíð sem ber nafnið Colorline-stadium. Að sögn Haraldar gerðu styrktaraðilarnir sem komu að fjármögnun vallarins þá kröfu að gervigras yrði á vellinum.

„Ástæðan er einfaldlega sú að þá verður miklu betri nýting á vellinum. Auk þess að spila alla heimaleikina þarna æfum við ásamt öllum yngri flokkum félagsins á vellinum. Þarna munum við líka æfa í vetur en völlurinn er upphitaður. Þá er hann með vökvunargræjur og völlurinn bleyttur fyrir æfingar og leiki,“ segir Haraldur en viðurkennir að það séu nokkuð blendnar tilfinningar hjá leikmönnum að spila á gervigrasinu þótt flestir þeirra séu frekar jákvæðir.

„Þegar leiktíðin hófst í vor fannst okkur gervigrasið frábært. Það er betra og frábrugðið gras-



**KEFLAVÍKURVÖLLUR** Á þennan stað á að setja nýjan gervigrasvöll í Keflavík sem og að byggja nýja 1700 manna stúku.

inu í Egilshöllinni í Grafarvogi því hér er ekki þetta svarta gúmmispæni. Í dag finnst mér hins vegar gervigrasið hafa látið á sjá og er ekki eins gott. Það þarf að renna vél yfir gervigrasið og þeir hafa ekki verið eins duglegir við að nota hana í sumar og haust líkt og í vor,“ segir Haraldur Freyr.

Ekki er hægt að segja að gervigrasið hafi gefið Aalesund eitthvað forskot því liðið er neðst í norsku úrvalsdeildinni en hefur reyndar gengið mun betur á heimavelli. En hvernig líst keflvíska varnarmanninum á að fá gervigras á nýja aðalleikvanginn í Reykjanesbæ?

„Mér líst ágætlega á það. Persónulega finnst mér betra að spila á venjulegu grasi en ég skil vel að menn velti því fyrir sér að setja gervigras á völlinn í Keflavík til þess að hann nýtist betur, sérstaklega ef það á að lengja keppnistímabilið. Hjá Aalesund er hugmyndin að setja venjulegt gras á völlinn í framtíðinni og það er auðvitað hægt að gera það líka í Keflavík,“ sagði Haraldur.

Rúnar Arnarsson vonast til þess að nýi leikvangurinn í Reykjanesbæ verði klár 2007 eða 2008. Hönnun vallarins er á lokastigi.

thorsteinngunn@frettabladid.is

Tímatakan í Kínakappakstrinum fór fram í gær:

## Alonso á ráspól enn og aftur

**FORMÚLA 1** Heimsmeistarinn í Formúlu 1-kappakstri, Spánverjinn Fernando Alonso, slakar ekkert á þótt hann sé búinn að tryggja sér titilinn en hann verður á ráspól í Kínakappakstrinum eftir stórgóðan akstur í tímátökunni í gær.

Þetta var góður dagur fyrir Renault því Físichella varð annar og Renault á því tvo efstu bílana. Räikkönen verður að sætta sig við þriðja sætið og Bretinn Button er fjórði.

„Það eru allir í liðinu mjög jákvæðir og ég hef góða tilfinningu fyrir keppninni. Það kom

mér örlítið á óvart að ná ráspól að þessu sinni,“ sagði Alonso kátur. Renault er í harðri baráttu við McLaren í keppninni um sigur bílasmíða en McLaren hefur örlítið forskot á Renault.

„Við vorum í vandræðum með bílinn og dekkinn. Vonandi verður bíllinn klár í keppninni og við munum gefa allt sem við eigum,“ sagði Räikkönen.

- hbg

**FERNANDO ALONSO**  
Líklegur til afreka í Kína.



Haukar mæta ítalska liðinu Torggler Group Meran í Meistaradeild Evrópu í dag:

## Við verðum að vinna Ítalana

**HANDBOLTI** Haukar fá ítalska liðið Torggler Group Meran í heimsókn í dag að Ásvöllum klukkan 17:00 í Meistaradeild Evrópu. Bæði liðin hafa tapað leikjum sínum það sem af er keppni og því er leikurinn mjög mikilvægur fyrir bæði liðin í keppninni um þriðja sætið sem gefur áframhaldandi keppni EHF bikarnum.

Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, er bjartsýnn fyrir rimmuna gegn Ítölunum. „Við verðum að vinna leikinn ætluðum við okkur að ná þriðja sætinu. Ég er þó ekki búinn að gefa upp vonina um annað sætið þótt það þurfi mikið til svo það takist.“

Ítalska liðið er með mjög góða menn í stöðunum fyrir utan sem allir eru frá fyrrum Júgóslavíu. Ég á von á hörkuleik og allt annað en sigur er óviðunandi,“



**KÁRI Í BARÁTTUNNI** Kári Kristjánsson sést hér í eldflunni með Haukum gegn Aarhus í Meistaradeildinni fyrir skömmu.

sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hafnarfirðinganna.

Að sögn Páls eru allir leikmenn hans klárir í slaginn að undanskildnum Samúel Ívari Arnasyni



**RÚNAR KRISTINSSON** Það yrði mikil lyftistöng fyrir íslenskan fótbolta ef Rúnar Kristinsson myndi leika í Landsbankadeildinni næsta sumar.

Tímamót fram undan:

## Rúnar líklega á leið heim til Íslands

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson, leikmaður Lokeren í Belgíu og einn af leikjahæstu leikmönnum íslenska landsliðsins frá upphafi, segist vel geta hugsað sér að koma heim til Íslands í vor en þá rennur samningur hans við belgíska félagið Lokeren út. „Það er góður möguleiki á því að ég komi heim. Ef ég fæ tækifæri til þess að vera áfram þá er það líka freistandi. Það hefur gengið vel hjá mér að undanfögnu og ég er sáttur við líkamlegt form mitt það sem af er tímabili. Það kemur líka til greina að hætta alveg í fótboltanum þar sem ég hef verið lengi í atvinnu-mennsku þannig að kannski verður þetta bara orðið nóg.“

Rúnar lék með KR áður en hann fór utan í atvinnu-mennsku. Hann segist vel geta hugsað sér að spila með KR að nýju. „Ég er mikill KR-ingur og auðvitað kemur það til greina að leika með liðinu þegar ég kem heim. En það fer eftir því hvort ég verð í líkamlegu standi til þess að halda áfram af fullum krafti. Ég hef ekkert verið að skoða möguleikana heima á Íslandi en kannski gerir maður það þegar þar að kemur. Það hefur enginn verið í sambandi við mig til þess um að spila með einhverjum liðum heima á Íslandi næsta sumar. Ég mun skoða mín mál í rölgheitunum og er ekkert að stressa mig yfir því þó þetta verði hugsanlega mitt síðasta tímabil í atvinnu-mennsku.“

Rúnar var kosinn efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins árið 1987 en þá var hann að stíga sín fyrstu skref með liði KR, átján ára gamall.

- mh


hornamanni, sem er meiddur.

Leikurinn hefst eins og áður segir klukkan 17:00 og er í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn.

- hjo



## Harkan fimm



ÍSÍSENSKA AUGLÍSINGASTOFAN/WWW.IS IS TOY 25767 10/2005

### Næst ekur þú Avensis

Avensis er harður af sér. En undir hörðu yfirborðinu er að finna framúrskarandi hugvit. Vegna þessa hefur öryggi bílsins verið verðlaunað. Hann hlaut fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP. Það fær ekki hvaða bíll sem er fullt hús stiga.

Áreiðanlegt öryggi og afburða gæði gera Avensis Wagon að sjálfkjörnum fjölskyldufarkosti.

Prófaðu fimm stjörnu Avensis Wagon og sjáðu hvort hann nái ekki að heilla þig eins og dómnefndir um allan heim.

Verð frá 2.440.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota  
Nýbýlavegi 4  
KÓPAVOGUR  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
AKUREYRI  
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn  
Njarðarbraut 19  
REYKJANESBÆR  
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn  
Fosnesi 14  
SELFOSS  
Sími: 480-8000

★★★★ -DV Frábær fjölskylduskemmtun!  
- Fréttablaðið

**Annie**  
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

17. sýn. í dag kl. 14  
Annie; Thelma Lind  
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15  
Annie; Solveig  
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14  
Annie; Thelma Lind

Míðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓ  
www.annie.is • www.midi.is

**STUÐ MILLI STRÍÐA: Andaviðbjóður á veitingahúsi**

MÖRTU MARIU JÓNASDÓTTUR FINNST GRÁTLEGT AÐ EYÐA PENINGUM Í VONDAN MAT.



Ég er ein af þeim sem fara sjaldan út að borða. Mér finnst það reyndar alltaf voðalega gaman en það kemur fyrir að maturinn er ekkert spennandi og þá dauðsé ég eftir peningunum. Í síðustu viku fór ég með manningum mínum á svaðan veitingastað sem býður upp á ýmsa rétti, en aðallega flotta innanhússhönnun.

núðluklessa, andabringa skorin í bita sem dreift var yfir núðlurnar og örlltið magn af bragðlausu gumsi í köntunum sem átti að vera sósá. Þegar ég kallaði í þjóninn og spurði hann um sósuna sem lofað hafði verið ásamt salatinu ypti hann öxlum og sagðist ætla að spyrja kokkinn. Það tók átta mínútur og maturinn orðinn kaldur og ennþá ógirnilegri þegar hann birtist aftur með ólífuolíu í lítilli skál sem átti að gera gæfumuninn. Ég setti hana út á og ekki skánaði rétturinn.

Þegar ég náði aftur í þjóninn sagði hann mér að rétturinn ætti að vera svona en kokkurinn hefði boðið mér rauðvínssösu út á ef ég vildi það. Parna var ég orðin svo pirruð að mig langaði til að labba út. Betri helmingurinn bannaði það og kallaði í þjóninn sem fjarlægði andaviðbjóðinn og bauð mér að panta mér eitthvað annað. Ég þorði ekki öðru en kjúklingasalati enda ekki hægt að klúðra því nema að vera með súkkulaðibúðing í stað heila. Það smakkaðist ágætlega. Næst þegar ég íhuga að fara út að borða og hafa það huggulegt ætla ég að hugsa mig tvisvar um því það hefur sannast að eldhúsið heima kemur ágætlega út í samanburði, bæði innréttingalega séð og matarlega.

**myndasögur**

■ pondus Eftir Frode Överli

**PONDUS** af Frode Överli

Hann er flúinn aftur! Hvernig getur hann alltaf vitað hvenær ég ætla að klippa á honum klærnar?

Af því að þú notar trjáklippurnar aldrei til neins annars.

■ Þú og þa Eftir SÖB

Heyrðu góði minn, hvað ert þú að gera hér uppi svona snemma, það er rétt komið fram í október???

Ja, Pétur minn...nú er illt í efni...þannig er sko...að ég er...sko...dauður...hul

SMS LEIKUR  
**VILTU VINNA 500.000kr?\***  
ALLIR SEM TAKA ÞÁTT FÁ GLÆÐING!

SENDU SMS BT UTF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!  
VIÐ SENDUM ÞÉR SPURNINGU.  
ÞÚ SVARAR MEÐ  
ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ  
BT A, B EDA C Á NÚMERIÐ 1900.

ÞETTA ERU NÚ EINUM OF FLOTTIR VINNINGAR!

**Klikkaðir aukavinningar**  
MEDION Fartölvur • SONY PSP leikjavélur • PANASONIC Stafrænar tökuvélur • SONY HEIMABIÓ • DENVER DVD spilarar • SONY Stafrænar myndavélur • Sony MP3 spilarar • Sony Ericsson GSM símar • FIFA 2006 tölvuleikir f. PS2 • Black and White 2 f. PC • Playstation 2 leikjavélur • Sin City á DVD • Bíómíða á Waiting • Í takt við tíman á DVD • Pizzur frá Little Ceasars • Kippur af Coke • Og enn meira af DVD, CD's, tölvuleikjum og fleiru.

\*Aðalvinningur verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum. Sá sem vinnur 500.000kr fær einn dag til að kaupa sér vörur í verslunum BT að andvirði 500.000 kr. Leiknum lýkur 31. október 2005 kl 24:00. Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Reykjavík. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Ef það tekur þig lengur en 5 mín að svara spurningu þarftu að byrja leikinn aftur.

■ **Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 3 | 2 | 5 | 1 | 9 |
| 2 | 1 | 3 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 3 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 | 8 | 5 | 3 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 |   |   | 1 |   | 3 |   |   | 2 | 5 |
| 5 |   | 1 |   |   |   |   |   |   |   |
|   |   | 7 |   | 4 | 2 | 6 | 8 |   |   |
| 6 |   | 4 | 9 |   | 7 |   |   |   | 8 |
|   |   | 3 |   | 8 |   | 5 |   |   |   |
| 1 |   |   | 3 |   | 6 | 2 |   |   | 7 |
|   | 1 | 5 | 2 | 3 |   |   | 8 |   |   |
|   |   |   |   |   |   |   | 1 |   | 9 |
| 3 | 9 |   | 8 | 4 |   |   |   |   | 2 |



HELGA ÞÓRARINSDÓTTIR Er meðal þeirra sem leika fyrir gesti og gangandi á Degi hljóðfærins í Gerðubergi í dag.

# Hin mjúka miðja

Dagur hljóðfærins verður haldinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag. Hljóðfærið sem heðrað verður að þessu sinni er víólan. „Við köllum víóluna „Hina mjúku miðju“ vegna þess að víólan liggur á miðju tónsviðinu. Fiðlan er efst svo kemur sellóid og víólan er þarna inni á milli. Hún hefur oft mjúkar, mildar og fallegar raddir sem eru kannski ekkert mjög áberandi,“ segir Helga Þórarinsdóttir víóluleikari en hún hefur leikið á víólu í tæplega fjórutíu ár. „Ég held að það sé þessi djúpi tónn í víólunni sem hafi höfðað

strax til mín. Ég er frekar djúprödduð sjálf og handleggjalöng svo víólan er upplögð fyrir mig. Um leið og ég heyrði í víólu vissi ég að þetta væri hljóðfærið mitt. Ég byrjaði á fiðlunni og færði mig svo yfir á víóluna eins og margir aðrir,“ segir hún. „Við vorum einmitt með heimspjng víóluleikara í byrjun júlí. Hingað komu gestir frá útlöndum, bæði heimsfrægir og lítt þekktir víóluleikarar. Það virðist vera einstaklega auðvelt að kalla saman fólk sem er hrifið af víólunni.“ Að sögn Helgu verður eins

konar opið hús í Gerðubergi þar sem fólk getur litið við og hlustað. „Við ætlum að spila heilmikið af verkum sem eru fyrir fimm eða sex víóluraddir. Inn á milli tekur fólk svo smá víólueinleik. Ég ætla að spila með vini mínum sem er gítarleikari. Svo verður þarna klassíska blandan víóla og píanó. Fólk getur litið við og hlustað og ég held ég geti lofað því að þetta verði mjög skemmtilegt.“ Dagur hljóðfærins stendur frá hálfþrjú til sex í dag. Aðgangseyrir er 1000 krónur, 500 krónur fyrir nema og ókeypis fyrir börn tólf ára og yngri.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR? OKTÓBER

13 14 15 16 17 8 19  
Sunnudagur

### TÓNLEIKAR

- 15.00 Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gerrit Schuil píanóleikari halda tónleika í Tónlistarhúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.
- 16.30 Triocolore Musica heldur tónleika í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð í Reykjavík. Þau Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona, Þórhildur Björnsdóttir píanóleikari og Hjörleifur Valsson fiðluleikari flytja
- 20.00 Gítardúettinn Duo Nor, þeir Ómar Einarsson og Jakob Hagerdorn-Olsen, halda útgáfutónleika í Norræna húsinu. Aðgangur ókeypis.
- 21.30 Útgáfutónleikar Tómasar R. Einarssonar bassaleikara verða í Þjóðleikhúskjallaranum í tónleikaröð Múlans. Til efnið er útgáfa geisladisksins Let jazz be bestowed on the huts. Söngvarar eru Kristjana Stefánsdóttir og Einar Örn Benediktsson og hljóðfæraleikarar auk Tómasar eru Óskar Guðjónsson á saxofón, Agnar Már Magnússon á píanó, Ómar Guðjónsson á gítar, Pétur Grétarsson á slagverk og Matthías M.D. Hemstock á trommur.

### LEIKLIST

15.00 Dagskrá um norska leikskáldið Jon Fossé verður flutt á Litla Sviði Þjóðleikhússins. Tvö verka hans, Sumardagur og Dauðu hundamir, verða sett upp í Þjóðleikhúsinu í vetur.

### FYRIRLESTRAR

16.00 Oswald Georg Bauer leikhúsfraeðingur flytur fyrirlestur um Wagner og Parísaróperuna í Norræna húsinu.

### SAMKOMUR

14.30 Dagur hljóðfærins í Gerðubergi er þetta árið helgaður víólunni. Fremstu víóluleikarar landsins koma fram á fjölbreyttri dagskrá.

### SÝNINGAR

15.00 Thor Vilhjálmsson rithöfundur segir frá kynnum sínum af íslenskum myndlistarmönnum og verkum þeirra á sýningunni Íslensk myndlist 1945-1960, sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands. hvar@frettabladid.is

# Snillingar í kvikmyndagerð

Margar af frægustu og helstu perlum rússneskrar kvikmyndagerðar verða sýndar á kvikmyndahátíð sem hefst í dag í Bókasafni Kópavogs í tengslum við Rússneska daga í Kópavogi. Í dag klukkan 15 verður sýnd þar myndin Rakarinn frá Siberíu eftir Nikita Mikhalkov, sem er einn þekktasti núvlfandi leikstjóri Rússlands. Á morgun verður meðal annars sýnd einstaklega áhrifamikil mynd eftir Elim Klimov, Farðu og sjáðu, sem fjallar um grimmdarverk nasista í Hvíta-Rússlandi árið 1943. Á fimmtudaginn verður síðan sýnd hin klassíska mynd Eisensteins, Beitiskipið Potemkin frá árinu 1926. Sú mynd þótti að mörgu leyti marka tímamót í kvikmyndasögunni.



FÖRNIN Úr mynd Andreis Tarkovskí frá 1986.

Tvær myndir eftir Andrei Tarkovskí verða sýndar á hátíðinni, Bernska Ívans frá 1962 og Förnin frá 1986, þar sem Guðrún Gísladóttir er í stóru hlutverki. Myndir Tarkovskís eru engu líkar og Förnin er sú síðasta sem hann gerði, skömmu áður en hann lést.

**Tökin hert** THE TURN OF THE SCREW  
EFFTR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning - ÖRFÁ SÆTI LAUS  
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning  
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning  
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning  
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.  
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalín í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200  
Íslenska óperan v/Inngölfstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400 ÍSLENSKA ÓPERAN

**Tónleikurinn BÍTL**

Föstudag 14/10 UPPSELT  
Laugardag 15/10 LAUS SÆTI  
Föstudag 28/10 LAUS SÆTI  
Föstudag 11/11 LAUS SÆTI

“Frábær skemmtun!”  
VS Fréttablaðið Landsbankinn Sími: 552 3000

**Ávaxtakarfan**  
Í AUSTURBÆ  
Síðustu sýningar  
**Jónsi**  
Immi Árnæs  
...Ég er voldugur og líka holdugur.  
Enginn hér er betri en ég.  
Ég um mig frá mér til mín.  
Það getur enginn jafnast á við mig...

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 13 til kl. 17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar  
Sunnudagur 23. okt. kl. 13:30  
Aukasýning vegna mikillar aðsóknar  
Sunnudagur 23. okt. kl. 16:30

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**SALKA VALKA**  
Mi 19/10 kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,  
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,  
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort  
Su 30/10 kl. 20 græn kort  
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

**WOYZECK**  
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning UPPSELT  
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning UPPSELT  
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20 rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort, Fö 11/11 kl. 20 blá kort

Aðeins þessar 2 aukasýningar eftir  
í kvöld kl. 20, Su 23/10 kl. 20

**KALLI Á ÞAKINU**  
e. Astrid Lindgren  
í dag kl. 14 UPPSELT, Su 23/10 kl. 14 UPPSELT, Su 30/10 kl. 14, Su 6/11 kl. 14

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**

**LÍFSINS TRÉ**  
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT  
Fö 28/10 kl. 20 UPPSELT, Fi 3/11 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20 Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20, Fö 11/11 kl. 20

**FORÐIST OKKUR**  
Aðeins sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.  
Mi 19/10 kl. 20, Fi 20/10 kl. 20, Fö 21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

**MANNTAFL**  
Lau 22/10 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
í kvöld kl. 20 UPPS., Sun 23/10 kl. 20 UPPS. Þri 25/10 kl. 20 AUKASÝN. Lau 29/10 kl. 20 UPPS., Sun 30/10 kl. 20 UPPSELT Sun 6/11 kl. 20 AUKASÝN.

Sími miðasölu 568 8000  
www.borgarleikhus.is

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**  
í dag sun. 16/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus

**EDITH PIAF**  
í kvöld sun. 16/10 uppselt, sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 aukasýning - örfá sæti laus

**HALLDÓR Í HOLLYWOOD**  
3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

**LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**LJÓSIÐ Í MYRKRINU – DAGSKRÁ UM JON FOSSE**  
í dag sun. 16/10 kl. 15:00, mán. 17/10 kl. 20:00

**KODDAMAÐURINN**  
í kvöld sun. 16/10 uppselt, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10 nokkur sæti laus, mið. 26/10 uppselt, sun. 30/10. Síðustu sýningar.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**FRELSTI**  
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.  
Frumssýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11 nokkur sæti laus, lau. 5/11.

**LEIKHÚSKJALLARINN**  
í kvöld sun. 16/10 kl. 21:00 – Sunnudagsdjass – Útgáfutónleikar Tómasar R. Einarssonar og félaga  
Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



Þann 11. nóvember árið 1977 ákvað Veronika eftir langa mæðu loksins að svipta sig lífi. Hún lagði vandlega til í herberginu sem hún leigði í nunnuklaustrinu, skrúfaði fyrir ofninn, burstaði tennurnar og fór í rúmið.

- Svona byrjar rithöfundurinn Paulo Coelho bók sína Veronika ákveður að deyja.

## bækur

bækur@frettabladid.is

## Japanskur eðalhrollur

Japanska spennusagan **Næturvaktin** kom út hjá **Bjarti** fyrir helgi. Bókin er mikill hvalreki fyrir þá sem kunna að meta magnaða spennu en Japanir hafa löngum kunnað að vekja hroll hjá fólki. Þessi hæfileiki þeirra hefur ekki síst komið fram í hryllings- og spennumyndum á undanförunum árum en það er ekki oft sem Íslendingum gefst kostur á að lesa japanska trylla. **Næturvaktin** seldist í milljónaupplagi í Japan þegar hún kom þar út. Bókin var verðlaunuð í bak og fyrir í Japan og hefur höfundurinn **Kirino Natsuo** hlotið nafnbótina glæpasagna-drottningin meðal landa sinna. Bandaríkjamenn tilnefndu bókina til sinna glæpasagnaverðlauna, Edgar-verðlaunanna og er það afar fátítt að þýdd bók komi til álita hjá verðlaunanevndinni. Bókin hefur verið kvikmynduð þannig að þeir sem kynna sér söguna mega eiga von á að sjá hana lifna við

í bíó. **Næturvaktin** segir frá ungri konu sem býr í úthverfi Tokýó. Hún slystast til þess að drepa eiginmann sinn í bræðskasti og til að losna við líkið leitar hún aðstöðar hjá þremur konum sem starfa með henni á næturvöktum í skyndiréttaverksmiðju. Framundan er ófyrirsjáanleg atburðarás þar sem konurnar fjórar leita allra leiða til að hylja glæpinn. **Kirino Natsuo** skyggist ekki aðeins inn í grimm-úðlegan glæpaheim Tókíóborgar heldur dregur hún upp áhrifaríka mynd af hinu þverstæðukennða japanska samfélagi og þeim öflum sem knýja það áfram.




### > Bók vikunnar

**MYNDIN AF PABBA** - Saga Thelmu eftir Gerði Kristnýju

Þessi átakanlega bók hefur vakið mikla athygli og hörð viðbrögð en hún kom út í byrjun síðustu viku. Hér segir Gerður Kristný sögu Thelmu og fjögurra systra hennar. Þær ólust upp í Hafnarfirði og urðu þar fyrir grimmilegu kynferðislegu ofbeldi af hálfu föður þeirra. Hann misnotaði þær auk þess sem hann seldi þær kunningjum sínum fyrir áfengi og lyf. Thelma lærði snemma að þegja um þessa reynslu sína og rauf ekki þögnina fyrir en hún komst í kynni við Stígarmót á fullorðinsárum.



### METSÖLULISTINN



ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

- 1 SUDOKU - BÓK 1**  
GIDEON GREENSPAN
- 2 HVER TÓK OSTINN MINN?**  
DR. SPENCER JOHNSON
- 3 MYNDIN AF PABBA** - Saga Thelmu  
GERÐUR KRISTNÝ
- 4 SU DOKU -**  
WAYNE GOULD
- 5 FORÐIST OKKUR**  
HUGLEIKUR DAGSSON
- 6 MÓÐIR Í HJÁVERKUM - KILJA**  
ALLISON PEARSON
- 7 LOPI - BÓK 25**  
ISTEX
- 8 MATREIÐSLUBÓK NÖNNU**  
NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
- 9 ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ BORDAR**  
DR. GILLIAN MCKEITH
- 10 FRIDLAND**  
LIZA MARKLUND

SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

- 1 DA VINCI LYKILLINN myndskreytt**  
DAN BROWN
- 2 SVIK**  
KARIN ALVTEGEN
- 3 DYR AÐ DRAUMI**  
ÞORSTEINN FRÁ HAMRI
- 4 STEINTRÉ**  
GYRÐIR ELIASSON
- 5 STJÖRNUBJARTAR NÆTUR**  
MAEVE BINCHY
- 6 VONDUR FÉLAGSSKAPUR**  
PATRICIA CORNWELL
- 7 ÓVANALEG GRIMMD**  
JACK HIGGINS
- 8 SÁLMABÓK**  
YMSIR HÖFUNDAR
- 9 MUNKURINN SEM SELDI....**  
ROBIN SHARMA
- 10 Í NAFNI KÆRLEIKANS**  
JAMES MEEK

LISTINN ER GERÐUR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 05.10.05 - 11.10.05 Í BÓKABÚÐUM MÁLS OG MENNINGAR OG PENNANUM - EYMUNDSSON

## Sporðaköst í hyldjúpu bókmenntaverki

Skáldsagan Moby Dick eftir Herman Melville hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem eitt af lykilverkum heimsbókmenntanna. Þessi hnausþykki doðrantur er kominn út í endurskoðaðri íslenskri þýðingu.

Moby Dick er djúpt og margslungið bókmenntaverk sem hefur heillað leika sem lærða áratugum saman og er alla jafna talið til eins hornsteina heimsbókmenntanna.

Bókin var þó tekið frekar fálega þegar hún kom fyrst út árið 1851 og varð síður en svo til að auka hróður höfundarins Hermans Melville sem lést, flestum gleymdur, árið 1891. Það var ekki fyrir en upp úr 1920 sem fólk fór að gefa Moby Dick gaum og lesendur áttuðu sig á snilld Melvilles sem lýsir hráu lífi hvalfangara með miklum tilþrifum um leið og æsandi eltingarleikur Akabs skipstjóra við hvíta risahvalinn Moby Dick verður tilbrigði við hið sigilda stef um baráttu mannsandans við sjálfan sig og æðri máttarvöld.

### Óstýtt útgáfa

„Þessi bók er eitt af stórvirkjum heimsbókmenntanna,“ segir Guðmundur Þorsteinsson sem ritstýrði endurútgáfunni. „Bókin kom út hjá Almenna bókafélaginu árið 1970 í snjallri þýðingu Júlíusar Havsteen og við ætluðum upphaflega bara að endurútgæfa hana. Við áttuðum okkur svo á því að það hafði verið nokkuð um úrfellingar í þeirri útgáfu. Við vildum endilega bæta því sem vantaði inn í svo bókin kæmi út óstýtt og fengum Ísak Harðarson skáld til þess að þýða það sem upp á vantaði. Þessar úrfellingar eru hist og her um bókina en Ísak þýðir þetta svo listilega vel að lesendur munu örugglega ekki átta sig á hvar þýðingu Júlíusar sleppir og Ísak tekur við.“

### Þýdd í frístundum

Júlíus Havsteen var sýslumaður á Húsavík og hann þýddi Moby Dick í frístundum sínum. Hann lést árið 1960 og Guðmundur segist ekki vita hvort honum hafi ekki enst aldur til að ljúka verkinu almennilega eða hvort styttingarnar hafi verið ákvörðun útgefandans. „Það tíðkaðist oft að útgefendur stytta verk og það fór þá einfaldlega eftir því hver um vélaði.



HERMAN MELVILLE Bókin var tekið heldur fálega í upphafi og fékk ekki þann heiður sem hún átti skilinn fyrir en löngu eftir dauða höfundarins.

Þetta var alþekkt fyrirbæri.“ Guðmundur segir að hann og Ísak hafi endurskoðað alla þýðinguna. „Þetta er frábærlega góð þýðing, eins langt og hún nær. Það vantaði ekki mikið miðað



MOBY DICK Nýja útgáfan er prýdd frægum myndskreytingum eftir myndlistarmanninn Rockwell Kent. Myndirnar eru um 300 og komu fyrst fyrir sjónir lesenda í þekktri bandarískri útgáfu skáldsögunnar frá 1930.

við hversu stór bókin er. Ætli við höfum ekki bætt við svo 30-40 síðum við þetta stóra verk.“

### Heimsmynd sem hverfist um hval

Moby Dick er skáldsaga sem er tvöföld í roðinu og það hefur líklega haft mikið um það að segja hversu sterkum tökum hún hefur náð á lesendum í gegnum árin. Melville segir frá æsispennandi viðureign hvalfangaranna við risahval sem er nánast náttúruafl en um leið slær hann á strengi sem eru ofnir saman úr tilfinningum og sammanlegri reynslu sem á við á öllum tímum.

„Þetta er það verk sem hefur komið mér mest á óvart af öllu því sem ég hef lesið. Þetta er meiriháttar verk og það er ekki síst uppbyggingin og sögumaðurinn Ísmael sem gera þetta svo skemmtilegt. Ísmael sem er greinilega Melville sjálfur segir frá eltingarleikum við Moby Dick um leið og hann tjáir sig með útúrðrum um allt milli himins

og jarðar. Eftirförin gefur þessu auðvitað gildi en um leið viðrar hann nánast alla heimsmynd sína.“

### Mannlegur harmleikur

„Melville var sjómaður og hafði farið á allar þessar slóðir sem hann lýsir í bókinni,“ segir Guðmundur. „Hvalveiðar voru gríðarlegur atvinnuvegur á þessum tíma og mikill fjöldi hafði atvinnu af þessu í Banaríkjunum þó veitt væri með járnskutlum við fremur frumstæðar aðstæður.“

Þó Ísmael sé málþípa Melvilles er skipstjórinn Akab óumdeild aðalpersóna bókarinnar og þráhyggja hans gagnvart hvíta hvalnum sem hafði áður bitið af honum fótinn keyrir verkið áfram af miklum ofsa. „Akab er hátragísk persóna og sagan veitir lesandanum innsýn í þráhyggjukennan hugarheim hins vitfirtra ógæfumanns. Hann er rosalega eftirminnilegur.“

thorarinn@frettabladid.is

## Þessi mælir gefur sig aldrei

„Ocala dýptarmælirinn fyrir skurðgröfur úreldest ekki. Eg hef nú notað sama mælirinn í 13 ár, skipt þrisvar um grófur, þær verða ónýtar langt á undan mælirnum. Eg hef sparað ótalda peninga í launakostnaði og vinnan er alltaf nákvæmlega rétt. Eg er með svona mælir í öllum grófunum mínum og get hikaust mælt með honum.“ Nýjasti mælirinn hefur margar nýjungar, m.a. sjálfvirka endurstillingu á viðmiðunarhæð. Leitið frekan upplýsinga hjá okkur eða skoðið vefsíðuna

www.ocalainstruments.com

Ísmar, s 510 5100  
Við mælum með því besta



Garðar Þorbjörnsson (Gassi) Úrú og Grjót ehf

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



# Hver er Stella Blómkvist?

Einhver undarlegasti rithöfundur þjóðarinnar er án nokkurs vafa Stella Blómkvist. Í næstu viku kemur út fimmta bókin um þennan glæsilega og snjalla lögræðing en að þessu sinni finnst lík í Drekingarhyl sem reynist vera af stúlku af kúrdískum uppruna. Sérkenni Stellu er að enginn veit hver höfundur bókana er. Margar kenningar hafa verið á lofti og er ein þeirra sú að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, sé maðurinn á bak við Stellu. Kristján Bjarki Jónasson, þróunarstjóri Eddu, segist ekki geta látið neitt uppi. Aðeins örfáir innan fyrirtækisins byggju yfir þessari vitneskju. „Við fáum handritið sent í gegnum

tölvupóst og sendum síðan próf-örkina með sendli út í bæ. Þangað er hún síðan sótt,“ segir hann og bendir enn fremur á að nöfn Stefáns Jóns Hafstein og Yrsu Sigurðardóttur hafi einnig verið nefnd. Kristján kvað það vera af og frá að um innanbúðarbrandara væri að ræða. Stella Blómkvist hefur notið mikilla vinsælda í Þýskalandi og hafa dómur um bókina birst í virtum tímaritum á borð við Spiegel. „Við erum þegar búin að semja um útgáfu nýjustu bókarrinnar þar í landi,“ segir Kristján. Hvort Stella væri þá ekki bara Arnaldur Indriðason, sem hefur heill- að þýsku þjóðina upp úr

skónum, hló Kristján og sagðist ekki hafa heyrt þá kenningu áður. „Nafn Stellu hefur ekki lekið út og er þar af leiðandi eitt best geymda leyndarmál íslenskrar bókmenntasögu.“



KRISTJÁN BJARKI segir margar samsæriskenningar í gangi um hver sé Stella Blómkvist.

# Pólitískur Ástríkur

Nýjasta bókin um Ástrík gallvaska er komin út en henni hefur verið dreift í átta milljónum eintaka í 27 löndum. Þetta er fyrsta bókin um Ástrík í fjögur ár og sú þrítugasta og þriðja í röðinni en teiknarinn Albert Uderzo hefur haldið merkjum Ástríks einn á lofti eftir að félagi hans og meðhöfundur, Rene Goscinny, féll frá. Ástríkur er aldrei þessu vant á pólitísku nútunum og gerir góðlátlegt grín að George Bush og Bandaríkjamönnum. Að þessu sinni heimsækja geimverur frá plánetunni Tadsylwine (stafaugl úr nafni Walt Disney) Gaulverjabæ í leit að kjarnadrykk en fyrir geimverunum fer Hubs (Bush).

„Ég kom mér svolítið á óvat með þessu,“ segir Uderzo. „Við Goscinny fórum aldrei með Ástrík út í pólitík en ég hafði gaman af því að gera góðlátlegt grín að því sem Bandaríkjamenn hafa verið að ganga í gegnum.“

ÁSTRÍKUR OG STEINRÍKUR Gera nú góðlátlegt grín að sjálfum George Bush, forseta Bandaríkjanna.



## NÝJAR BÆKUR

Skuggi vindans eftir spænska metsöluhöfundinn **Carlos Ruiz Zafón** er komin út hjá Máli og menningu. Skuggi vindans er bók um bók, saga um horfna tíma, gleymdar persónur, spennusaga um fólk á flóttu, um ofsóknir, vináttu og svik, um ást, hatur og þá drauma sem búa í skugga vindans. **Tómas R. Einarsson** þýddi.

Bókin um Marilyn Monroe er komin út hjá Almenna bókafélaginu. Höfundurinn **Mike Evans** bregður upp ferski sýn á ævi bandarísku goðsagnarinnar **Marilyn Monroe** með myndum og liprum texta. Mike Evans hóf feril sinn sem popptónlistarmaður á sjöunda áratugnum en hefur stundað skrif um alþýðumeningu frá því um 1970.

Bókin um Che er einnig komin út hjá Almenna bókafélaginu. Bókin, sem er prýdd fjölda ljósmynda, gæðir hugsjónir og hugmyndir **Che Guevara** nýju lífi og skoðar manninn á bak við goðsögnina.

Bókin **Vín** - þrúgur gleðinner er komin út hjá Vöku Helgafelli. Hér eru kynnt á aðgengilegan hátt öll helstu grundvallaratriði vinnmenningarinnar. Auk þess að greina frá því hvernig vín verður til, hvernig beri að geyma og bera það fram, býður höfundurinn lesendum í vínsmökkunarferð heimshorna á milli þar sem borin eru saman vín frá ólíkum vínraektarsvæðum. Bókin er prýdd fjölda glæsilegra litmynda sem styðja við efnið. Vín - svo einfalt er það gerir góðar stundir enn betri. **Erna Árnadóttir** íslenskaði.

**Próstur**

ÁSTARFLEYIÐ

ÆVINTYRIÐ HEFST 20. OKTÓBER

FRUMSÝND 21. OKTÓBER

Gamanmynd úr íslenskum raunveruleika

REGNBÖGINN

SMÁRA BÍÓ

Borgarbíó

“Fótt frá gamanmynd”

LESLIE FELPERIN, VARIETY

# Africa United

Þeir eru hér til að spila fótbolta, ekki til að gera mistök

POPPOLI PICTURES ICELAND í samvinnu við ZIK ZAK FILMWORKS kynna kvikmynd eftir ÓLAF JÓHANNESSEN "AFRICA UNITED"

ZAKARIA ANBARI • ZLATKO KRICKOIC • ST PAUL EDEH • ALEX LOPEZ MUNOZ • EINAR XAVIER SVEINSSON upptökstjóri RAGNAR SANTOS framleiðstjóri

BENEDIKT JÓHANNESSEN meðframleiðendur SKÚLI MALMQUIST ÞÓRIR SNAER SIGURJÓNSSON tónlist BARDI JÓHANNESSEN önnur tónlist JAGÚAR ljóðsönging JÓN SKUGGI MIX

klipping BENEDIKT JÓHANNESSEN ÓLAFUR JÓHANNESSEN útlitshönnun ÓMAR ÖRN HAUSSON kvikmyndun RAGNAR SANTOS BENEDIKT JÓHANNESSEN KRISTJÁN ÓTTÓ HREIBARSSON

stýkt af KVÍKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS - NORDISK FILM & TV FUND - YLE - RÚV - DR - ETV - UEFA

framleiðendur RAGNAR SANTOS ÓLAFUR JÓHANNESSEN BENEDIKT JÓHANNESSEN leikstjóri ÓLAFUR JÓHANNESSEN

# Hermdu eftir hárinu



Það vilja ekki allir líta út eins og Brad Pitt eða George Clooney. Stundum vilja menn skera sig úr öllum hinum sauðunum. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvernig sauðsvartur almúginn getur hermt eftir stíl þriggja hárfagurra manna og fékk Jón Atla hjá Geli til ráðgjafar og álit.



**JÓN ATLI HJÁ GEL**  
Ráðleggur lesendum hvernig þeir geta hermt eftir hárgreiðslu þriggja háfrúðra manna.

**EGILL HELGASON, STJÓRNANDI SILFURS**  
Egill Helgason, stjórnanndi Silfurs, segir að krullurnar sem Egill skartar hafa skapað honum jafnmikla frægð og sjónvarpsþátturinn sem hann stýrir. Það er ekki á hvers manns færi að herma eftir þessu hári. „Það þýðir ekkert að fara í permanent,“ útskýrir Jón Atli og segir að þetta sé eingöngu á færi þeirra sem eru með sjálfið há. „Það er best að setja djúpnaeringu frá Dynamite í hárið og þurrka það með dreifara. Það á síðan ekkert að setja í það heldur leyfa því að vera náttúrulegt.“



**ÁSGEIR FRÍÐGEIRSSON, FJÖLMÍÐLA- OG STJÓRN MÁLAMADUR**

Fáir þykja hafa jafn mikinn sjarma og Ásgeir. Þykki maður hans hefur vakið aðdáun hárgreiðslumanna og Jón Atli segir það ekki erfitt að herma eftir honum. „Þetta er svona „lay-back“. Setja smá vax frá Futke í handklæðisþurtt hárið eða þegar það er alveg að þorna.“

**ARI ALEXANDER ERGIS, KVIKMYNDAGERÐARMADUR**

Ari hefur löngum þótt mikill kvennaljómi, sem er ekki síst þykku svörtu hári hans að þakka. Ari hefur náð langt með heimildarkvikmynd sína Gargandi snilld og er á leiðinni til Bandaríkjanna að fylgja þeirri velgengni eftir. „Það þarf að blása hárið vel með hálfkúptum hárbursta og greiða það upp á móti hársverðinum. Ég mæli með Abundance-geli ef menn ætla að fara í þennan stíl.“

Gerðu kröfur!  -bragðgöð skemmtun

## Bíóveisla

Íslandsbanki kynnir **Bíóveislu á Ruby Tuesday**  
Verlaðu máltíð af bíómatsedli Ruby Tuesday milli 14 og 18 alla daga og þú færð bíómiða í kaupbæti. Tilboðið gildir eingöngu fyrir félagi í Námsvild Íslandsbanka.

RACHEL McADAMS CILLIAN MURPHY  
**RED EYE**  
FEAR TAKES FLIGHT

VIGGO MORTENSEN MARIA BELLO ED HARRIS WILLIAM HURT  
SÉRHVER MADUR HEFUR EITTHVAD AD FELA.

HÖRKU SPENNUTRYLLIR FRÁ WES CRAVEN LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDANNA

**NÁMSVILD**  
ÍSLANDBANKI | 100%

**A HISTORY OF VIOLENCE**  
Tom Stall lifði fullkomnu lífi... þar til að hann varð að hetju.

HÖFÐABAKKA 9 • 517 3990 & SKIPHOLTÍ 19 • 552 2211

## Madonna er harðstjóri

Söng- og leikkonan Madonna hefur upplýst að hún sé hörð í horn að taka þegar kemur að uppeldi Lourdes dóttur sinnar og sonarins Rocco. Madonna, sem er gift leikstjóranum Guy Ritchie, segir að börnin fái ekki að horfa á sjónvarp og fötin séu gerð upptæk ef þau liggja eins og hráviði út um allt.

Þetta kemur fram í tímaritinu Harpers & Queen. „Ég er harðhausinn, Guy er sá sem spillir þeim. Þegar hann kemur heim fá þau súkkulaði. Ég er meira að hugsa um tennurnar á þeim,“ viðurkennir Madonna, sem hefur verið þekkt fyrir að vera ekki barnanna best sjálf. Þá segir hún að börnin sjái hana sem vondu lögguna en Guy sé sú góða.

Í viðtalinu lýsir Madonna því yfir að sjónvarp sé rusl og að börnin hennar fái aðeins að horfa á kvikmyndir. Hvort hugtakið „rusl“ nái líka yfir myndirnar sem þau hjónakorn gerðu saman skal ósagt látið. Þá viðurkennir söngkonan að henni hafi ekki líkað neitt sérstaklega vel við London í fyrstu. „Svo kynntist ég manningnum mínum og gerði mér grein fyrir því að ef ég flyttist ekki þangað myndum við ekki hittast mikið.“



**EKKERT SJÓNVARP VINA!** Madonna lýsir því yfir í viðtali við Harpers & Queen að hún vilji hafa aga á börnunum sínum og að ekkert sjónvarp sé leyft.



# Ambient-áhrifin kvödd

Hljómsveitin Worm is Green frá Akranesi gefur út sína aðra plötu, sem ber heitið Push Play.

Sveitin gerði nýverið útgáfusamning við Senu en í Bandaríkjunum hafði hún þegar gert samning við útgáfufyrirtækið Arena Rock Recordings. Kemur platan út þar í landi á næsta ári.

Worm is Green fór í tónleikaferð um Bandaríkin fyrr á árinu við góðar undirtektir. Þar kynntist sveitin Brede Rörstad, sem syngur á nýju plötunni í laginu The Pop Catastrophe. Næsta vor er síðan fyrirhuguð önnur tónleikaferð um Bandaríkin.

Árni Teitur Ásgeirsson, forsprakki Worm is Green, er hæst-

ánægður með nýju plötuna. „Við erum að syngja mun meira á þessari plötu en þeirri síðustu og það hefur í raun orðið stór breyting frá þeirri plötu, því við erum að kveðja ambient-áhrifin,“ segir Árni Teitur.

Ýmislegt fleira er fram undan hjá Worm is Green. Remix-plata með útgáfum íslenskra raftónlistarmanna af lögum nýju plötunnar er væntanleg á næsta ári. Laugardaginn 22. október spilar sveitin síðan á Iceland Airwaves í fjórða sinn. Árni á góðar minningar frá síðustu tónleikum Worm is Green á Airwaves fyrir tveimur árum, því þá landaði sveitin útgáfusamningnum við Arena Rock Recordings.



WORM IS GREEN Hljómsveitin Worm is Green spilar á Iceland Airwaves um næstu helgi.



GILLES ELKAÍM Hefur af mörgum verið talinn síðasti ævintýramaður 21. aldarinnar en hann leggur upp í langa leiðangra og sýnir kvikmynd frá einum sem tók þrjú ár.

## Ævintýra-fyrirlestur

Franski landkönnuðurinn Gilles Elkáim verður með fyrirlestur í Öskju á mánudaginn klukkan 17 en hann kemur hingað í boði Alliance française og franska sendiráðsins á Íslandi.

Elkáim er eðlisfræðingur og þekktur fyrir könnunarleiðangra sína. Árið 2000 lagði hann einn í 3 ára ferð frá Norðurhöfða í Norgegi til Beringssunds (12.000 km.) á hundasleða og kajak. Elkáim mun sýna kvikmynd sem hann tók á þessu ferðalagi og kynna hana. Eftir sýninguna mun Elkáim spjalla við áheyrendur um þessa reynslu sína og hlutverk landkönnuðarins á tímum gervihnatta. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Charlotte Church sagði nýlega frá því að hún hefði lent í einelti þegar hún var lítil. Ástæðan var sú að hún var úr verkamannafjölskyldu. Söngkonan þurfti því að þola harða meðferð þangað til hún gerðist söngkona og öðlaðist frægð. „Áður en ég varð fræg unnu foreldrar mínir mjög mikið til þess að þau gætu sent mig í góðan skóla. Flestir bekkjarfélagar mínir voru ríkar en ég og þau voru alltaf að minna mig á það,“ sagði söngkonan, sem starfar nú að herferð gegn einelti.



J O D I E F O S T E R

FLIGHTPLAN

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AÐ ENDURHEIMTA ÞAÐ SEM ÞÉR ER KÆRAST?

Spennu beltin og undirbúðu þig undir háspennumynd ársins með Óskarsverðlaunahafanum Jodie Foster!

TOUCHSTONE PICTURES AND MASCOT ENTERTAINMENT PRESENT AN IRVING COOPER PRODUCTION JODIE FOSTER "FLIGHTPLAN" PETER SARSGAARD EMMA CHRISTENSEN AND STAN BEAN  
 COSTUME DESIGNER JAMES WILSON HAIR STYLING SARA LYNCH MAKEUP STYLING TINA HANSEN EXECUTIVE PRODUCERS JONAS PERMAN BALLEGAARD PRODUCED BY JONAS PERMAN AND JONAS PERMAN  
 WRITTEN BY JONAS PERMAN AND JONAS PERMAN DIRECTED BY JONAS PERMAN  
 CASTING BY JONAS PERMAN  
 MUSIC BY JONAS PERMAN  
 EDITOR JONAS PERMAN  
 EXECUTIVE PRODUCERS JONAS PERMAN AND JONAS PERMAN  
 PRODUCED BY JONAS PERMAN AND JONAS PERMAN  
 DISTRIBUTED BY TOUCHSTONE PICTURES  
 www.flightplan.com

**KOMIN Í BÍÓ!**  
 REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AHREYRI

**HUGSABU STÓRT SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita  
Fór beint á toppinn í USA

Sá besti í bransanum er mættur aftur!

FM 95.7 Audi

**TRANSPORTER 2**

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10  
Sýnd í Lúxus kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

**STEALTH**

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.40 B.i. 14 ára

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

**BEWITCHED**

Sýnd kl. 2 og 3.40 Miðaverð 450 kr.

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

**RED EYE**

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 2 og 4 í **PRÍVIDD**

Sýnd kl. 2 og 4 í **ISLENSKT TAL**

Dolby Digital SDDS IMAX BÍÓ.IS - allt á einum stað

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

Sýnd kl. 3, 5.50, 8 og 10.10 B.i. 16 ára

**3 BÍÓ Á ADEINS 400 KR.**

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

**BEWITCHED**

Sýnd kl. 3 og 8

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

